

# LAUSN GÁTUNNAR

Þorsteinn Jónsson  
á Úlfssstöðum

*PORSTEINN JÓNSSON  
Á ÚLFSSTÖÐUM*

# *LAUSN GÁTUNNAR*



**HÖRPUÚTGÁFAN**

HÖRPUÚTGÁFAN — 1984

Þorsteinn Þorsteinsson

sá um útgáfu

Þorsteinn S. Víkingur

gerði kápumynd

Setning, prentun, bókband:

Prentverk Akraness hf.

*Pjóðin verður að þora að vera  
ekki alveg sannfærð um, að það  
sé vitfírring, þegar sagt er, að hér  
á landi hafi fundin verið merki-  
legri sannindi en nokkur, sem  
kunn voru áður; að íslenzk heim-  
speki muni fá meiri þýðingu en  
nokkur önnur, sem fram hefir  
komið á jörðu hér.*

*Helgi Pjeturss  
(Nýall, bls. 233)*

# *Efnisyfirlit*

<i>Um höfundinn</i>	9
<i>Lausn gátunnar</i>	13
<i>Stuðningur við íslenzka hugsun</i>	17
<i>Hringstreymi og hækkun</i>	22
<i>Áhrif ástæðis</i>	23
<i>Enn um ástæðistengsl</i>	28
<i>Gildi hins marga</i>	30
<i>Skilningur á þróun lífsins</i>	36
<i>Hið dauðlega og hið ódauðlega líf</i>	37
<i>Úr ýmsum áttum</i>	41
<i>Tvennskonar skilningsviðleitni</i>	44
<i>Hvernig talast líkamsfrumurnar við</i>	45
<i>Í ljósi frá Íslandi</i>	47
<i>Frændrækni við Æsi</i>	48
<i>Í framstreymi illra örlaga</i>	49
<i>Í skugga menntavalds fyr og nú</i>	52
<i>Helgun Ólafs konungs digra</i>	54
<i>Námsefni í friðarskóla</i>	56
<i>Eitthvað verður maður að hugsa sér</i>	57
<i>Tvær spár</i>	59
<i>Eins og blátt auga</i>	60
<i>Landmótun jarðsnúningsins</i>	61
<i>Pað er aðeins hamingjan sem göfgar</i>	62
<i>Kjarnhugsun</i>	63
<i>Stuttar frásögur</i>	64
<i>Athyglisvert dæmi</i>	68
<i>Tveir frásöguþættir</i>	70
<i>Sagan af Bölkotsmöngu</i>	72
<i>Rætt við two látna kennimenn</i>	74
<i>Tilyísan studd upprifjan skynminningar</i>	76

Ég endurtek	78
Tveir draumar	79
Framkoma „andaljósmynda“	82
Raunverulegir svipir	84
Ljós, neisi og bros í dauða	92
Burður meðal guða	95
Af annarra frásögn og eigin reynd	97
Dæmi lífsambanda og lífmagnsfyrirbæra	100
Fróðleg bók varðandi árur og skyggni	105
Í helnánd	109
Var fyrsti geimfarinn hér kona?	112
Óheillaþrunin samtímun	117
Er von til að úr rætist?	119
Skilningur á hlutskyggni og staðbundnum reimleikum	121
Íslenzk málvenja og rétt hugsun	124
Vaki stórvæðis – eftirtektarvert dæmi	126
Stuðlar og rím	128
Gunnar og Kolskeggur	129
„Yfir Hraundranga“	131
Framhald – ekki fráhvarf	132
Hvað gerast þarf	135
Sigurvænleiki hikleyisisins	136
Óyggjandi sambandssönnun	139
Pættir úr Noregsför	140
Eftirmáli bókarinnar	155

## *Um höfundinn*

Maðurinn er ekkert nema endurminningin. — P.J.

Porsteinn Jónsson fæddist á Úlfsstöðum 5. apríl 1896. Foreldrar hans voru hjónin Jón Þorsteinsson og Guðrún Hallfríður Jónsdóttir. Jón var greindur maður og hafði meiri skilning á högum lítilmagna en flestir aðrir og kom það fram í því hve mikið hann lagði á sig til að léttá þjánigar þeirra. Ég hitti systur hans roskna þegar ég var ungur og þá vakti það athygli mína að hún var ætið að leita að djúpum rökum í tilverunni. Móðir Þorsteins lést 1904. Ég hef lítið heyrta um þá konu en marga af skyldfólk hennar þekki ég, og best þó systur hennar Guðrún á Húsafelli. Sennilega hafa þær verið líkar, þetta fólk hefur sterkt ættareinkenni og ég man ekki betur en Guðrún á Húsafelli hafi sagt að þær systur hafi verið samrýndar. Guðrún á Húsafelli var ljóðelsk og listunnandi mannvinur. Hvorki hún né margir af frændum hennar hafa verið talin fyrir nurl gefin, önnur verðmæti en veraldlegur auður hafa þeim verið ofar í huga þó að vilji til vinnu hafi verið mikill.

Porsteinn var snemma hneigður til að finna samhengi og samstillingu í ríki náttúrunnar. Ungur rak hann niður prik til að kanna hvort skuggi sólarinnar færi nákvæmlega hálfhring á hálfum sólarhring og fann að það var ekki. Hann lærði að meta ljóð og fór sjálfur að yrkja með góðum árangri. Pegar hann var að alast upp voru góð skáld meðal jafnaldra hans í ungmennafélaginu og þar hvatti hver annan og þau birtu ljóð sín í blaði ungmennafélagsins handskrifuðu. Guðmundur Böðvarsson varð síðar þjóðkunnur og viðurkenndur sem eitt af bestu skáldum þjóðarinnar, Sigurður Snorrason og Bergþór Jónsson voru hlédrægari og Ragnheiður Magnúsdóttir orti aldrei undir nafni. Porsteinn notaði skáldgáfu sína fyrst og fremst til að túlka

heimspeki sína og fannst hann aldrei fljúga eins hátt og hann vildi. Þegar hann óx varð hann rammur að afli og víkingur til vinnu en mat þó stritið lítils miðað við þá hrifningu sem hann fann við að hugsa um rök tilverunnar og föndra við listir.

Á öðrum áratug aldarinnar fór Helgi Pjeturss að birta ritgerðir um heimfræði og Nýall kom út um 1920. Þorsteinn segir sjálfur þannig frá í bókinni Samtöl um íslenska heimspeki: „Er ég las Nýal forðum þá fannst mér líkt og ég sæi birta í fyrsta sinn. En nú finnst mér líkt og komið sé nokkuð fram á dag, og er mér margt ljósara orðið en mér var í fyrstu. Sannfæring míni hefur því einungis styrkst“. Þetta skrifar hann 1940. Heimsfræði Helga hefur verið helsta viðfangsefni Þorsteins síðan 1920 og enn í dag 1983 er hann af sama áhuganum að reyna að skilja lögmál tilverunnar og sér þau í því ljósi sem snillingurinn Helgi Pjeturss brá á loft um 1920.

Þorsteinn hefur skrifað fjölda greina í blöð og tímarit og birt eftir sig ljóð á þeim vettvangi. Fjórar bækur hafa komið út eftir hann áður. Samtöl um íslenska heimspeki, 1940 Tunglsgeislar 1953, Til þín, rímaðar og órímaðar hugleiðingar 1956 og Draumar og svefn 1975.

Heimspeki sinni lýsir Þorsteinn af hógværð. Einkunnarorðin fyrir Tunglsgeislum eru á þessa leið: „Af eigin rammleik ljómar tunglið ekki, en þó endurskín það jörðinni geislum, sem hún annars hefði farið á mis“. Þorsteinn hefur heldur ekki orðið frægur fyrir ritverk sín þó að í þeim finnist þeir geislar sem eiga eftir að lýsa og verma í kringum sig lengi.

Hér skal aðeins minnst á einn þátt úr heimspeki Þorsteins sem sýnir á hvaða grunni hann reisir. „Maðurinn er ekkert nema endurminningin“, segir hann. Eflaust tekur þá einhver eftir því hvernig í innangangi þessarar greinar eru færð rök að því, að forfeður hans hafi fært honum skáldgáfu og hæfileika til að hugsa heimspeki í arf. „Slíkar erfðir eru ættminni kynslóðanna“ segir Þorsteinn. Hann hefur ekki lært erfðafræði nútímans þar sem er lýst hvernig stórsameindir í frumunum geyma nákvæma „endurminningu“ um það hvernig að byggja lífveruna upp.

Ljóð Þorsteins eru sem áður segir fyrst og fremst túlkun á hugsun-

um og heimspeki. Dæmi um slíkt er ljóð sem heitir Gleipnir og er það svona:

Ósigrandi öfl má buga,  
ómótstaða í þagnardjúpi.  
Arnarvængir ekki duga  
utar jarðar gufuhjúpi.  
Allur þar sem andblær þrotnar  
ekki er framar skipaleiði.  
Hljómur sá er hvergi brotnar  
hverfur sér í tömi og eyði.

Pví sem ekki er veitt móttstaða sigrar ekkert er boðskapur þessa litla ljóðs.

Pá vil ég með fáeinum orðum minnast á það gildi sem Þorsteinn hefur haft fyrir menningu héraðs síns með persónuleika sínum og starfi og nefna dæmi um það.

Árið 1938 birtist grein um skáld í Borgarfirði. Í þessari grein var sagt um Þorstein: „Það er ýmissa manna mál, að Þorsteinn sé einna djúpsæjastur hinna yngri borgfirsku skálða“. Ég hygg að höfundur þessarar greinar hafi ekki rýnt mikið í heimspeki Þorsteins og skilið hana lítið. En þessi ummæli sýna glöggt hver áhrif Þorsteinn hafði. Hann nýtur virðingar samferðamannanna og þeir líta upp til hans. Þeir finna að hann býr yfir einhverju góðu og er til fyrirmynadar þó að þeir viti ekki uppá hár hvers vegna. Ungir menn sem kynntust honum náðu sér í rit um heimspeki og fóru að hugsa líka, sem þeir hefðu ef til vill ekki gert annars. Fólkid efaðist um kennningar Helga Pjeturss en enginn efaðist um ágæti Þorsteins. Margir fóru að lesa Nýal og urðu hrifnir líka. Það jók á stemninguna að Þorsteinn Jósepsson, greindur og glæsilegur fullhugi gerðist félagi Þorsteins á Úlfsstöðum og þeir breyttu öllu í kringum sig í hátið hvar sem þeir komu.

Á þennan hátt hefur Þorsteinn á Úlfsstöðum orðið samferðamönnum sínum ómetanlegur og án hans hefði menningin í héraðinu risið lægra. Hann kom mönnum til að læra og hugsa og á ég honum sjálfur mikið að þakka og ótaldar eru þær ánægjustundir sem ég hef lifað með Þorsteini á Úlfsstöðum.

Að endingu vil ég til gamans breyta aðeins einkunnarorðunum sem standa með Tunglsgeislum: Af eigin rammleik lýsir demanturinn ekki, þó endurskín hann geislum sem eru fegurri, en þeir sem á hann féllu.

*Porsteinn Porsteinsson  
frá Húsafelli.*

# *Lausn gátunnar*

## I

Pað var á einhverju minna æskusumra, að ég uppgötvaði nokkuð, sem mér þótti vera óhugsanlegt. En það var, að í langdeginu fari sólin daghelming göngu sinnar á talsvert skemmri tíma en næturhelminginn. Komst ég að þessu þannig, að ég af einhverri tilviljun veitti því athygli, þar sem ég stóð við orfið mitt einhvern morgun klukkan um átta, að skugginn minn fíll til hávesturs eða í miðaftansstað, en það fannst mér ósamkvæmt því, sem ætti að vera. Ákvað ég því að taka eftir, hvar sólin yrði tólf tímum seinna. Og mér til mikillar undrunar, en þó samkvæmt morgunathugun minni, var hún komin allmiklu lengra til norðurs en skugginn minn hafði bent til að verða mundi. Fyrst hélt ég, að úrið mitt hefði stanzað um daginn. En þegar ég komst að því, að svo hefði ekki verið, þá hélt ég mig hafa athugað þetta ekki rétt. Gætti ég því að þessu næsta dag og enn aðra daga. En niðurstaðan varð alltaf hin sama. Pað var ekki um að villast, að sólin fór raunverulega frá háaustrí til hávesturs á talsvert skemmri tíma en næturleið sína til háausturs aftur, og átti ég þó bágt með að trúua því. En svo varð það loks, að ljós rann upp fyrir mér varðandi þetta. Og þegar ég skildi, þá varð mér það allt sjálfsagt og eðlilegt.

Það væri naumast rangt að segja, að varðandi líf og dauða sé hinu ríkjandi skilningsástandi manna líkt farið og hjá mér, meðan ég hér ekki skildi. Að vísu mun hjá flestum hugsunarleysið mest vera ríkjandi varðandi það, hvort lifað muni vera áfram eftir dauðann eða ekki, og hvernig því lífi muni vera farið, ef nokkurt er. En þegar rætt er um það af fullri alvöru og einurð, þá rekast þar löngum á tvö sjónarmið, sem lítt virðast vera sættanleg. Er þar annarsvegar dul-

hyggjan, en hinsvegar hin vísindalega efnishyggja. Eru þá löngum af dulhyggjumönnum bornar fram frásögur af óhrekjanlegum staðreyndum til sönnunar því, að einstaklingurinn lifi þótt hann hafi dáið. En á hinn veginn koma svo fram mótbárur skyldar því, sem gerði mér svo erfitt að fallast á ólíkindin, sem ég þóttist hafa fundið varðandi sólfganginn. Er það hið náttúrufræðilega viðhorf, sem neitar því réttilega, að lifendurnir geti nokkru sinni verið án líkama og raunverulegra líffæra. Hlýtur hér að verða aðalsprungin um það, hvort líkamlegt framlíf hljóti endilega að vera óhugsanlegt, eins og dulhyggjumenn vilja trúa. En þeirri spurningu vil ég segja, að þegar hafi verið svarað.

## II

Pótt aldrei muni það hafa verið ríkjandi trú almennings, að lifað sé áfram á öðrum stjörnum, þá hefir sú hugsun komið fram hjá stöku manni, og má þar sérstaklega nefna Giordano Bruno. Og jafnvel áður en menn vissu neitt um, hvað stjörnurnar eru, má segja að þetta hafi komið fram. Pannig er í Snorra-Eddu talað um staði á himni, þar sem góðir menn og réttlátir lifi eftir dauða sinn hér. Og eins og menn ættu að muna, þá talaði Jesús frá Nazaret um slíkt. Hann sagði, að í húsi föður síns á himni væru margar vistarverur, en eins og menn nú vita, þá er á himni ekki um aðrar vistarverur að ræða en stjörnurnar. Hafa stjörnurnar það fram yfir allt annað, sem menn hafa hugsað sér sem framlífsstaði, að þær eru áreiðanlega veruleiki. Stjörnurnar eru örugglega til, en slíkt er ekki hægt að segja um eterinn eða hina fjórðu vídd, sem sumir horfa nú til sem síns fyrirheitna lands. Og ef svara skyldi spurningunni um það, hvort nokkru sinni hafi verið sýnt fram á möguleika til þess, að látinna maður geti komið fram á annarri jörð, þá er óhætt að segja, að það hafi verið gert. Hugsanlegur möguleiki til þess varð ljós um leið og lífgeislánin á milli stjarnanna var fundin, en það var af íslenzkum manni gert, þótt enn hafi ekki verið á það fallizt, nema af fáum. Má segja, að þá hafi lausn gátunnar verið fundin, lausn

gátunnar um, hvaðan lífið sé hingað komið, hvað það í rauninni sé og hvert lifendurnir hverfi þegar sögu þeirra lýkur hér. Má um þetta fræðast í Nýöllum Helga Pjeturss, og er bókin, sem ritgerð þessi er inngangur að, enn ein tilraun höfundar hennar til að vekja þar á athygli.

Geislun. — Í hverju er hún falin?

Undirstöðuatriði raunverulegs skilnings þar þykir mér vera í því falin að gera sér það ljóst, að geislan sé ævinlega viðleitni geislandans til þess að framleiða sjálfan sig, setja sinn snúð þar á, sem geislanin frá honum kemur niður. Þannig er í rauninni farið geislan sólarinnar, þó að á öðru stigi sé en geislan á milli lifenda. Það, sem fyrir geislan sólarinnar verður á yfirborði jarðar, er einungis eftirlíking þess, sem á sér stað á yfirborði sólarinnar, hreyfing og hiti. Og slíkt hið sama gerist einmitt, þegar deyjandi einstaklingur geislar sér yfir á aðra jörð og byggist þar upp á ný. Það sem flyzt eða geislar sér, er þetta, sem kalla mætti „sál“ hans, allt það, sem lífefnaskipan og lífsstarf hans var í falið, og verður þá að vísu að gera sér ljóst, að þar þurfi einnig að njóta að tilstillis hjálpenda. Er þetta allt í góðu samræmi við framkomu líkamninga eða svipa framliðinna manna, en að slíkt hafi átt sér stað, mun ekki með réttu verða hrakið. Samkvæmt staðhæfingu þeirra, sem rannsakað hafa, eru líkamningar í sinni örskömmu varan gerðir af holdi og blóði eins og lifandi menn, og er það góður stuðningur þessum íslenzka skilningi. Og hvað snertir eilífðargildi hvers hefir sá skilningur minn orðið mér undirstaða, að hver sé sem minning í vitund alveru, og hljóti því ævinlega að vera borinn upp til varðveislu og aukningar. Hinum skapandi mætti lífsins er ekkert fjær en tortímingin. Eðli hins guðlega er framar öllu það að elska og muna.

### III

Lausn þeirrar gátu, sem ég sagði hér frá í upphafi, var falin í því að skilja, að helmingaskipti hins hallandi sólbrautarhrings frá austri til vesturs standast ekki lóðrétt á við tilsvarandi helmingaskipti hins

láréttu sjóndeildarhrings, og gætir þessa sérstaklega í langdeginu. Lausnin var með öðrum orðum falin í því að skilja að dagsmörk beri ævinlega að miða þverbeint frá sólbraut, en ekki eins og venjulega er gert, lóðrétt frá sól til jarðar, og varð mér við að finna þessa lausn eins og af mér hefði verið létt óþægilegri byrði. Og sannarlega mætti það verða mönnum mikill lettir og fagnaðarefnir, ef þeim auðnaðist að tileinka sér þá lausn, sem uppgötvun lífsambandsins á milli stjarnanna er, og ætti í rauninni að mega treysta því, að sá skilningsauki varðandi heim og líf, sem með henni veitist, gæti ekki verið slíkur sem hann er, án þess að þar væri um raunverulega uppgötvun að ræða. Og treysta ættu menn því líka, að aukin þekking og skilningur leiði ævinlega til frelsunar og framfara. En hér er sérstaklega um að ræða aukna þekkingu í guðsríkisátt, staðfestingu þess fegursta og bezta, sem boðað hefir verið í trú, en þannig staðfest, að skilningur kemur í trúar stað.

Nú er mér að vísu ekki ókunnugt um það viðhorf sumra manna, að hér sé ekki einungis um óleysanleg viðfangsefni að ræða, heldur megi þau ekki leysast. Pannig er ekki langt síðan ég las einhversstaðar þau ummæli mikilsvirts rithöfundar, að það sé guðlast að vera að leita skilnings á því, sem guðlegt hefir verið kallað.

En hvers vegna skyldi slíkt vera óleysanlegt og ekki mega leysast?

Væri það í rauninni hugsanlegt, að guðirnir, þessir lengra komnu íbúar annarra hnatta og fyrirmyn dir manna, vilji forða jarðarbúum frá því að líkjast sér einnig í því að öðlast þekkingu, þar sem mestu málí skiptir að vita og skilja? Ég held, að nær sanni væri að ætla, að ekkert þrái guðirnir eins mikið mönnum til handa og einmitt það, að þeir í öllum greinum öðlist sem réttastan og sem mestan skilning á lífinu og lögmálum þess.

# *Stuðningur við íslenzka hugsun*

## I

*Að handan* heitir bók ósjálfrátt skrifuð af enskri konu, Grace Rosher að nafni, og hefir sú bók komið út í íslenzkri þýðingu eftir Svein prest Víking. En þó að bók þessi hafi að sjálfsögðu ekki verið gefin út í þeim tilgangi að styðja þá íslenzku hugsun, að það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, sé lífið á öðrum hnöttum, þá kemur fram í henni margt, sem verða mætti til stuðnings einmitt þeirri hugsun.

Tildrog bókar þessarar voru þau, að láttinn unnusti hinnar ensku konu, Gordon Burdich, fór óvænt og fyrirvaralaust að stjórna hönd hennar til að skrifa, og er það álitleg framlifssönnun, að rithöndin á hinni ósjálfráðu skrift var engin önnur en hans. Var slíkt rannsakað með samanburði af rithandarsérfræðingi, svo að þar gat naumast verið um að villast. Og það, að hann fór að leitast við að koma þannig fram hugsunum sínum, var, auk löngunar til að komast í samband við unnustu sína, vilji til að bera fram boðskap um nokkuð, sem verða mætti mannkyninu til bjargar.

„Ég er sannfærður um, að hinir síðustu dagar eru ekki langt undan, ef styrjaldarundirbúningnum verður ekki aflétt,“ segir á bls. 29, en til þess að slíkt megi verða, segir hann einnig, að ekki dugi minna en að ný og óvænt sannindi komi til sögunnar. En það, sem ég fyrst vildi þarna benda á sem stuðning við hina íslenzku hugsun, sem ég tel einmitt vera þessi nýju og óvæntu sannindi, er þetta, sem að vísu er engin nýjung í framlíflýsingum að allt hjá þeim sé raunverulegt eins og á jörðinni. Kemur þarna meira að segja fram, að eitt mesta vandamál framlífsins sé það, hvað þetta komi jafnan á óvart framlifendum, í fyrstu vegna hinna röngu hugmynda flestra jarðarbúa varðandi þetta. Eða nákvæmar sagt, það virðist samkvæmt þessu vera einmitt hinn spíritíski skilningur, sem gerir framlifendum einna erifðast fyrir til að átta sig á raunveruleikanum, því að vitanlega er það spíritisminn, sem

mest er hér ríkjandi varðandi lífið eftir dauðann. Og ennfremur verður naumast hægt annað en að álykta á sama veg af hinum marg-sagða boðskap þeirra framlifenda um nýja uppgötvun varðandi sambandið á milli heimanna, því að vitanlega væri slíkra uppgötvana ekki þörf, ef spíritisminn nægði, og skal nú vikið að fleiru, sem þarna bendir í sömu átt.

Á bls. 125 er aðeins með því að minna á sjónvarpstæknina svarað spurningunni um það, hvernig hið ósýnilega geti orðið sýnilegt, en sjónvarpstæknin er nú, eins og öllum mætti vera ljóst, einungis falin í því að sigra fjarlægðir. „Petta ætti að gera þér auðvelt að skilja hvernig þið kunnið að skygglast inn í hinn ósýnilega heim,“ bætir hann svo við, hinn framlidni unnusti.

Á bls. 127 er minnst á örðugleika tímasetningar vegna þess, að á framlífsstöðum er tíminn ekki sá hinn sami og hér, og er þetta ákaflega vel skiljanlegt, ef framlífsstaðirnir eru aðrar jarðstjörnur, því vitanlega standast snúningshreyfingar þeirra ekki nákvæmlega á við snúningshreyfingu jarðarinnar.

Á einum stað í bókinni er talað um, að hin væntanlega uppgötvun muni sanna, svo að ekki verði um villst, að sá heimur, sem menn nú telji vera alheim, sé aðeins brot hinnar óendenanlegu sköpunar, að til séu veraldir langt fyrir utan það, sem unnt sé að greina í hinum sterkustu sjónaukum, sem gerðir verði, og er slíkt í meira samræmi við hina íslenzku hugsun en skoðanir þær, sem mest munu nú vera ríkjandi í heimsfræði.

Á öðrum stað í bókinni er svefnhvíldinni líkt við hleðslu rafgeymis, en með þeirri líkingu er farið hið næsta meginundirstöðu þeirrar íslenzku hugsunar, sem vikið var að hér í upphafi. Meginundirstaða kenningarinnar um heimssamband lífsins var sú uppgötvun, að aðal-orsök drauma hins sofandi manns sé skynjanaflutningur, sem honum berist frá einhverjum vakendum, og að svefnhvíldin veitist honum um leið fyrir hleðslu utanaðkomandi magns. Og eins og hver maður ætti að geta séð af því, sem hér hefir nú verið rakið, og miklu víðar kemur fram í bókinni, er ljóst, að um fjarsambönd er aðeins að ræða milli lifenda og látinna, og að vettvangur allra lifenda, látinna jafnt sem

frumlifenda, sé enginn annar en hinn þrotlausí stjörnuheimur. Í rauninni er þarna sagt nálega beinlínis, að veröld sú, sem látnir byggi, séu stjörnur ósýnilegar eins og vitanlega er, þegar um er að ræða fylgihnetti annarra sólna. Pykir mér slíkt sem þetta varðandi svikaleysi miðilssambandsins engu minni sönnun en rithandarsamanburðurinn, því að ekki er um það að villast, að skilningur miðilsins og hugmyndir hafa verið mjög á annan veg. Og hví skyldi þá ekki þessi mikla uppgötvun, sem talað er um að koma skuli, vera einmitt sú, að í svefni fái maður jafnan þátt í lífi og skynjan þeirra, sem þessar ósýnilegu jarðir byggja, og oft eru framliðnir héðan af jörðu? Ég sé ekki betur en að það komi mjög vel heim við þetta, sem sérstaklega virðist vera verið að boða í þessari bók.

## II

Pað var 1968 að umrædd bók kom hér út, en ári síðar kom hér svo önnur, *Dagbók að handan*, og var einnig hún skrifuð ósjálfrátt af konu, Jane Sherwood, en nafn þýðandans er Sigríður Ingibjörg Porgeirs dóttir. Nú hefir að vísu þessi ósjálfrátt ritari þessarar bókar verið svo fjarri hinni íslenzku stjörnulíffræði eins og marka má af þeim formálsorðum hennar, sjálfrátt rituðum, að orðið „astral“, sem í bókinni sé stundum notað, sé vanvirt með því að láta það tákna stjarnlegur, enda virðist mér öll heimspeki hugsun þarna vera óljós og fremur klaufalega fram borin. En þar sem verið er að segja frá einföldum staðreyndum eða einhverju, sem gerzt hefir, gegnir öðru máli, og kemur þar ymislegt fram til stuðnings hinni íslenzku hugsun. Skulu hér nú tilfærð nokkur dæmi um það.

Sá, sem ritmiðill þessi eða miðilynja telur vera stjórnara sinn að handan, skilst mér að verið hafi kunnur og hátt settur herforingi og þannig manndrápari, stundum jafnvel með eigin hendi, og þarf því ekki að undrast, að hann skyldi í fyrstu koma fram á fremur ömurlegum stað. En áður en mjög langt leið frá dauða hans, virðist hann þó hafa byrjað að komast á framfarabraut, og þó ekki án tilstillis hjálps-

enda. Og eins og jafnan í framlífslysingum kemur þarna fram, að um líkamlegt líf var að ræða. „Ég fann til líkama míns“, segir hann á fyrstu síðu, „var mér ljóst, að ég stóð á fótum, og þótti mér furðulegt, hve auðvelt ég átti með allar hreyfingar. En ég þorði ekki að hreyfa mig vegna hinna skuggalegu hindrana, sem ég skynjaði kringum mig.“

Síðan segir frá því, að ofurlítið virtist fara að rofa til, og þóttist hann þá fara að sjá engi, limagirðingar og tré, og bendir slíkt til þess, að ekki hafi þarna verið um myrkheim að ræða, þótt ömurlegur væri. Enn segir frá því, að hann var staddur á árbakka nokkrum og að skuggar, sem hann þóttist hafa orðið var við umhverfis sig, reyndust gerðir af áþreifanlegu efni. Og eftir að hann hafði svo gert sér ljóst, að þessi tilvera sín væri ekki einungis einhver langvarandi martröð, segir svo:

„Ég fann að líkami minn var gerður af holdi og blóði. *Furðulegt!* Ég reyndi að tala, en úr því varð einungis stuna. Ég stóð upp og gekk um, og fann aftur, hve léttir og stæltir limir mínr voru. Þá settist ég á ný á árbakkann til þess að hugsa meira.“

Eftir að hafa hímpt eða ráfað um í þessari hálfkuggaveröld svo vikum eða mánuðum skipti, segir næst frá því, hvernig hugur hans eða löngun hafi stýrt fótum hans til borgar nokkurrar, og mun þar þó fremur hafa verið hugur einhvers annars eða annarra, sem þar var að verki. Fór hann þá að sjá fyrir sér húsaþök og reykháfa, og „er ég kom nær“, segir hann, „líktist staðurinn svo mjög borg, sem ég hefði alveg eins getað komið til á jörðinni, svo að hugsunin um, að þetta væri ekki jörðin, heldur land dauðans, tók að hverfa mér. Svona venjuleg, svona afarjarðnesk voru úthverfi litla bæjarins.“

Á bls. 77 til 80 er eftirtektarverð frásaga af láti manns, sem gamall var orðinn í annað sinn og umskiptaþurfi, og er þó óljós lýsingin á því, sem þar gerðist. — Það sem tekið hefir verið upp hér að framan, ættu allir að geta séð, að bendir eindregið til líkamlegs framlífs í raunverulegum heimi, og er vert að geta þess að auki, að þarna kemur fram eins og reyndar í mörgum öðrum frásögum af heimum framlifenda, að landaskipun sé þar lík eða mjög tilsvarandi því, sem er hér á jörðu.

En þetta, að einnig í framlífi sínu hljóti menn að eldast og lálast, er í góðu samræmi við þann skilning minn, að lífsþróunin hljóti að leiða til slíks. Virðist lát framlifandans þarna að vísu hafa orðið nokkuð á öðru stigi en dauði frumliðenda verður hér. „Síðan hvarf allt og aðeins varð eftir svipur vinar okkar, er eyddist og máðist út að okkur ásjáandi“, segir þarna af hinu síðasta, eftir að einhverskonar tog-streita hafði farið fram milli framlífsstaðarins til hins þriðja lífs ann-arsvegar og fráhvarfsstaðarins hinsvegar.

„Par sem harmur hins særða leysist upp eins og dögg fyrir sólu, rennur hryggðin særandanum í brjóst eins og kalt ísvatn“, varð mér einu sinni að orði, og studdist þá við eigin reynslu raunverulega eða ímyndaða. Og mjög virðist nú þetta hafa farið að sækja á hinn látna herforingja, þegar á hina betri braut var komið fyrir honum og hann hafði eignað heimili á unaðslegum stað. Fór hann þá mjög að vakna til meðvitundar um það, sem hann hafði rangt gert og ómiskunnsam-lega, og er ekki ólíklegt, að það sé rétt hermt, að sársaukinn vegna þess hefði orðið honum ofraun, ef hann þá hefði ekki öðlast meir en frumliðsstyrk. Er mjög skiljanlegt, að slíkur sársauki sem þessi sé ekki sízt það, sem í framlífi knýr einn eða annan til þess að verða hjálpari. Og enn er í bók þessari getið um nokkuð það, sem fremur fágætt mun vera að minnst sé á í framlífsfrásögnum, og virðist það þarna vera ekki ólíkt eftirsjá vegna rangar breytni. En það er að hafa látið ógert að njóta unaðar ástarinnar. Var þarna getið um, að á hinum góðu framlífsstöðum sé reynt að stilla svo til, að uppbót á þessu fáist þar, og að þá verði jafnt um líkamlegan og andlegan unað að ræða. Kom þar fram enn eitt það, sem vitnar um, að lífið sé þar í alla staði jarðneskt, þótt á hærra stigi sé jafnan.

## *Hringstreymi og hækkun*

„Þú ert þá búinn að uppgötva gorminn í tilverunni,“ sagði Þorsteinn Björnsson úr Bæ við mig, þegar ég bætti því við tal hans um hringstreymi hennar, að þar væri aldrei um lokaðan hring að ræða. Féllst hann á þessa viðbót mína og talaði um, að ég væri furðanlega langt kominn í tilveruskilningi. Var þetta haustið 1929 og í fyrsta sinn að ég átti tal við Þorstein. Varð hann eftir þennan samfund okkar, einn hinna fáu, sem leituðu eftir því að eiga tal við mig. Átti slíkt sér að vísu ekki oft stað að ég talaði við hann, því að í þetta sinn var hann á förum af landi burt þangað, sem hann dvaldi hátt á sjötta ár, en vorið 1937 var það að hann lézt. Þótti mér ævinlega sérstaklega eftirminnilegt að hafa hitt hann og átt tal við hann, því að mjög fór hann sínar eigin leiðir í hugsun og háttum. Og eitt var það, sem ég hygg að óhætt sé að segja um hann, en það er að hann hafi æfinlega unnað sannleikanum, og því jafnan sagt eins og honum fannst. Er í rauninni ekki auðvelt að segja það um neinn, sem fremur mætti vera til lofs.

En svo að ég víki aftur að því, sem um stund hafði verið umræðu-efni okkar nafna, þá hafði ég ekki mjög löngu áður en þetta var samið smáritgerð, sem ég nefndi samskonar heiti og þessa, og hefi ég hana ekki lengur undir höndum. Voru þar hugleiðingar á þann veg, sem mér hafði virzt koma fram í ölduhreyfingu á vatnsfleti. Hver alda virtist mér þar að vísu endurrísa aftar en þar, sem hún hafði hnigið. Hins vegar virtist mér hún endurrísa nokkru framar en hún hafði risið næst áður. „Að höfninni leita þær, hvort sem þær beita í horfið, eða þær beygja af,“ hafði Einar Benediktsson sagt um hinar hásigldu snekkjur himingeimsins. Var þar í rauninni um hið sama að ræða og ég hafði þotzt sjá þarna. Og hér þótti mér nú sem ég hefði komið auga á eitt af meginlögmálum tilverunnar. Er það lögmál á þá leið, að afbeygjan hljóti ævinlega að fylgja allri raunverulegri framvindu. Par þótti mér sem vera mundi sá hrynjandi og sú mykt, sem gerir listina

aðlaðandi. En framvindan, eða það, að koma aldrei niður á alveg sama stað og hafist var frá, þótti mér sem vera mundi gildi hverrar hreyfingar.

## Áhrif ástæðis

### I

Algengt er að sjá myndir dýra og þó einkum manna, þar sem ekki er þó um neinar slíkar myndir að ræða. Sýnist þetta oft í skýjum, klettaum, kvistóttum viði og mörgu öðru, og ber það þá löngum svo skýr svipmót, að naumast mundi betur koma fram þó að listamenn hefðu umfjatlað. Stafar þetta að sjálfsögðu mest af því, hve mannsandlit eru flestum hugstæð og kunn form, og er þetta þá skylt því, þegar menn rangþýða draumsýnir sínar. Hinsvegar þykir mér ekki óhugsanlegt, að stundum sýnist þessar myndir vegna ástæðis við eitthvað, sem annar maður skynjar á öðrum stað, og væri þá þetta sambandsskynjanir að nokkru. Skal hér nú sagt frá dæmum, sem benda í þá átt.

Athugull maður og greinagóður sagði mér, að hann hafi eitt sinn, þar sem hann var nýkominn til einhværrar dvalar, séð um leið og hann vaknaði einhvern morgun, svip ókenndrar konu, sem hann síðar hefði komist að, að var svipur nýlega látinna húsmóður á þessum dvalarstað sínum. En um leið og hann sagði mér frá þessu, sagði hann mér einnig frá annarri svipsýn, sem síðar bar fyrir hann, einnig nývaknaðan eða um leið og hann vaknaði. Sá hann þá fyrir sér stúlkum, sem hann þekkti og enn var þá á lífi. Stóð hún grafkyrr og hélt höndum líkt því að hún væri að biðjast fyrir. En er hann hafði horft á þetta um stund, leystist sýnin upp, og kom þá í ljós, að það sem honum þótti vera stúlkan, voru einungis hlutir inni í herberginu hjá honum.

Fyrir allmörgum árum slasaðist dóttir míni, Guðrún Elsa, allalvarlega, en náði þó aftur heilsu sinni. Á nýárskvöld 1952 var það svo, að ég heyrði álengdar þangað, sem ég í öðru herbergi sat við að skrifa eitthvað, að þessi dóttir míni segir: „Hún Guðbjörg (öldruð stjúpa míni) leit í lófann á mér áðan og varð alveg eins á svipinn og þegar hún leit í lófann á mér daginn sem ég meiddi mig forðum. Ég finn alveg, að það er einhver ógæfa að koma.“ Kom mér í hug, þegar ég heyrði þetta, að fara inn þangað sem stúlkana var, til þess að hughreysta hana. En vegna þess, hve sokkinn ég var niður í það, sem ég var að gera, varð ekki af því. En fáum mínum eftir þetta heyrði ég svo sagt, að kvíknað væri í húsinu, og get ég þess til, að hefði ég staðið upp um leið og ég fyrst heyrði óheillaspána, hefði mér getað tekizt að koma í veg fyrir það óhapp, sem þá varð, því að eldurinn kom upp einmitt þar, sem ég hefði þá gengið.

Það má segja, að varðandi raunveruleik konusvipsins, sem ég gat um í fyrri kaflanum hér að framan, sé ekki um að villast. Sagðist sögumaður minn hafa séð mynd af konu þessari eftir að hann hafði séð svip hennar, og þá þekkt myndina af svipnum, og sýndi myndin þó annan klæðnað en svipurinn virtist bera. Hvað stúlkusvipinn varðar gegnir að vísu öðru máli, því að þar liggja engar sannanir fyrir. En vegna hinna líku aðstæðna þykir mér þó sennilegast, að einnig þar hafi verið um einhvern raunveruleik að ræða fram yfir hlutina, sem mynd hennar reyndist þó vera gerð af. Þykir mér sem eitthvert augnabliksástæði hafi þar hlotið að koma til greina. Og hvort ber þá ekki einnig að tala um ástæði varðandi óheillaspána, sem mér þykir mega líta á sem viðleitni annarsstaðar að, til að koma í veg fyrir það, sem varð. Þar gerist einungis þetta: Gamla konan lítur í lófa dóttur minnar, daginn sem hún verður fyrir slysi, og gerir það svo aftur

kvöldið sem húsbruninn átti sér stað, og veit ég ekki, hvað kom henni til þess. Þó þykir mér líklegast að í hvorugt skiptið hafi hún gert það vegna neins ákveðins hugboðs um það, sem framundan var. En fyrir ástæði hins síðara við hið fyrra opnast óheillahugboðinu leið til þess að koma fram og þannig, að vel hefði mátt verða til þess að afstýra óhappinu.

## IV

Það var ríkjandi trú og er ef til vill enn, að mikill kraftur geti fylgt orðum, sem borin eru fram í miklum skaphita, og þó einkum, ef þau voru sögð í rímuðu máli, og mun sú trú ekki hafa verið á engu byggð. Þarf í rauninni ekki að efa, að sterkur hugur til illa eða góðs getur haft nokkur áhrif á þann, sem til er beint, og er þó líklegast, vegna þess hvernig hagar til hér á jörðu, að þau áhrif verði auðveldari, ef á verri veg var hugsað. En sé hugleitt út frá því, sem hér að framan hefir sagt verið, þá má einnig láta sér koma í hug, að sumt sem talið hafi verið ákvæði, hafi í rauninni aðeins verið spámæli, og þá stundum framkomið fyrir einhverskonar ástæði. Pannig mætti hugsa sér, að fyrri hluti vísu gæti fyrir ástæði rímsins kallað fram spámæli í seinni hluta, og skal hér sagt frá tveimur dæmum því til stuðnings.

Langferðamaður nokkur var á ferð norður í Húnavatnssýslu. Lá hann þar einhverja nött einhversstaðar í tjaldi og hafði sleppt þar hestum sínum lausum. Um morguninn kom þar að stúlka og varpaði fram þessum vísuhelmingi til tjaldbúans:

Hirtu betur hrossin þreytt,  
heimskur ferðadausinn.

Svaraði þá tjaldbúinn með þessum vísuhelmingi:

Einhvern tíma öxin beitt  
af þér sníður hausinn.

En stúlka þessi var Agnes, sem var við dráp Natans Ketilssonar og hálshöggin var fyrir það síðar, og mætti ætla, að þessi spá um það hefði ekki komið fram án vísuupphafs hennar.

Á slætti sumarið 1935 var um tíma vætusamt mjög svo að lítt eða ekki var standandi við heyskap. Var ég þá því stundum innanhúss að lagfæra amboð og annað slíkt. Var þá áðurnefnd dóttir míni, þá á öðru ári, löngum þar, sem ég var við þessa iðju mína, og ræddi ég þá ýmislegt við hana samkvæmt skilningsþroska hennar. Talaði ég meðal annars um bæjarlækinn, sem var þá að vísu með kátara móti, og hafði ég þá oft yfir við hana þetta vísuupphaf:

Lækurinn syngur og hoppar og hlær,  
hendist fram af stöllunum og dansar.

Liðu svo nokkrir dagar án þess að vísan botnaðist, og endurtók ég þó oft við stúlkuna þennan fyrri hluta. En loks var það einn dag, þegar rigningin var sem allra mest, að vísubotninn kom mér í hug alveg fyrirhafnarlaust eða ósjálfrátt að mér fannst:

Í suðrinu ljómar sólin skær  
og svellið á jöklunum glansar.

En næsta dag var þetta orðið að veruleika, sem hélzt allmarga daga eftir það.

## V

Orðið ástæði táknaða vitanlega það, að eithvað standist á við annað, og er því ámóta réttmætt orð og afstæði, sem vegna frægrar vísinda-kenningar hefir verið mikið um hönd haft. Það er nú oft talað um, að þetta eða hitt sé afstætt, og er að sjálfsögðu oft réttmætt að gera það. En ég hygg, að þýðing ástæðis eða þess lögmáls, sem þar kemur til greina, kunni að vera allmiklum mun meiri en menn hafa til þessa gert

sér ljóst, og kemur mér í því sambandi í hug það, sem ég hefi heyrt, að háttbundnar tónsveiflur geti sprengt hluti, ef þær eru með einhverjum hætti ástæðar efni þeirra. Og nú kemur mér í hug nokkuð, sem fróður maður og athugull taldi sig hafa tekið eftir. En það var, að menn láttist gjarnan nálægt afmæli sínu eða nákvæmlega á fæðingardegi. En hvort sem þetta hefir verið rétt athugað eða ekki, þá rakst ég eitt sinn mjög greinilega á áhrif slíks tímaástædis. Gerðist þetta þannig, að stilliáhrif manns nokkurs urðu mér í eitt skipti stórum greinilegri en í nokkurt skipti annað. Eða nákvæmar sagt, það var aðeins í eitt skipti, að ég þóttist hafa ástæðu til að ætla, að maður þessi hefði með nærveru sinni og viðtali haft áhrif á draumfarir mínar nóttna eftir. En þau áhrif voru falin í upprifjan og endurlifun lönguliðins atviks, sem mjög var í samræmi við hugsun og líf manns þessa. Og þegar ég svo gætti að því, sem ég ekki hafði gætt að áður, hvenær árs hið upprifjaða atvik hafði átt sér stað, þá komst ég að því, að þessi upprifjan stóðst nákvæmlega á við það í tíma árs og sólarhrings. Prátt fyrir það, að allmögur ár hefðu liðið varð án þess ég vissi upprifjunin nákvæmlega á sama tíma árs og atvikið hafði gerzt, og mætti því ætla, að það ástæði hafi ekki minna en að hálfu leyti vakið það, sem stilliáhrif mannsins gerðu að öðru leyti.

## VI

Í viðtali föður og sonar, ósjálfrátt skrifuðu, segir frá því, að starfsmannaflokkar á framlífsstað föðurins hafi verið stilltir til sambanda við aðra flokka þannig, að leitt hefði til ofurgetu, og var slíkt í góðu samræmi við atvik, sem segir af í endurminningum hins kunna æskulýðsleiðtoga, Friðriks Friðrikssonar. Var það eitthvert sinn, þar sem hann skyldi flytja ræðu, að hann var svo breyttur og á annan hátt illa fyrir kallaður, að hann bjóst ekki við öðru en að sér mundi mjög laklega takast. En þegar hann svo hóf þarna ræðuflutninginn, eða stuttu eftir það, brá svo undarlega við, að honum ekki einungis hvarf öll þreyyta og vanlíðan, heldur einnig tókst honum svo vel ræðuflutn-

ingurinn, að hann furðaði sig á. Fylgdi þessu skynjan til fjarlægs staðar, þar sem einnig var verið að flytja erindi samskonar og hans. Þekkti hann þennan stað og þá sem þar voru staddir, en staðurinn var í Kaupmannahöfn, og komst hann síðar að því, að fjarskynjan þessi hafði verið raunveruleg. Par hafði á sömu stundu og Friðrik flutti ræðu sína hér, samskonar athöfn farið fram.

En hver er nú skýringin á magnan hins íslenzka æskulýðsleiðtoga, sem þessu fylgdi?

Hún er ekki fyrst og fremst sú, að hann hafi sótt hana til ástæðinga sinna í Kaupmannahöfn. Skýringin er miklu fremur hitt, að fyrir ástæði sitt við þá hafi honum opnast meir en venjulegt guðsamband, og er þó ekki þar með sagt, að kraftgefendur hans hafi endilega þurft að vera á sama skilningsstigi og hann og aðrir samsinnungar hans hér.

## *Enn um ástæðistengsl*

Svo sem lesendum Nýals mun kunnugt vera, þá hélt höfundur þeirrar bókar því fram, að nokkur áhrifatengsl virðist löngum hafa átt sér stað milli veðurfarsins og hins ríkjandi hugarfars manna á hinum ýmsu tínum, og byggði hann þetta á sögulegum athugunum og eigin reynslu. Get ég sjálfur bætt því þar við, að mér verður jafnan miklum mun auðveldara um hugsun, þegar vel viðrar, og hefi ég þó greinilegast fundið þetta, þegar umskipti urðu frá langvarandi illviðrum, og skal hér sagt frá einu dæmi um slíkt.

Vorið 1949 tel ég að verið hafi eitt hið versta sem ég man, þar til umskipti urðu eftir miðjan júní. Stóð þá þannig á fyrir mér, að ég hafði í smíðum annan þátt „Barnafræðslu“ minnar, sem prentuð er í „Tunglsgeislum“ mínum, bls. 23 til 75. Hafði ég byrjað að semja þennan kafla einhvern tíma vetrarins, en gefist upp við það í miðjum

klíðum. En daginn sem blíðviðrin hófust, en það var 17. júní, kom andinn yfir mig, þannig að ég lauk þessum kafla á mjög auðveldan hátt að mér fannst.

En hvað var það nú, sem skrifaðist hjá mér í þessu ástæðissambandi mínu við hið komandi vor?

Það sem þá skrifaðist, var einmitt sú niðurstaða eða lausn, sem mér hefir fundizt vera eitt af meginatriðum heimsskilnings míns. Í stað þess, að hafa lotið þeim skilningi, að efni heimsins væri og hefði æ verið jafnt og hið sama, skildist mér nú hið gagnstæða. Nú fannst mér, að framvinda til aukins lífs og fegurðar þyrfti óhjákvæmilega á því að halda, að heimsefnin bæti við sig. Og það, að þessi skilningur skyldi koma mér ásamt veðurfarsbreytingunni til hins betra, sannaði mér nú ekki einungis áhrif veðurfarsins á hugsun mína, heldur varð það mér einnig sem undirstrikun eða staðfesting þess, að þarna hefði ég komiðt að hinu rétta.

## II

Maður nokkur sagði mér frá þeirri athugun sinni fyrir löngu að ef hann sló á einn streng hljóðfærис, þá tóku aðrir strengir þess undir, en þó einungis þeir, sem ástæðir voru hinum áslegna. Pótti mér þetta íhugunarvert, og var það þó naumast fyrr en nú á stundinni, að ég geri mér það ljóst, að þarna var um samskonar ástæði að ræða og á milli veðurfarsbatans og framkomu áminnzs heimsfræðiskilnings míns. Ástæðistengsl hljóðfærисstrengjanna urðu ekki á milli hliðstæðna, heldur mismunandi stiga eins og líka hafði verið, þegar heimsskilningur minn færðist fram um leið og veðráttan hafði batnað. Par áttu sér stað ástæðistengsl milli tilverustiga lifandi og líflausrar náttúru. Og nú vaknar mér spurningin um það, hvort það muni ekki ævinlega verða fyrir samskonar tengsl, að hafning megi verða frá óæðra stigi til æðra. Verður það ekki ævinlega fyrir ástæðistengsl milli mismunandi tilverustiga, að hið æðra nær að framleiða áhrif sín í hinu óæðra, og tekst þannig að hefja það á hærra stig?

## *Gildi hins marga*

En einhversstaðar á allt þetta líf að hafnast,  
og einhver minnisstregur nær hverju ljóði.

E.B.

G: Hvað kemur til þess, að lóurnar fara að hópa sig saman, þegar á sumarið líður og sá tími nálgast, að þær flytji sig í burtu? Fólk segir, að þær geri þetta til þess að búa sig undir langflug sitt yfir hafið. En hvað stjórnar því, að þær skuli gera þetta?

P: Flestir eða allir lifendur hafa ósjálfráða hneigð til þess að leita uppi aðra lifendur, og gætir slíks samdráttar þó mest á milli einstaklinga hverrar tegundar fyrir sig. Líkur sækir líkan heim, og virðist það lögmál vera ríkjandi á öllum stigum tilverunnar, en hjá farfuglunum þykir mér líklegt, að þessi hópunarþörf fari að gera vart við sig um leið og hreiðurlífi þeirra lýkur. En þegar svo hópunin hefir tekizt hjá þeim, hugsa ég að þeir fari að öðlast ratvísí sína og aukið þol til að fljúga hinum löngu leiðir. Mér þykir líklegt, að hópunin og samflugið stilli þá til sambands við leiðbeinendur og veitendur aukins magns, því að án þess væri það í rauninni óskiljanlegt, að þessir smávöxnu og veikbyggðu einstaklingar, sem hver farfugl er, geti í einum áfanga flogið hundruð eða jafnvel þúsundir km. Mig furðar í rauninni á því að menn skuli ekki hafa furðað sig meir en þeir hafa gert á þessu þoli og ratvísí þessara litlu einstaklinga.

G: En hverjir væru þá þessir leiðbeinendur farfuglanna? Ég veit nú reyndar, að þar getur ekki verið um aðra að ræða en lifendur á öðrum hnöttum. En hvort væri það þá heldur guðir eða einungis fuglar á líku stigi og þeir?

P: Að sjálfsögðu veitist engum ratvísí og annað slíkt framyfir hans eigin án þess að hann þiggi hana af einhverjum öðrum sér ratvísari. En hér kemur þó einnig annað til greina. „Margur dropi verður móða fögur og streymir að flæði fram,“ segir í kvæði eftir Jónas Hallgrímsson, og er þar á einfaldan og snilldarlegan hátt gerð grein fyrir gildi hins marga. Gildi þess er einmitt þetta, að til verði fögur og fram-

streymin móða, því að án mergðarinnar gæti það ekki orðið. Og þetta, að lóurnar og aðrir farfuglar skuli öðlast ratvísí og aukinn mátt með hópuninni, liggur einmitt í því, að um leið verður hver einstök þeirra meira en áður þátttakandi í hinni framstreymandi lífsmóðu, þar sem ekki er einungis um að ræða lifendur þessarar jarðar, heldur einnig ótalmargra annarra. Ratvísí fuglanna og svo margt annað byggist á samstreymi lífs miklu víðtækara en menn hafa yfirleitt gert sér grein fyrir til þessa.

G: En er það þá ekki nauðsynlegt til þess að slíkt samstreymi geti orðið, að mjög margar hinna ýmsu jarða í vetrarbrautinni og öðrum vetrarbrautum séu, hvað lifendur snertir og ýmislegt annað, ámóta líkar hver annarri og dropar eru líkir hver öðrum? Ég var einhvern-tíma í sumar að horfa á sóleyjamergðina í túninu hérna, en slík mergð er auðvitað í fjöldamörgum túnum öðrum, og fór ég þá að hugsa, hvort samskonar eða ámóta samstæði kynni ekki einnig að geta átt sér stað meðal stjarnanna, þó að vitanlega sé þar líka um ákaflega mikla margbreytni að ræða. En sé líkt samstæði eða mergð líkra einstaklinga tilverunauðsyn, þá hefir mér þar dottið í hug hið rétta.

P: Að sjálfsögðu er á öðrum stjörnum um ámóta eða meiri fjölbreytni að ræða og er í lífríki jarðarinnar, sem ekki er síður eftirtektarvert en samstæðið eða líking einstaklinganna innan hverrar tegundar fyrir sig. Hvergi er neitt, sem er alveg eins og eitthvað annað, og er í því sambandi alveg sérstaklega íhugunarvert, að ekki einn einasti maður skuli vera gerður af alveg samskonar lífefni og nokkur annar, og er þá að sjálfsögðu eins um lifendur annarra tegunda. Er þetta í samræmi við það, sem mér einu sinni varð að orði, og auðvitað var þó ekki byggt á neinni líffræðilegri athugun, að ódauðleiki minn sé falinn í því að finna mér hvergi stað nema í sjálfum mér. Fyrir það að hljóta ævinlega sjálfur að bera byrðar sérstæðis síns, byrðar minninga sinna eða sögu, er hver einn dæmdur til þess að vara. Sérstæðið er það, sem gefur einstaklingnum gildi, því að framar öllu er það einstæðisvitundin, sem kemur honum til þess að unna. Ástríki guðanna og þörf til að gefa af ofurgnótt sinni stafar af sérstæði hvers þeirra, stafar af því, hve mikill einstæðingur hver þeirra er þrátt fyrir samstillingu milli

þeirra. En þó að fjölbreytni tilverunnar sé furðuleg og rík sérstaða hennar, þá er samstæði hennar og sameiginleiki ekki síður furðuleg. Ég efast að vísu ekki um, að á öðrum jarðstjörnum séu margar tegundir jurta og dýra, sem ekki eru til hér á jörðu, og þá einnig afbrigði mannfólks. En hitt hygg ég, að allar þær lífategundir, sem á þessari jörð finnast muni einnig finnast á ótalmögum jarðstjörnum öðrum, og skilst mér, að slíkt muni vera tilverunauðsyn. Það er ekki einungis vegna ratvísí farfuglanna yfir úthöfin að mér þykir þetta hljóta að vera, og kæmi þar þá einnig til greina að á mjög mörgum jörðum öðrum liggi lönd og höf í aðalatriðum líkt og hér, heldur þykir mér þetta hljóta að vera vegna þess, að líf skyldi hér nokkru sinni verða til. Án mjög mikils samstæðis við ótalmargar aðrar jarðstjörnur hefði hér aldrei kvíknað líf.

G: En hvað heldurðu þá um það, sem er að gerast hér á jörðu? Heldurðu að verið sé hér á leiðinni til þess, að hinir mörgu dropar verði að fagurri móðu í samræmi við enn stærra samstreyymi farsældar og göfgi?

P: Eins og kunnugt er, þá hélt Helgi Pjeturss því fram, að um tvær stefnur væri að ræða hér og á mjög mörgum stöðum öðrum, og nefndi hann þær lífstefnu og helstefnu, stefnu fugurðar og samræmis og stefnu sundrungar og vaxandi þjáninga. Og þó að hann sæi hér fram á ýmiskonar handleiðslu eða leiðbeiningar til hins betra, eins og t.d. hina tilsendu ratvísí farfuglanna, þá var honum fullkomlega ljóst það, sem hver maður ætti nú að geta séð, að hin síðarnefnda stefna, vítisstefnan, er hér miklu meir ráðandi. En þótt einkenni þeirrar stefnu sé sundrung og samræmisskortur, þá sá hann einnig þar fram á nokkurt samstreymi og samstillingu eins og svo mjög kemur fram í skipulögðum hernaði. Þótt stefnt sé þar að því einu að sundra og eyðileggja, þá verður samtakamáttur jarðarbúa aldrei eins mikill og þar, og þarf því ekki að efa, að slík samtök og slíkt samstreymi muni ekki einungis eiga sér stað á þessari jörð. Þótt ætla mætti, að helstefnujarðir séu ekki eins margar og þær, sem kenna beri við lífstefnu, þá er ástæða til að ætla, að þær séu nægjanlega margar til þess að skapa nokkurskonar örlagasamstreymi á hinn verri veg, vald, sem

menn hafa sumir skynjað án þess þó að vita af. Hafa það einkum verið þeir, sem leiddust af þessu örlagastreymi, forystumenn í hernaði og öðru slíku, sem gerðu sér grein fyrir því á þann hátt að verða mjög forlagatrúar, eins og Napoleon Bonaparte, sem kallaður var hinn mikli. Þegar hann var spurður, hvers vegna hann, þrátt fyrir þessa trú sína, væri að gera áætlanir þá svaraði hann því til, að forlögin ætluðust til þess af honum, og var það svar hans í ætt við það sem veldur ratvísí fuglanna. Vegna hópfylgis síns skynjaði hann þetta örlagastreymi eða vald, sem hann stjórnaðist af og ekki var, nema þá að mjög takmörkuðu leyti, í ætt við guðsvilja. Og hér kemur mér nú í hug nokkuð, sem ég hefi ekki hugsað á alveg sama hátt áður. Þetta örlagavald, sem Napoleon leiddist af og því meir því lengra sem leið á valdasögu hans, hefir nú vegna hinna tveggja stórstyrjaldaslysa aldarinnar orðið hér voldugra en jafnvel nokkru sinni áður, og er ein afleiðing þess, og reyndar sú lakasta, hin ríkjandi blindni gagnvart sumri réttri hugsun. Vegna áhrifa þessa örlagavalds, sem kemur fram í síauknum herút-búnaði og afskræmingu í listum og skáldskap, eru menn, og þá einkum hinir áhrifamestu, haldnir einhverskonar blindu gagnvart sumu því, sem öllum ætti þó að geta verið auðvelt að skilja, þegar einu sinni hefir verið á það bent. Það er vegna þess, að hugsunarhátturinn hefir, þrátt fyrir aukna þekkingu manna í sumum greinum, færst í vitisáttina, að engum áhrifamanni hérlandum virðist, enn sem komið er, hafa auðnatz að átta sig á hinum framúrskarandi ljósa og auðskilda boðskap Nýals.

G: En er þó ekki einhver von til þess, að hið betra sigri hér? Meðan farfuglarnir hafa ekki glatað ratvísí sinni, ættu einhver sam-bond að haldast við hina betri staði.

P: Meðan gras grær og mannkynið hefir ekki ráðið sér bana, ætti ekki að vera vonlaust um, að úr rætist. Ég held líka, að sigurvænlegra sé að vera ekki mjög svartsýnn. Auðvitað leitar hið góða hér á eins og það alltaf hefir gert. Það er alveg óhætt að treysta því, að frá góðum stöðum muni vera reynt að koma hér fram hverskonar leiðréttингum og stuðningi við það, sem fram kemst í því efni. Það má líka segja, að hinu mesta afreki sé þar lokið. Meginleiðréttingu, slíkri sem aldrei

áður hefir á þessari jörð verið til staðar, hefir þegar verið komið fram, og er þannig fengin örugg fót festa hinni guðlegu viðleitni, þó að enn vinnist lítt fram. Í stað þess að framvinda hins góða siglir fullum seglum, þar sem komið er á hina öruggu framfaraleið, verður hún hér á útjaðri vitheims að leita lags á hættulegum óleiðum heimskautahafs og færa sér í nyt hverja þá auðu vökk, sem þar kann að opnast. Og hvort skyldi það líka ekki stafa af því mest, hve seinfært er á slíkum slóðum, að samstillingin einnig á milli samherja getur þar stundum orðið erfið? Meðan lítt vinnst á eða ekki, verður enginn sigurfögnumur, en vanti fögnumur og gleði, verður góðvildin magnvana. Það væri víst ekki rangt að líka jarðlífini við fóstur, og gildir slíkt reyndar varðandi allar frumlífsjarðir. Á öllum frumlífsjörðum dregur einhvern tíma til mikilla umskipta, þeirra umskipta, að líf þeirra verði brjóst mylkingur en hætti að vera fóstur. Er sennilegt, að hvarvetna fylgi þeim umskiptum nokkur hætta á að illa geti farið, þótt misjafnlega mikil muni hún vera. Hvar sem þá ekki verður það, sem verða á í fyllingu ákveðins tíma, blasir glötunin við. Og hér á jörðu er, eins og auðsætt mætti vera, komið að þeim tímamótum, og reyndar meira en það. Þau tímamót urðu hér, þegar Nýall kom út, eða jafnvel heldur fyrr, því að ekki hefir það verið af öðru en of síðbærum sigri hinnar miklu leiðréttингar, að styrjöldin frá 1914 til 18 átti sér stað. Þá átti sér stað stærsta slys mannkynssögunnar, því að það leiddi af sér hina síðari og ennþá hroðalegri styrjöld frá 1939 til 45. Og eins og mjög margir eru nú farnir að sjá fram á, þá verður hér æ hættulegra og mun verða svo lengi sem leiðréttинг Nýals verður ekki þegin. Leiðin til hinna góðu umskipta væri enn sem fyrr sú ein, að mönnum auðnist að átta sig á þeim líffræðisannindum, sem eru beinast framhald af því að hafa vitað, að jörðin er ein meðal stjarnanna. Menn þurfa að láta sér skiljast, að lífið á jörðinni er þáttur í óþrotlegu alheimslífi, og að þau rök, sem liggja að því, að slíku sé haldið fram, séu ekki minna en það að vera fullgild.

G: En verður þá öllu tapað, ef heimskan og eyðileggingin sigra og jörðin ferst með öllum sem á henni eru?

P: „En hrapir þú í ösku á auðar slóðir, þá er þín framtíð varðveitt,

fagra stjarna, í sál og anda ódauðlegra barna, "segir Einar Benedikts-son í kvaði sínu *Jörð*. Verði ragnarök hér, þá væri það hin mesta óhamingja, því að auðvitað mundi það leiða af sér langvarandi framhald í sömu átt. Eftir slíkt hrap mundu hinar ódauðlegu „sálar“ jarðarbarna ekki verða sem fullslípaðir eða fægðir gimsteinar. Að sjálfsögðu hlytu mjög margir einstaklingar þess mannkyns, sem farizt hefði vegna heimsku og illvildar, að verða miklir gallagripir í framlífi sínu lengi fyrst í stað. Og enn væri þess að gæta, að sjaldan er ein báran stök. Það er hætt við, að reginslys á einum stað kallaði á samskonar slys víðar. En þó að hrun einhvers mannkyns eða jafnvel heilla lífhverfa væri niðurlag sorgarleiks miklu hrikalegri en nokkurs sorgarleiks, sem menn hafa hugsað sér, þá mætti þó líta á hann sem lausn líkt og þegar einhver deyr frá óbærilegum þjáningum. Par sem örlagafjötrar einhverrar jarðar væru orðnir óleysanlegir, hlyti hrunið að verða eina og síðasta lausnin, en væri þó ekki lausn nema fyrir það, að allt vitlíf hennar ætti fyrir sér varan og það fyrr eða síðar að komast á leið farsældar og göfgi. En svo að ég víki hér aftur að því, sem við vorum að tala um hér í upphafi, þá var það stundum ádur fyrr, að mergð hinna líku einstaklinga gat komið mér til að efast um framlifsgildi þeirra. Við það að horfa á grúa flugna, fiska eða jafnvel manna, sem sýnt gat einungis blindur og viljalaus mógr, þá hvarf mér stundum gildi einstaklingsins þar. En nú skynja ég gildi einstaklingsins ekki einungis í því að hann skuli hvergi geta fundið sér stað, nema í sjálfum sér, heldur einnig í sameðli hans. Á varanleik hinna mörgu byggist tilvera þeirrar fögru móðu, sem hefir það eitt framstreymi, að bæta við sig af sögu sinni.

## *Skilningur á þróun lífsins*

„Áunnir eiginleikar ganga aldrei að erfðum“, stóð feitletrað í dagblaði nokkru fyrir skömmu. En þó að staðhæfing þessi sé samkvæmt ríkjandi skoðun og styðjist einnig við reynslu, þá hefi ég lengi verið tregur til að játa hana.

Eitt af því, sem menn báru fyrir sig gegn kenningu Brúnós um, að fastastjörnurnar séu sólir hraðsvífandi um geiminn, var óbreytanlegleiki stjörnumerkjanna. Á mannsaldri og meira að segja á öldum virtust fastastjörnur ekki breyta neitt afstöðu sinni hver til annarrar, og þótti mönnum því sem þær hlytu raunverulega að vera fastar. En þó að sú niðurstaða væri þannig samkvæmt reynslu manna, þá reyndist hún ekki vera hin rétta. Þar villti það um fyrir mönnum, að þeir gerðu sér ekki nógú vel grein fyrir mikilleik stjörnuheimsins eða þeim órafjarlægðum, sem þar er um að ræða. Og þannig get ég nú hugsað mér, að hin feitletraða staðhæfing í dagblaðinu hafi verið tilkomin. Prátt fyrir hina vísindalegu nákvæmni, sem ég efast ekki um, að menn hafi jafnan viðhaft varðandi skilningsviðleitni sína á lífsþróuninni, þá gæti ég vel trúað, að þeir hafi þar ekki ævinlega nógú vel gætt aðalatriðanna né heldur þess, hve skammt athuganir þeirra og reynsla náði samanborið við hina löngu sögu, sem þar er um að ræða. Þótt tornæmi tegundanna hafi þeim þótt mikið, þá var ekki þar með sagt, að það hafi verið algjört. Í samtalsritgerð minni um gildi hins marga tala ég um öryggi heildarinnar í því sambandi. Og nú kemur mér í hug það, sem mér hefir ekki komið í hug áður, að öryggi og styrkur lífsbygginingarinnar hafi legið í því, að þróuninni miðaði ekki hraðar fram en henni hefir gert. Tornæmi tegundanna get ég þannig hugsað mér sem öryggisráðstöfun. Og hvort ætti það þá ekki að geta legið ljóst fyrir, að án þess að vera smám saman áunnin af sögu tegundar sinnar í stað ósögulegra tilviljanaáhrifa beint á erfðastofna þeirra, sem svo uku kyn sitt, hefði þróunin naumast orðið svo fastskorðuð og traust, sem ættgengi sannar. Mér er það fyrir löngu ljóst orðið, að

minningar mínar vitaðar og óvitaðar eru uppistaða vitundar minnar. Hví skyldu það þá ekki vera minningar ættar minnar eða þeirrar lífategundar, sem ég tilheyri, sem ég sjálfur er byggður af? En nú skal þessum skilningi mínum til stuðnings sagt frá niðurstöðu manns nokkurs, James McKonnel að nafni, sem hann komst að fyrir tilraunir.

Til er lágþróuð lífategund, sem ég hefi séð kallaða flatforma, en reyndist hér þó ekki svo ófullkomin, að geta alls ekki numið og munað. En hið merkilegasta, sem fram kom við tilraunir þessar, var, að hver fruma einstaklings þess, sem tilraunina hlaut að þola, reyndist einnig hafa þennan hæfileika. Það, sem tilraunamaðurinn lét koma fram við flatforminn, festist ekki einungis í hinu ófullkomna minni hans sjálfs, heldur einnig í minni einstakra líkamsfruma hans. Það, sem reyndist þarna var á þá leið, að þessar minningar gátu borizt með frumuflutningi frá einum flatformi til annars, og þykir mér sem þar hafi átt sér stað nokkuð líkt því sem verður, þegar eiginleikar berast frá foreldri til afkomenda. Og þarna var naumast um að villast, að eiginleikarnir væru áunnir.

## *Hið dauðlega og hið ódauðlega líf*

### I

Sannarlega er það íhugunarvert, að í lífríki jarðarinnar skyldi gömlun og ellidauði ekki eiga sér stað fyrr en fjölfurmungurinn kom til sögunnar. Einfrumungarnir eru sagðir ekki deyja, nema af slysförum, og verður því að ætla, að í rauninni séu þeir ódauðlegir. En þó að ég viti ekki til, að fram hafi komið nein viðunanleg skýring á því, hversvegna sá ódauðleiki hlaut að tapast við það, að einfrumungar gerðust fjölfurmungar, þá þykir mér sem það liggi í augum uppi. Vík ég að þessu í niðurlagskafla „Tunglsgeisla“ minna, sem saminn var

haustið 1952, og var niðurstaða míni þá séð út frá þróunarskilningi þeim, sem ég ber fram í grein minni hér á undan. Skilningur minn á ógamlanleik einfrumungsins var þá, svo sem hann er nú, að í hvert sinn sem hann skiptir sér þannig, að tveir fullkomlega aðskildir einstaklingar verða til, varpi hann af sér þeirri byrði minninga og sögu, sem mér hefir skilizt, að lífsþróunin hafi byggzt af. Meðan enginn vísir til tryggðar eða ásttengsla var til staðar milli hinna aðskilda einingja. var þar ekki neins að minnast og því um engan vísi til sögu að ræða. En það sem svo varð, þykir mér sem gerzt hafi á líkan hátt og segir af í hinu fagra ævintýri H.C. Andersens um hafmeyna litlu. Segir þar frá því, að hún, sem ekki var áskapað framlíf, ávann sér það þó með lífernir sínu. Fyrir ást sína á mennskum konungssyni og fórn honum til handa glataði hún að vísu hinni löngu og sorglausu ævi sævarbúans, en hlaut í þess stað miklu raunverulegri ódaudleik, en annars hefði getað orðið, — hlaut hann án þess að vita það fyrir. Og eitthvað þessu líkt hugsa ég mér, að átt hafi sér stað, þegar fyrsti fjölfurmungurinn varð hér til. Í fyllingu einhvers aðdraganda hætti skipting einhvers einfrumungs að verða til fulls eða án einhvers vísis til ástartengsla. En þar með var hafin byrjun til upprifjana minninga og þeirrar framþróunar, sem síðan hefir orðið.

## II

Hugleiðingar fáfræðings væri víst ekki rangt að kalla margt það, sem fram kemur í ritgerðum mínum, því að löngum er mér lærdómsvant. Einnig mætti kalla það hugleiðingar einfeldnings, því að ekkert er það fremur en einfaldleikinn, sem ég leita að og hefi að leiðarljósi. En hvað sem þessu líður, þá þykir mér sem benda megi á ýmsar staðreyndir til stuðnings þeim skilningi, sem ég reyndi að bera fram hér á undan. Er þar á meðal sú staðreynd, að lifendur þeir sem lengst bæta við sig vexti eins og t.d. skógartré og skjaldbökur, verða allra lifenda elztir. Einnig er það í samræmi við þennan líffræðiskilning minn og ég nokkurn veginn örugglega þykist hafa veitt eftirtekt, að ellimörk beri

lifendur aldrei á sínu vaxtarskeiði. Mér hefir sýnzt hið sama gilda bæði hjá mönnum og dýrum, að ferskleiki æskunnar hverfi jafnan fljótt eða dofni, eftir að fullum líkamsvexti er náð, og þykir mér þetta benda til þess, að á vaxtarskeiði sínu varpi einnig fjölfurmungurinn af sér að nokkru ellibyrði sinni á líkan hátt og einfrumungurinn gerir um leið og hann skiptir sér. En hér er nú nokkurt frábrigði, sem ég einnig hefi reynt að gera mér grein fyrir og skilja.

Sú staðreynd, að stórvaxin dýr nái hærri aldri en smávaxin, virðist yfirleitt vera ríkjandi. Hvalir og filar eru víst stórum langlífari en mys eða smáfuglar, og er slíkt þó ekki án undantekninga. Pannig er mikill munur á því, hve miklu hærri aldri mannskepnan nær en t.d. sauð-kind, sem naumast er þó nema lítið eitt smávaxnari. Hestar og naut-gripir verða heldur ekki nærrí því eins gamlir og maðurinn þó að miklu stórvaxnari séu. Kemur hér því fram spurning um það, hvers vegna maðurinn, þrátt fyrir allan sinn vesaldóm, nær svona háum aldri.

Ég las það einhvern tíma í dagblaði nokkru, að rússneskur öldrunarfræðingur, Vladimir Folkes að nafni, hefði komið að þeirri niðurstöðu, að sínum mikla aðlögunarhæfileika ætti maðurinn há-öldrun sína að þakka, og man ég ekki eftir, að getið væri þarna um, hvers vegna þessi rússneski fræðimaður hélt þessu fram. Hins vegar hafði ég, þegar ég las þetta, komið að hinni sömu niðurstöðu, en það var óburðugleiki mannsbarnsins, sem leiddi mig til hennar. Óburðugleiki þess eins og líka hinn seinfengni líkamsþroski, þótt mér sem fylgja hlyti því, sem maðurinn hefir fram yfir dýrin. Það var frá hinni miklu námsgetu mannsins, sem ég lét mér detta í hug, að hinn há aldur væri honum kominn. Fyrir bernskuvammátt sinn og seinfengna líkamsþroska lét ég mér skiljast, að manninum hafi komið meiri geta en nokkrum öðrum lifendum jarðarinnar til að neyta ávaxta skilningstrésins án þess þegar að deyja af því.

Framvinda og þróun er tilgangur lífsins. Og eftir að komið var á þá braut eins og varð, þegar hinir ógamlanlegu einfrumungar gerðust dauðlegir fjölfrumungar, hlaut öll stöðnun að leiða til ófarnaðar, og mun slíkt jafnan hafa verið orsókin til þess, að líftegundir liðu undir lok. Og hvernig framþróun líftegundanna hefði getað orðið á annan hátt en af varðveislu þeirra á sögu sinni, get ég ekki skilið. Hið eina skiljanlega varðandi ættgengið er, að saga lífsþróunarnar hafi með einhverjum hætti verið skráð í minni hverrar einstakrar frumu hvers fjölfrumungs, og skilst mér þá um leið, að framvindan verði af því, að smámsaman bætist við þá skráningu.

Launin, sem hinum fyrstu lifendum jarðarinnar, einfrumungunum, veittust fyrir það, að þeir hættu að vera framfarasnauðir kæruleysingjar, voru að vísu þau, að þeir hættu að vera ógamlanlegir og áttu sér því engan annan kost en að deyja, þegar nóg hafði verið lifað. En getur nokkur efast um, að slíkt hafi orðið án leiðréttigar og upp-bótar? Það hefði sannarlega verið fráleitt og órókvíslegt, að hin endanlegu laun fyrir hafningu til framþróunar og eilífðargildis hvers einstaklings hefðu verið þau ein, að þeir hættu að vera til. Heildinni er einmitt ekkert eins nauðsynlegt og dýrmætt og það, að hver einstaklingur vari.

# Ur ýmsum áttum

## I

Sagt hefir mér verið, að austur í Rússlandi hafi verið gerðar tilraunir, sem sanni, að huggeislinn hindrist ekki af geislaheldum efnum. Var tilraun þessi sögð hafa farið þannig fram, að maður sá, sem taka skyldi á móti hugskeytunum og senda önnur á móti, hafi verið lokaður inni í blýhylki, sem að auki var kaffært í kvikasilfri, og að skeytasendingarnar hafi á engan hátt hindrast af þessu. Kemur þetta mjög vel heim við það, sem segir í bókinni, „Líf í alheimi“, bls. 147 og 8 er á þessa leið:

„Eigi hugsanaflutningur sér stað, þá er það alveg víst, að hann fer ekki eftir neinum rafsegulbylgjum. Sökum þess, hve rafbylgjur heilans hafa litla orku og litla tiðni, mundu þær ekki einusinni koma fram sem „hávaði“ nokkra millimetra frá höfðinu. Hugsanaflutningur gæti einungis átt sér stað fyrir atbeina orku, sem enn er óþekkt.“

## II

Í „Fálkanum“ 17. júní 1966 er grein um hugsambönd manna á milli, og segir þar á einum stað:

„Pýzk telpa, sem var vangefin, gat talað mörg tungumál, þegar kennari hennar stóð fyrir aftan hana og las orðin á bók án þess að segja þau upphátt.“ Minnir þetta óneitanlega á það, sem ég á öðrum stað hefi séð frásagt, að stúlkur nokkrar austur í Rússlandi hafi getað lesið venjulegt prentletur án þess að njóta augna sinna, og var talið að þær hafi séð það með fingurgómunum. Getur þó naumast verið um það að villast, að þar hefir verið um að ræða alveg samskonar og hjá telpunni þýzku, samskynjan við þá, sem lestrinum stýrðu.

Í sama Fálkablaði var sagt frá því, að tveir sérfr.eðingar í lækna-

deild háskólans í Fíladelfíu hafi gert tilraunir á tveimur eineggja tvíburum á þá leið, „að þegar vissum rafbylgjum var hleypt inn á heila annars tvíburans, framkölluðu þær samskonar rafbylgjur í heila hins, sem lokaður var í einangruðu herbergi á öðrum stað.“

### III

Í fyrsta tölubl. „Þjóðvilkjans“ 1964 er grein sem heitir „Baráttan við ellina“, og er þar frá því sagt, að framleidd hafi verið ellimerki á hundum á þann hátt að þreyta heilabörk þeirra. En merkileg tíðindi þóttu mér það, að þau ellimörk hafi svo verið læknuð með svefni. Og ekki þótti mér spilla þeim tíðindum, að einnig var þarna sagt frá því, að á þennan hátt hafi með góðum árangri verið reynt að lækna sjúka öldunga, sem gengnir voru í barndóm.

Nú hefir að vísu ekki frézt af þessu meira, svo ætla má, að verulegt framhald hafi þar ekki orðið, og er það líka samkvæmt því, sem mér þykir líklegast. En þótt svo hafi hér reynzt, sem mér skilst, að ævinlega muni reynast, að dauðinn einn megni að lækna ellina, þá virðist þó þarna hafa sannað sig að nokkru lækningarmáttur svefnins.

### IV

Í bókinni „Undraheimur dýranna“ stendur á einum stað:

„Svampar eru einfaldastir allra dýra, ef undanskilin eru einfrumungadýr og frumdýr, sem oftast eru ósýnileg berum augum. Og svampa má skera sundur í marga parta án þess að þeir deyi. Meira að segja getur svo hver partur orðið að nýjum svampi, og ekki einungis það. Það er engan veginn víst, að svampur deyi, þótt honum sé skipt niður í frumur. Ef tekinn er svampbiti og undinn gegnum fínofinn silkiklút, þá kemur mjólkurlitaður vökví gegnum silkið. Og ef vökví þessi er athugaður gegnum smásjá, þá kemur í ljós, að vökvinn er mjólkurlitaður af frumum, sem hreyfa sig hægt. Eftir nokkra stund

fara svo frumur þessar að skipa sér saman í smáþyrringar. Þyrringar þessar hreyfa sig, og ef þær rekast á annan flokk, þá renna þær saman við hann. Og eftir þrjá eða fjóra daga fara að sjást smákekkir, sem geta vaxið og orðið að fullþroskuðum svömpum, sem framleiða lirfur eftir svo sem þrjá mánuði.“

## V

„Schneller als das Licht“ (Hraðar en ljósið) heitir bók eftir heimsfræðing nokkurn, Jóhannes Butlar að nafni, og þætti mér eðlilegast að ætla, að þar væri um að ræða geisla þá, sem ekki hindrast af geislaheldum efnum, og getið var um hér í upphafi. Hefi ég ekki lesið þessa bók og veit því ekki, hvað í henni stendur. Hinsvegar hefi ég að miklu leyti lesið aðra bók eftir þennan höfund, og stendur þar meðal annars: „Wir traumen die ganze Nacht, das steht fest, und daher kann der Traum effekiv nicht von Schlaf getrennt werden.“ Pótti mér gott að lesa þetta, því að sé svefninn sambandsástand, þá hlýtur hann ævinlega að leiða til draums. Að vakna af svefni hefir mér líka jafnan reynzt vera hið sama og að vakna af draumi, eins og líka hitt, að draumur byrjar löngum áður en sofnað er til fulls. Aðalatriði er hér því, að draumur og svefn verði ekki aðskildir og skyldi þó ekki þar með sagt, að hinar umtöluduðu athuganir Vesturheimsmanna í þessum efnum hafi verið markleysa ein. Og til marks um, að þróunarskilningur höfundar þessa sé ekki fjarri mínum skilningi í því efni þykir mér það, að hann í þessari bók sinni talar um tilraunaniðurstöðu James McKonnel, sem ég einnig hefi vitnað til. Þykir mér hún koma vel heim við það, sem ég úr „Undraheimi dýranna“ tók hér upp um svampinn. Að svampfrumurnar skyldu sameinast á ný, bendir til minnis þeirra um það, sem var, og er þar þó eftirtektarverðast, að samsöfnun þeirra skyldi hætta, þegar hinni réttu svampstærð var náð. Bendir slíkt til varðveislu formsákvörðunar hjá hverjum einum þessara ófullkomnu og smáu lífeiningja. Er í rauninni ekki um að villast, að hver þeirra hefir munað það af tegundarsögu svampsins,

sem nauðsynlegt var til þess, að rétt skapaður svampur mætti verða til. Og sé nú þannig litið á, sem hér er gert, varðandi framvindu hverrar líftegundar, þá verður það fyrst skiljanlegt, sem staðhæft er í bókinni „Framtið manns og heims“, að þróun kynstofns vors hafi gerzt með síauknum hraða. Hefði þróun hans einungis orðið fyrir tilviljanaáhrif beint að utan á erfðastofna hvers þess, sem bar tegundina fram, þá ætti hún að hafa gerzt með nokkurnveginn jöfnum hraða.

## *Tvennskonar skilningsviðleitni*

Pað rifjaðist upp fyrir mér nýlega, að ágætur Svisslendingur, Emil Jucher að nafni, var eitt sinn að segja okkur Þorsteini Jósepssyni, þegar við dvöldum á heimili hans, að í stað þess að horfa út frá kjarna hlutanna, eins og Platon hafði gert, leitaðist Albert Einstein við að gera sér grein fyrir heiminum utan frá. Hef ég að líkindum ekki gert mér fullkomlega grein fyrir því, þegar verið var að segja okkur þetta, hve vel það kemur heim og saman við heimstakmörkunarkenningu Einsteins, að skilningsviðleitni hans skyldi vera þannig. Því að við að setja sér heiminn fyrir sjónir aðeins utanfrá, var óhjákvæmilegt að hugsa sér hann takmarkaðan, öfugt við það, sem hlýtur að verða, þegar horft er út frá kjarnanum eða hinu einstaka. En þó að mér sé ekkert fjær en það að hugsa mér heiminn og tilveruna takmörkuð eða sem lokaðan hring, þá er mér ljóst, að þessi utanfráskilningsviðleitni hefir nokkuð til síns ágætis. Pannig þykir mér ligga nokkurnveginn ljóst fyrir, að fyrir einmitt þá skilningsviðleitni hafi Kópernikusi auðnatz að leysa af hendi sína stóru leiðréttingu varðandi skilning manna á sólarginum. Við það að setja sér sólhverfið fyrir sjónir utanfrá, eins og hann hlýtur að hafa gert, varð honum ljóst að sólin, en ekki jörðin, er þar þungamiðjan. Að gera sér ljóst, að tilfærsla sólarinnar á himninum verður fyrir hreyfingu jarðarinnar, var þar

lausnin. Og eins og við er að búast er einnig tímarúmskenning Einsteins þannig tilkomin. Fyrir það að horfa utan frá gat honum skiltz þetta, að tími og rúm séu eitt og hið sama, og að tíminn sé því ekki annað en hreyfing hlutanna um rúmið og breytingar þeirra í sjálfum sér. Man ég, að þegar þessi einsteinski skilningur rann upp fyrir mér forðum, en frá því segi ég víst eitthvað í samtölum mínum, og þá studdi ég hana einmitt við leiðréttingu Kópernikusar með því að finna, að þar væri hliðstæða hennar. Og hvað mætti hér ekki einnig segja um leiðréttingu Helga Pjeturss varðandi skilninginn á eðli drauma. Þar er í rauninni um samskonar leiðréttingu að ræða og leiðréttingu Kópernikusar. Hinsvegar þykir mér sem það hafi verið innanfrá séð, sem Brúnó boðaði varðandi hinn óendanlega heim sólna og jarða. Skilningur hans var í heimsfræðilegum skilningi það, sem segja má um líffræðiskilning Helga Pjeturss, lausn út úr fjötrum takmarkananna. Þar blasa fyrst við möguleikar hinnar óendanlegu verðandi.

## *Hvernig talast líkamsfrumurnar við?*

„Hvernig talast býflugurnar við,“ heitir grein, sem birtist í sunnudagsblaði Alþýðublaðsins þann 23. sept. 1964 og kom mér í hug, er ég las þetta, hvernig frumur í lifandi mannslíkama muni talast við, en milli þeirra hlýtur að eiga sér stað nokkurt samband. Nú ætla ég að vísu ekki að fara að neita því, sem haldið var fram þarna í greininni, að samband milli býflugna í býflugnabúi byggist að einhverju leyti á ytri táknum. En þegar þess er gætt, að á milli dýra eins og t.d. hesta og hunda, getur naumast verið um nein sambandstákn að ræða, sem talitz geti mál eða tal, þá ættu líkur til slíks að vera minni hjá þessum smáverum, sem býflugurnar eru. Hins vegar þykir mér ástæða vera til samanburðar á því furðulega skipulagi, sem á sér stað í býflugnabúi,

og frumuskipan í lifandi líkama, og gæti það, eins og talað var um í þessari fróðlegu grein, greitt fyrir skilningi á samböndum jarðarbúa við lifendur annarra hnatta, ef tengsl milli hvortveggja, býflugnanna og líkamsfrumanna, yrðu betur kunn. Hugsanaflutningur eða fjarhrif er nokkuð það, sem margur mun nú hafa heyrt getið um, og mun sá kraftur, sem þar kemur til greina, vera annar og á öðru stigi en rafmagn eða geimbylgjur, þó að hann um sumt hlýði líkum eða samskonar lögmálum. Og þó að þess væri ekki getið í nefndri býflugnagrein, þá er mikil ástæða til að ætla, að slíkt eigi sér stað á milli býflugna og býflugnadrottningar innan býflugnabús. Kennari og náttúrufræðingur, sem ég fyrir mörgum árum kynntist suður í Sviss, og gerði það vegna náttúrufræðiáhuga að stunda býflugnarækt, sýndi mér eitthvert sinn mynd af því, hvernig býflugur eins býflugnahúss þyrptust um hönd manns, sem hélt um drottningu þess í luktum hnefa sínum, og leit þetta út, eins og þegar járnsvarf dregst að segulstáli. Það, sem þarna kom til greina, var auðsjáanlega ekki neitt „samtal“, heldur beint lífsamband eða lífgeislunartengsl, enda man ég, að kennarinn hafði orð á því. Og fyrir það að líta einnig þannig á, þegar rætt er um samband býflugna, kynni það að fara að greiða fyrir samböndum eða skilningi á samböndum við íbúa annarra stjarna. Og kæmust menn þá loks að því, sem lengi var haldið fram af Íslendingi nokkrum, að sambönd þau, sem á miðilsfundum fást, séu sambönd við íbúa annarra stjarna, þá ætti hún að verða auðleyst sú þraut, sem talað var um þarna í greininni, að skilja þá og láta þá skilja sig á móti. Við framliðinn Íslending, sem orðinn væri íbúi annars hnattar, þyrfti auðvitað ekki að tala annað en íslenzku. Það má líka vel sjá fram á, að hugsamtal megi vel takast án sameiginlegrar málkunnáttu viðtalenda.

## Í ljósi frá Íslandi

Í 18. og 19. sunnudagsblaði „Tímans“ er sagt frá tæki til fjarlækningsa og fjarmyndana, og mun þar aðeins vera um einhverskonar skottutæki að ræða, eitthvað samskonar þeim aðferðum, sem stundum eru viðhafðar til þess að sjá fyrir óorðna atburði. En þótt ekki muni þarna hafa verið um að ræða nein raunveruleg tæki til slíks, sem talað var um, þá er ekki þar með sagt, að tilætlunin kunni ekki að hafa tekizt. Pótt ótrúlegt megi kalla, þá hafa kuklspádómar ekki ævinlega reynzt vera markleysa ein, og var þannig um spádóma Adams Rutherfords, sem hann þóttist lesa út úr pýramídanum mikla í Egyptalandi, en ég trúi þó ekki á, að þar hafi verið skráðir. Læt ég ódæmt um áreiðanleik þeirra spádóma svona yfirleitt. En um eitt veit ég að spámaður þessi hafði rétt fyrir sér, enda hið eina í spádómum hans, sem máli skipti að vita. Það var boðskapurinn um ljósið frá Íslandi, sem verða mætti til þess að lýsa þjóðunum fram á betri brautir. Nú hefir að vísu einmitt þessum spádómi ekki mikið verið haldið á loft og líklega síður en flestu því, sem spámaður þessi hefir haldið fram. Pannig minntist Ævar R. Kvaran ekki á þann boðskap í útvarpserindi sínu, sem hann nefndi „Á tíundi stundu,“ og vék hann þar þó að þessum spámanni og ýmsum spádómum hans. En þrátt fyrir ríkjandi þögn um einmitt þetta atriði spádóma hans, er raunveruleikinn þó sá, að þetta ljós hefir hér tendrað verið, og á ég þar auðvitað við kenningar Helga Pjeturss um heimssamband lífsins og það, sem skilja má og framkvæma í því ljósi. Og í því ljósi er það nú einmitt, að skilja má þetta, sem hér var vikið að. Hvort heldur stuðzt er við ákveðnar aðferðir eða ekki, þegar leitað er spávizku, þá veitist slíkt einungis fyrir kraft og tilstilli lengra kominna íbúa annarra hnatta. Að tala hér um fjórðu rýmd eða eitthvað fyrir utan tíma og rúm, greiðir ekki fyrir neinum skilningi, og er það af þeirri einföldu ástæðu, að slíkar „skýringar“ hljóta ævinlega að verða óskiljanlegar. Utan tíma og rúms táknað nákvæmlega sama og aldrei og hvergi. Hitt liggur aftur á móti

ljóst og einfaldlega fyrir, að það, sem menn ekki geta, en gerist þó, hljóti að vera framkvæmt af einhverjum öðrum þeim vitrari og máttugri. En þar sem engir slíkir eiga heima á þessari jörð, hljóta þeir að vera íbúar einhverrar annarrar jarðar. Og sem betur fer vita menn það nú, að fleiri jarðir muni vera til en þessi.

## *Frændrækni við Æsi*

Og þá var hið fyrsta og ferlega ský  
að færast á tindana heiðu. P.E.

Eins og Helgi Pjeturss tók fram, þá rofnaði við kristnitökuna guðsamband, sem eðlilegra var norrænum mönnum og hollara en það, sem upp var tekið, og sýnir sagan það líka, að því meira sem verið hefir hér vald kirkju og kristni, því meiri hefir jafnan verið vesaldómur þjóðarinnar.

Það sem bezt hefir haldið við íslenzku þjóðerni, málið, og það sem af íslenzkum mönnum bezt hefir verið framkvæmt, hefir að langmestu leyti verið á heiðnum arfi byggt. Eru þar hinar fornu Íslendingasögur gott dæmi. Því meir sem þær eru í heiðnum anda, því betri eru þær, og hafa mér ævinlega fundizt hin kristnu áhrif í þeim, þar sem slíkt kemur fram, vera eins og óhreinindi í mat.

Menn halda því fram, að í kristni sé boðuð mildi fremur en annars staðar, og skal því ekki neitað, að margt boðorð sé þar fagurt og gott. En sé reynt að þekkja af ávoxtunum, eins og kennt er í kristnum fræðum, þá er síður en svo, að kristnir menn hafi ævinlega verið mildari í raun en heiðnir eða lítt kristnir. Og séu uppalendur hinnar kristnu trúar bornir saman við aðrar þjóðir, þá verður reyndin hin sama. Gyðingar voru ekki mildari í hugsun og framkvæmd en t.d. Persar og Grikkir hinir fornu, og munu engar heimildir vera til um slík fólskuverk norrænna manna í heiðni og þau, sem Biblían segir, að Ísraelsmenn hafi stundum framið.

En þó að norræn trúarbrögð væru eðlilegri og hollari norrænum mönnum en hebrezk, þá stoðaði það nú lítt, að hverfa þar til þess, sem var. Það sem verða mætti og verða á, er að vísindi komi í stað trúar og vantrúar, og væri byrjunin þar, að menn gerðust nokkru raunsærri og sjálfstæðari í hugsun en þeir yfirleitt eru. Það sem verða á, er að uppgötvað verði, að guðir og aðrar æðri verur séu meira en eintómur hugarburður, og að fundin verði æ betri leið til mögnunar þaðan, sem hollast reynist og bezt hverri manntegund fyrir sig. Þannig yrði þá alveg sjálfsagt, að Gyðingar leituðu sambanda við Jahve og framlíðna spámenn sína. En reyndist norrænum mönnum hollara að taka upp frændsemi við Æsi og leita sambanda við þá, þá væri á sama hátt sjálfsagt, að þeir gerðu það. Annars er hið líklegasta, að þegar á rétta leið væri komið hér á jörðu, að hvað verði látið bæta annað upp án þess þó, að samgrautun yrði um of. Það að hvað eina haldist aðgreint á réttan hátt, er undirstaða hinna réttu samtaka, en ekki á hinn veginn, eins og margir virðast nú ætla.

## *Í framstreymi illra örlaga*

Um fáa menn hérlanda mun dómur sögunnar hafa orðið svo á two vegu og um þá Hrafn Sveinbjarnarson á Eyri og Þorvald Snorrason í Vatnsfirði, og væri víst ekki auðvelt að hneggja þeim dómi að neinu ráði. Samkvæmt sögunni voru framkvæmdir Hrafns jafnan á hinn betri veg en framkvæmdir Porvalds á hinn verri, og um sannleiksgildi sögunnar er ekki ástæða til að efast í neinum aðalatriðum. Það sem þar segir frá, hefir víst óneitanlega gerzt. En er þá enga skýringu að finna á hinum furðulega drengskaparskorti Porvalds, sem hvergi virðist þó koma eins skýrt fram og í viðskiptum hans við Hrafn?

Samkvæmt frásögu Snorra Sturlusonar í Heimskringlu virðist Hákon jarl Sigurðsson, sem um langt skeið var hinn heilladrýgsti

stjórnari í Noregi, hafa espazt til rána og hernaðarframkvæmda eftir að honum hafði verið þróngvað til kristnitöku suður í Danmörku. Eftir að hafa losað sig við hina kirkjulegu kennimenn, sem honum voru þar fengnir til kristniboðs í Noregi, fór hann herskildi á leið sinni um Eyrarsund og Gautland, rændi og myrti hvar sem hann fór, og er ekki getið um neinn slíkan leiðangur hans í nokkurt sinn annað. Virðist því sem hugur hans hafi magnatz upp til slíkra athafna fram-yfir hið venjulega, eftir að hafa komizt í snertingu við hið kristilega kirkjuvald, sem jafnt og þétt sótti norður á bóginn. Kom nokkuð líkt aftur fram hjá honum eftir innrás hinna kristnu Jómsvíkinga í Noreg, því að eftir það virðist hann hafa orðið grimmari og lostafyllri en áður, og hefir það sennilega stafað af afmögnun hins áður goðmagnaða manns. Og eitthvað skylt þessu dettur mér nú í hug, að Porvaldi í Vatnsfirði hafi verið farið. — Það er mjög auðsætt af sögunni, að Hrafn hefir verið eins og líka höfundur sögu hans mjög kristi- og kirkjulega sinnaður. Og þó að þess sé ekki getið, að Porvaldur hefði nokkru sinni í frammi ókirkjulega tilburði — hann virðist meira að segja hafa hlustað á tíðir, þegar honum þótti það henta — þá þykir mér mjög hugsanlegt, að hin kirkjulegu áhrif frá Hrafni hafi getað verkað á hann líkt og kristnitökupvingunin virðist hafa verkað á Hákon jarl. Ekki sízt þykir mér það hugsanlegt, að ást Hrafn á píslarvætti og píslarvottum hafi vakið óbeit og andúð hjá Porvaldi, sem enga löngun mun hafa haft til sjálfsafneitunar og meinlaetalífs, og að það hafi því verið vegna áhrifavalds frá Hrafn, að Porvaldur sótti svo fast og miklu meira en hyggilegt var fyrir hann sjálfan eftir lífi Hrafn. Mér þykir jafnvel hugsanlegt, að Hrafn hafi óafvitandi knúið eða leitt Porvald til þess að gera úr sér píslarvott, og má ráða það af hinum eftirtektarverðu draumförum Tómasar prests í Selárdal nóttnina, sem Hrafn var líflátinn, að áhrifavalð hans hefir ekki verið lítið. Draumur Tómasar var einmitt á þá leið eða í samræmi við það, sem Hrafn lét fara fram heima hjá sér á Eyri þá um nóttnina, og er þar því eitt dæmið til sönnunar hinum nýalska skilningi á eðli drauma. Eða nákvæmar sagt, Tómas dreymdi jafnan, er hann sofnaði, að hann sæi písl Andrésar postula, en á meðan lét Hrafn einn heimamanna sinna á

Eyri kveða drápu um þann sama postula og ræddi á eftir margt um píslir hans.

Það var litlu fyrir dauða Þorsteins Björnssonar úr Bæ, að Þorvaldur í Vatnsfirði tók að vitrast honum. Skildist mér, að Þorvaldur hafi með því viljað fá Þorstein til að rétta hlut sinn að nokkru. Þótti Þorsteini sem af últli Þorvalds hafi ekki verið auðgert að sjá, hvort heldur hann væri góður eða illur, en í kvæði hans, sem Þorsteinn orti um hann, segir, að eigin þótti hafi verið honum æðstur dómur, og er það nokkurn veginn hið sama og Einar Benediktsson segir um valdhafa geimsins. Þykir mér sem ýms orðtæki Þorsteins hafi í bezta lagi verið þung í vigtina, einsog hann sjálfur hefði sagt um valin orð. Ef þegið er og matið, þá er ekki lítilsvert að komizt sé vel að orði, og þykir mér því líklegt, að Þorvaldur hafi þess vegna farið að leita sér liðsinnis hjá Þorsteini. Og hér er ég nú til viðbótar því, sem Þorsteinn gerði til uppreistar Þorvaldi í Vatnsfirði, að minna á framstreymi þeirra illu örlaga, sem svo mjög voru ráðandi um og eftir hans daga. Það var til ills, þó að ekki væri það til ills eins, að kristni og kirkjuvald ruddi sér til rúms á Norðurlöndum, en það var fyrir því valdi, sem Hákon jarl beið ósigur og þá ekki sízt á þann hátt að verða verri maður. Og hafi það verið þetta vald, sem leiddi til þess, hvernig fór með þeim Hrafni og Þorvaldi, þá hefir það leitt til mikilla örlaga og illra. Hefði með þeim farið ekki öðruvísí en vel, hefði ekki nein Sauðafellsför verið farin og Sturla Sighvatsson því ekki neyðzt til að láta fremja það á hinum ófyrirleitnu en að ýmsu leyti drengilegu Vatnsfirðingum, sonum Þorvalds, sem honum mun hafa verið ofraun. Hygg ég, að það hafi verið minningin um þær aðfarir, sem dró úr einbeitni hans til að ráða Gissur Þorvaldsson af dögum, þegar hann átti kost á því. Er auðsætt, að Sturla hefir þá séð fyrir, hvað verða mundi, ef hann ekki gerði það. En hvað orðið hefði, ef saga Gissurar hefði ekki orðið lengri en hún þá var orðin, getur hver sem vill velt fyrir sér. Skemmtilegast þætti mér þó að hugsa til þess, að engin Apavatnsferð hefði verið farin og engin herför á hendur Snorra Sturlusyni. En hugsanlegt þykir mér, að svo hefði getað orðið, ef ríki þeirra Hrafns og Þorvalds hefðu haldizt vestra.

# Í skugga menntavalds fyrr og nú

## I

Fyrir rúmlega ári var sagt frá því í útvarpi og degi síðar í öllum dagblöðum Reykjavíkur, að sænskur fræðimaður, Peter Hallberg, hafi komizt að öruggri niðurstöðu um, að Snorri Sturluson sé höfundur Egilssögu. Aftur sá ég svo getið um þetta í „Visi“ þann 22. apríl s.á., og var þar talað um, að þeir prófessorarnir, Björn M. Ólsen og Sigurður Nordal, hefðu áður hallazt að þessu eða getið þess til. Enn sá ég svo í Mbl. 24. nóv. sl., að Hallberg hefði þarna fundið merkilega aðferð til höfundaákvárdana Íslendingasagna.

Nú er að sjálfsögðu ekki nema gott við því að segja, að þessi útlendi fræðimaður skuli hafa hlotið viðurkenningu fyrir þessa niðurstöðu sína og að menn geti nú farið að fáera sér í nyt rannsóknaraðferð hans. En óréttmætt finnst mér þó, að jafnframt þessari frétt og umræðum varðandi hana skyldi þess í ekkert skiptið vera getið, að þessi uppgötvun varðandi höfundarmark Snorra Sturlusonar var reyndar gerð hér á landi a.m.k. fjörutíu árum áður en Hallberg gerði hana. Er sagt frá því í Nýal dr. Helga Pjeturss, bls. 376 til 383, og þó ekki einungis þar. Einnig í síðari bókum hans er að þessu vikið. Og það var ekki einungis, að Helgi kæmist þar að hinni sömu niðurstöðu og hinn sænski fræðimaður hefir nú komizt að, heldur var aðferð hans í öllum aðalatriðum hin sama. Eins og talað er nú um, að Hallberg hafi gert, byggði Helgi Pjeturss niðurstöður sínar á samanburði málfars, fundi kenniorða og orðasambanda, sem sameiginleg séu í Eddu, Heimskringlu og Eglu.

## II

Bent var mér á það einhverntíma, sem ég þá ekki hafði athugað og hugleitt, að engin hinna íslenzku fornsagna fer fram í nágrenni bisk-

upastólanna. Nágrenni Skálholts og Hóla skera sig nálega úr varðandi það, að þau eru sögulaus frá þeim tínum, sem sögulegastir hafa þótt hér á landi, og gefur það ástæðu til að ætla, að hin íslenzka fornsagnaritun hafi verið eitthvað í ósamræmi við ríkjandi menntavalda á þessum stöðum. Mætti jafnvel ætla, að leyndin varðandi höfunda fornsagnanna stafi eitthvað af því, að þessu menntavalda hafi þótt ástæða til að geta annars fremur en þeirra og þess, sem þeir afrekuðu. Pað mætti jafnvel ætla, að þetta menntavalda, sem sótti hér svo mjög á í lok þrettándu aldarinnar og síðar hafi haft alveg sérstakan vilja til að þegja niður þá menn, sem helzt urðu til að varðveita hinn heiðna arf, og verður mér nú hugsað til hins ríkjandi menntavalds nútíðarinnar. Getur það hafa stafað af öðru en hræðslu hins ríkjandi menntavalds við kenningar Helga Pjeturss um heimssamband lífsins, að þessi munur er gerður á því, hvort hann hefir haldið einhverju fram varðandi höfund Egilssögu eða hvort Hallberg hefir gert það? Hafi svo ekki verið, þá verður þessi munur mér alveg óskiljanlegur.

## III

Til þess að gjalda ekki í sömu mynt ranglæti og heigulskap, skal þess hér getið, að eins og segir í nefndri Vísigræin, bætti Hallberg nokkru við það, sem dr. Helgi hafði gert í þessum efnum. En það var, að Ólafur hvítaskáld, bróðursonur Snorra Sturlusonar, hafi verið höfundur Laxdælu, og er það til að auka hróður Sturlunga, að slíkt skuli þar hafa komið upp. Kemur mér þá í hug, að Ólafur kunni stundum að hafa haft í huga suma frændur sína, þegar hann í Laxdælu var að segja frá þeim feðgum Ólafi pá og Kjartani. Pað má heita, að útlits Sturlunga sé að engu getið, þar sem frá þeim er sagt í Sturlungu. Um Sturlu Sighvatsson er þar þó á einum stað sagt, að fáir muni hafa séð rösklegri mann, og að í Róm hafi fólk tárast yfir því að sjá hann, svo fríðan mann, hart leikinn. Ennfremur má ætla það, að hann hafi, eins og að líkindum Ólafur hvítaskáld, verið bjartur yfirlits og fagurhærður, því að annars hefðu Vatnsfirðingar ekki talað um að lita

lokkana hans Dalafreys blóði, en þannig nefndu þeir Sturlu, en hvort sem það hefir stafað af því, að Sturlungar hafi verið öðrum mönnum gjörvulegri og fríðari eins og Forngríkkir voru á sínum blóma- og menningaröldum, þá er það eftirtektarvert, hve hjá þeim virðist hafa komið fram rík hneigð til að gera sér grein fyrir vexti og öðrum líkamseinkennum þeirra, sem sögur þeirra fjölluðu um. Pannig er auk greinilegar lýsingar á vexti og öðru útliti Egils Skallagrímssonar sagt frá athugunum á beinum hans, svo sem einnig er sagt frá í sögu Grettis, en frumhöfundur þeirrar sögu hefir verið talinn Sturla Pórðarson. Og þar sem slíkt kemur líka fram í Eyrbyggju, þá mætti það ef til vill vera til stuðnings því, að einhver Sturlunga hafi þar átt hlut að, en hvað sem því líður, hvort einhver Sturlunga hafi þar verið að verki eða einhverjir aðrir, þá eru beinaathuganir þessar mjög greinilegt vitni um, að reynt hafi verið að komast sem bezt að hinu rétta varðandi þá, sem sögurnar eru um, og að rangt sé því að líta á þær fyrst og fremst sem skáldskap eða rakalausan tilbúning, eins og svo mjög er nú gert af hinu ríkjandi menntavaldi.

1963

## *Helgun Ólafs konungs digra*

Að sjálfsögðu afsannar það ekki snilligáfu Halldórs Laxness, að honum í niðurlagi Gerplu sinnar yrði á sú glópska að láta „Tungl þverrandi“ lýsa á lofti næstu nött á undan sólmyrkvadegi og segja svo, að eftir að þetta þverrandi tungl hafi verið gengið undir, „hafi nött falið dal og hól á Stiklarstöðum og hinn síðfrjóa hegg.“ Vakti ég athygli á þessari vangá hans, eftir að hafa heyrt hann lesa þessa sögu sína í útvarp, og aftur eftir að hafa lesið „Kristnihald undir Jökli“, en þar virtist mér hann vilja draga dár að boðskap Helga Pjeturss.

Pað er að vísu auðvelt að halda því fram eins og H.L. gerir í ritgerð sinni, „Svarað leiðréttingu um sól og tungl“, sem hann kvað hafa

tekið upp í sérútgefið ritgerðasafn eftir sig, að Ólafs saga helga sé skáldskapur einn, og hér sé því ekki ástæða til að taka mark á henni. En eins og öllum mætti vera ljóst, þá kemur þverrandi tungl aldrei upp fyrr en síðla kvölds eða að áliðinni nóttu og gengur því ekki undir fyrr en eftir dögum, og verður því þar með ekki hrundið, að H.L. hafi þarna orðið nokkuð á. Tel ég slíkt þó ekki nema meinlitla glópsku, sem stórkáld hefði þó átt að geta varast. Hitt sannar aftur á móti nokkra takmörkun á snillingáfu hans, að hún skyldi ekki duga honum til þess að gera sér ljósan þann raunveruleik, sem kenning Nýals byggist á, og haggar sú takmörkun vitanlega ekkert við þeim raunveruleika.

En sé hér nú í stað ástæðulausra renginga og lítilsvirðingar gagnvart fornum sögum og heimildum reynt að hafa það, sem réttast virðist vera, þá liggur hvorttveggja ámóta ljóst fyrir, að hvorki uppkoma né undirganga tungls hafi átt sér stað þessa umræddu nótta. Að sannað kvað hafa verið, að sólmyrkvi hafi átt sér stað á þessum slóðum Noregs sumarið, sem Stiklarstaðabardagi varð, það veitir í rauninni fullkomna vissu um rétthermi sögunnar, og skiptir þar ekki miklu máli, þótt bardaginn væri talinn hafa gerzt 29. júlí í stað 31. ágúst, þegar myrkunin varð. Er mjög skiljanlegt, að slíkt hafi getað skolazt til í heimildum fremur en sjálfir atburðirnir, sem svo mjög höfðu greypzt í minni manna. Auk vísu Sighvats virðist Snorri Sturluson hafa haft greinilegar heimildir um myrkunina, því að hann getur bess, hvenær dags hún hafi hafizt og hvernig hún varð til þess að tefja fyrir því, að Dagshrið hæfist. Og þegar svo gætt er að því, sem ég ekki veit til að gætt hafi verið að áður, og þannig gefur þessu greinarkorni mínu nokkurt fræðilegt gildi, þá kemur hér til greina sú helgi, sem Ólafur Haraldsson hlaut svo mjög framyfir alla aðra konunga í Noregi. Ég furðaði mig lengi á því, að nafni hans Tryggvason skyldi ekki hljóta hana alveg eins eða fremur. Líklegra þykir mér því ekkert annað en það, að samtímun sólmyrkunarinnar og falls hans hafi upprunalega átt þar mikinn eða jafnvel mestan þátt í þeirri helgi.

## Námsefni í friðarskóla

„Stríð er holdsveiki mannssálarinnar,“ hefir Halldór Laxness sagt, en áður hafði Helgi Pjeturss talað um, að styrjaldir svöruðu í mannfelagi til sótta í lifandi líkama. Var það að vísu réttilegar sagt, því að sé mannssálin ekki hold, þá getur naumast verið alveg rétt að tala um að hún verði nokkru sinni holdsveik. En sjúkleiki eru styrjaldir. Og alveg réttilega talaði Halldór þarna um, að aukning víssindalegrar þekkingar hafi framar öðru orðið til þess að lækna hungur og sjúkdóma fólksins. Mætti því ætla, að einnig úr þeirri átt beri að vænta lækningar gegn styrjöldum. Styrjaldir verða framar öllu vegna skorts á réttri hugsun og skilningi, og ætti því að liggja í augum uppi, að aukning hvortveggja mætti þar verða bezta meðalið.

En hvað skortir þá til þess, að víssindi nútímans hafi dugað í þessum efnum?

Pað sem þar hefir skort og skortir, er yfirsýn varðandi heim og líf, og væri það þá eitthvað slíkt, sem verða skyldi námsefni í friðarskóla, en slíkan skóla hefi ég séð talað um að stofna þyrfti.

Giordano Bruno, sem síður er nú getið en margra annarra vitfrömuða mannkynsins, varð fyrstur til að gera sér ljóst það meginatriði heimsfræðilegs skilnings, að til séu óteljandi mörg sólhverfi önnur en það, sem jörðin tilheyrir, og að viðar en hér muni vera líf. En þó að sá þekkingarauki kunni að sýnast óviðkomandi samskiptum manna og þjóða, þá þykir mér mikil ástæða til að ætla, að hið hrylli-lega þrjátíuárastríð, sem geisaði stuttu eftir daga Brunos, hefði aldrei átt sér stað, ef menn í stað þess að myrða hann fyrir kenningar sínar, hefðu látið sér skiljast, að hann var einmitt að segja þeim hið rétta. Og ekki er ég í neinum vafa um það heldur, að hefðu menn á þessari öld verið viðbúnir því að skilja og færa sér í nyt einmitt það, sem í beinustu framhaldi var af boðskap Brunos, að þá hefði þessi öld orðið friðsamari og betri, og á ég þar við það, sem Helgi Pjeturss bar fram í Nýalsritum sínum. Námsefni í friðarskóla væri því framar öðru

kenningar Nýals, og er þó því miður heldur ólíklegt, að nokkrir íslenzkir mennta- eða áhrifamenn verði til þess að benda kennurum slíks skóla á það.

## *Eitthvað verður maður að hugsa sér*

### I

Lengi höfðu hin fjögur bindi Endurminninga M.A. Nexö legið hjá mér ólesin, og segi ég ekki frá því mér til hróss. Loks kom þó að því, að ég tók 4. bindið og fór að lesa. Og einhversstaðar nærrí lokum þess bindis segir Nexö frá þeirri eftirtektarverðu athugun sinni, að sumt, sem honum hafi vitnast eða komið í hug, geti ekki eingöngu verið tilkomið fyrir heilastarf hans sjálfs.

Eins og við var að búast, fer Nexö hér að tala um undirvitund, en spryr þó um leið, hvað undirvitund sé. Undirvitund er botnfall atburða og hugsana, segir hann, og á þar að sjálfsögðu við minningar um slíkt í vitund sinni. Og án þess að hugleiða þetta nánar lætur hann sér nægja þá skýringu, að vitneskja þessi og hugsanir, sem ekki geti eingöngu hafa komið fram við heilastarf hans sjálfs, hafi átt upptök sín í þessu botnfalli.

Eitthvað verður maður að hugsa sér, sagði frænka míni, sem öðrum konum fremur gekk mér í móðurstað, þegar ég var á 9. og 10. ári, og var það í viðtali við einhverja, sem ég man nú ekki, hverjir voru. Hafði hún áður en hún sagði þetta verið að tala um mikilleik himingeimsins og varpaði að lokum fram þeirri hugdettu að norðurljósin kynnu að vera tilkomin fyrir einhver geislatengsl á milli stjarnanna. En af þessum orðum hennar og líka af því, að hún varð eitthvað hugsi eftir að hafa sagt þetta, þykist ég mega álykta, að hún hafi eitthvað fundið til ófullkomleiks þessarar skýringartilraunar sinnar á eðli norður-

ljósanna. En hvað hefði þá ekki Nexö mátt finnast um sína skýringu á tilkomu hinna ósjálfgefnu hugsana og vitneskja? Pegar þess er gætt, að botnfall það, sem hann þarna talar um, gat naumast hafa verið nein vitneskja eða raunverulegar hugsanir og engin ástæða er heldur til þess, að það yrði slíkt við geymd sína, þá er hér sannarlega ekki um annað að ræða en það, að hugsa sér eitthvað. En þakka skyldi þó Nexö, að hann veitti þarna athygli merkilegri staðreynd og lét ekki ógert að geta hennar.

## II

Frétt hefi ég, að austur í Rússlandi, undir strangvíssindalegu eftirliti, hafi stúlkur lesið venjulegt bókletur með fingurgómunum einum saman án þess, að augu þeirra kæmu þar neitt til hjálpar. Þótti mér þetta mjög eftirtektarverð frétt. En furðulegri en sjálf staðreyndin þótti mér þó skýringin á henni, sem var á þá leið, að í fingurgómum stúlknanna muni hafa verið sjónfrumur og fingurgómar þeirra þannig verið sjáandi. En hversvegna skyldi þá höfðinu ekki nægja minna til þess að sjá en að hafa augu? Peirrar spurningar held ég að hinir rússnesku víssindamenn hafi þarna ekki munað eftir að spryra sig, og því ekki einungis komist að hinni fráleitstu niðurstöðu, heldur einnig leikið á sjálfa sig. Hið eina skiljanlega virðist mér hafa verið, að stúlkurnar hafi, án þess að vita af, fengið þátt í skynjan stjórnenda sinna, sem jafnframt lásu það, sem lesa skyldi.

## Tvær spár

Trúað gæti ég því, að vald illra örlaga uggi stundum ekki að sér, þegar það ríkir sem eindregnast, og að góð spá skyldi þá helzt vera borin fram, þegar minnstar líkur væru fyrir hana til að rætast. En þó að spá kunni þannig að geta greitt fyrir sjálfri sér við það að vera borin fram, þá væri það mikill misskilningur, að þar með væri fundin öll skýring á því, að spár rætist. Kom þessi misskilningur fram í klausu eftir André Maurois nokkurn, sem innrömmuð var ásamt mynd af honum í Mbl. þann 3. júlí 1968. Var þarna sagt frá tveimur dænum, öðru til stuðnings þessum misskilningi, en hinu til sönnunar því, að spár séu í rauninni á engu byggðar.

Var fyrra dæmið á þá leið, að maður, sem átti fyrir höndum að fara yfir fljót nokkurt, hitti spákonu, sem leit í lófa hans og sagði með hryggðarsvip, að hún sæi fyrir drukknun, sem svo rættist. En þótt hugsanlegt sé, að það hafi greitt fyrir framkomu spárinnar, að hún var þarna borin fram við hlutaðeiganda, þá er hitt miklu líklegra, að hún hafi verið sögð vegna hugboðs. Og sé svo hitt dæmið athugað, þá kemur þar þó ennþá greinilegar fram vanskilningur greinarhöfundar á eðli spádóma.

Var það dæmi á þá leið, að ungar, illa staddur rithöfundur fer í öngum sínum á fund spákonu, sem spáir fyrir honum á hinn betri veg, eins og líka bráðlega rættist. En þegar spáin hafði rætzt, mundi rithöfundurinn allt í einu eftir því, að honum hafði í ógáti orðið nokkuð á gagnvart spákonunni. Aðferð hennar var sú að fara eftir afstöðu stjarnanna á fæðingarstundu þeirra, sem hún spáði fyrir. En nú hafði rithöfundinum orðið það að segjast vera fæddur árið 1905 í stað 1904, sem var hans rétta fæðingarár. Og þarna þóttist nú greinarhöfundur hafa fullgild rök fyrir því, að spádómur þessi hafi verið markleysa þrátt fyrir það að rætast.

En þar skjátlaðist honum verulega.

Hvernig staða reikistjarnanna hafði verið á fæðingardegi rithöf-

undarins, skipti hér engu máli. Það sem hér skipti máli, var hinsvegar, að spákonan fengi hugboð um leið og hún viðhafði aðferð sína, og þurfti því engu að spilla, þótt rithöfundurinn segði í ógáti rangt til um fæðingarár sitt. Hitt er aftur á móti líklegt, að það hefði getað truflað hugboðssamband hennar, ef hann hefði gert það af ásettu ráði, því að ekki er sama, hvaða hugarfari spáendurnir mæta í sínu spádóms-ástandi.

## *Eins og blátt auga*

Væntanlega eiga þær eftir að leiða af sér ýmiskonar þekkingarauka þessar frækilegu tunglferðir þeirra Bandaríkjamanna, og er því ástæða til að ætla, að kostnaður við þær geri meira en að borga sig. Er eitt af því, sem þegar hefir af þessu áunnizt, að vitað mun nú vera fyrir víst, að tunglið er ekki afsprengi jarðar á þann hátt, sem sumir hafa haldið. Hefir það samkvæmt athugunum á grjóti þess orðið til á sjálfstæðan hátt og um líkt leyti og jörðin, og hefir þar því á annan veg reynzt en mig minnir að ég hafi einhversstaðar séð, að verið hafi ætlun manns nokkurs, sem sett hafði sér það markmið, að afsanna jarðfræðiniðurstöður dr. Helga Pjeturss. Og svo var það nokkuð annað varðandi tunglferðina fyrri sem mér þótti gaman að fréttu. Í blaðinu „Vikan“ var fyrir nokkru birt eitthvað úr ferðasögu tunglfara þessarar tunglferðar, og var það að vísu littmerkilegt flest. En með því skolaði þó fram þeirri athyglisverðu athugun tunglfarans, að frá tunglinu séð sé jörðin eins og blátt auga, og getur naumast verið um að villast, af hverju sá blámi muni stafa. Þar sem lönd jarðarinnar eru ekki fyrst og fremst blá og sjórinn varla heldur, þá hlýtur blámi þessi að stafa frá lofthvolfi hennar. En hvernig ætti slíkt að geta stafað frá því vegna annars en þess, að það raunverulega sé blátt en ekki litlaust, eins og fræðimenn hafa talið?

## *Landmótun jarðsnúningsins*

Talað hefur verið um, að hin eftirtektarverða tilsvörur á strönd Atlantshafsins að austan og vestan styðji þá kenningu, að Ameríka annars vegar og Evrópa og Afríka hins vegar hafi einhvern tíma verið samfast land, en rofnað svo í two hluta, sem síðan hafi svo fjarlægzt hvor annan. Kemur mér að sjálfsögðu ekki til hugar að rengja þá kenningu, þótt fleira hafi getað valdið breytingum en landrekið eitt. En þegar ég horfi á landaskipan jarðarinnar eins og hún kemur mér fyrir sjónir á hnattlíkani, þá þykir mér koma í ljós annað, sem kynni að vera ekki síður eftirtektarvert en tilsvörur Atlantshafsstrandanna. En það er hin tilsvarandi sveigja landbálkanna milli Norður- og Suður-Ameríku annarsvegar og Suðausturasíu og Ástralíu hinsvegar. Og þegar svo þess er gætt, að þessi sama sveigja virðist koma víðar fram í landslagi jarðarinnar, þá þykir mér hún verða enn eftirtektarverðari. Allsstaðar verður hún á sama veg frá norðvestri til suðausturs og í námunda við miðlinu jarðar.

En hvað væri nú það, sem láta mætti sér koma í hug út frá þessu?

Eins og kunnugt er, þá ræður snúningshreyfing jarðarinnar stefnu staðvinda í lofthvolfi hennar, einkum þó við miðbaug, og læt ég mér nú koma í hug, að sú hreyfing hennar kunni einnig að hafa sett sinn snúð á suma meginþrætti landaskipunar hennar eða berghryggja. Er þetta að vísu aðeins lausleg tilgáta míni, en gæti þó, ef rétt væri, brugðið ljósi á nokkuð, sem mörgum kynni að þykja furðulegt. Samkvæmt ýmsum framlífsfréttum virðist vera um allmikla landfræðilega tilsvörur að ræða á framlífsjörðum mörgum og þessari, sem frá var horfið. En væri nú svo, sem ætla mætti, að á þeim framlífsjörðum eigi eða hafi átt sér stað samskonar snúningshreyfing og hjá þessari, og hafi sú hreyfing hvarvetna haft nokkur áhrif á landaskipan þeirra, þá verður þessi tilsvörur miklu líklegri en ella. Og tilsvörunin er nú einmitt það, sem mér er nú æ betur að verða ljóst, að er ein hin þýðingarmesta nauðsyn allri tilveru.

## *Pað er aðeins hamingjan sem göfgar*

„Og það sem ég komst að raun um og það sem mér finnst hin mikilvægasta lexía, var að sársauki og þjáning göfga ekki mannsandann. Alls ekki. Sársauki og þjáning leiða af sér lítilmennsku, beizkju, egingirni og grimmd. Pað er aðeins hamingjan sem göfgar.“

Pessi orð voru mér skrifuð, höfð eftir vitringi nokkrum, og þykja mér þau eftirtektarverð.

Eins og kunnugt er, þá hafa jafnvel þeir, sem djúpvitrapar hafa verið taldir, talið bölið vera mönnum nauðsynlegt til lærðoms og þroska, og er ekki ólíklegt, að slík kenning sé að einhverju leyti sprottin af viðleitni til að réttlæta almáttugan guð. Almætti og algæði mun mönnum eðlilega hafa fundizt ekki geta farið saman hjá guði, nema því aðeins, að þetta sem kallað er illt, þjáningar, harmur og böl, sé í rauninni gott og nauðsynlegt. En eins og ljóst ætti að geta legið fyrir, þá er lausnin á þessari mótsögn allt önnur en su að vera að segja það gott, sem á engan hátt er öðruvísi en illt. Sé nógu einfaldlega hugsað og samkvæmt því, sem staðreyndirnar eru í raun, þá liggur alveg ljóst fyrir, að harmar og böl eiga sér stað einungis vegna takmarkana á vilja hins góða og sannmáttuga. Þar sem böl ríkir, þar er guð ekki almáttugur. Þar hefir vilja hans ekki orðið framengt til fulls. Og vilji nú menn ganga úr skugga um það, sem haldið var fram í hinum tilfærðu orðum hér að framan, þá þurfa þeir ekki annað en að rifja upp þær stundir æfi sinnar, sem hamingjuríkastar voru. Hvenær var það, sem maður vildi öllum vel, ef það var ekki einmitt þá, þegar hann hélt sig vera í námunda við að njóta þess, sem telja má mestan unað jarðlífsins?

## Kjarnhugsun

Það er talið, að helryk það, sem verði til við vettissprengingu, geti valdið stórum stökkbreytingum hjá hinum ýmsu lífategundum jarðarinnar. Og nýlega sá ég getið um það í einhverju dagblaði, að rússneskum víssindamönnum hefði tekizt að valda þeim breytingum hjá gerlum, að fram hafi komið eitthvað líkt og gerist í krabbameinsmyndun. En þó að hér sé um að ræða breytingar snertandi þróun og líf, þá getur það naumast verið annað en truflun og niðurrif. Og það er mjög skiljanlegt, að ekki þurfi nema litla röskun til þess, að meinlausar smáverur verði að vítisverum slíkum, sem sýklar eru. Má í því sambandi minna á, hversu útrýming einnar lífategundar getur valdið skaðlegri offjölgun hjá annarri, og er einmitt mjög hugsanlegt, að eitthvað slíkt komi til greina í krabbameinsvef. Óheillaríkan misvöxt líkamsfrumanna virðist þar vera um að ræða.

Ást eða samstilling tvenninga er undirstaða allrar jákvæðrar byggingsar. Pannig er í byggingu og samverkan frumeindanna, og þannig er í byggingu og samverkan stjarnanna. Eitt bindur þar annað til samleiks, sem verða skal æ fegri og víðtækari. Þróunin verður, eins og ég oft hefi tekið fram, af því, að hvað eina sem bæti við sig af sögu sinni, en sögulegt verður þar einungis það, sem ástin vekur og leiðir fram. En kjarnorkusprengingin er atburður í gagnstæða átt. Hún er niðurrif þess, sem byggt hafði verið, og má því segja, að hún sé leifturhögg, sem reitt hafði verið til á þúsundum áramilljóna. Hún gerist við það, að grundvelli efnisins er spilt. Og afleiðingin verður á sama hátt og þegar slíkt gerist meðal lifenda. Helryk vettissprengjunnar er helryk af því, að þar hefir rofinn verið þessi samdráttur og samstilling tvenninga, sem gerir lifendurna fagra og skapandi og efnið að grundvelli heimsbyggingarinnar.

## Stuttar frásögur

### I

Einhvern tíma á liðnu sumri átti ég tal við Guðmann Geirsson, sem lengi var bóndi í Örnólfssdal í Þverárhlíðarhreppi, en láttinn er nú fyrir skömmu. Minnti ég hann þá á frásögu, hulduheimssögu, sem ég heyrði hann segja fyrir nálega 60 árum, og sagði hann hana nú aftur mjög samkvæmt því, sem hann hafði áður gert. Var frásaga Guðmanns á þá leið, að einhvern dag, þegar hann á barnsaldri gætti kvíáa bónða nokkurs austur í Grímsnesi, sá hann bæ, sem hann kannaðist ekki við og ekki átti að vera, þar sem hann þá var staddur, og hlaut því að vera huldufólksbær. Lýsti Guðmann þessu nokkuð nákvæmlega og gat þess, að umhverfið hefði þarna orðið annað en það raunverulega var. Fjárhús sá hann þarna tvístæð, stóðu þau opin en hurðir voru reistar upp við veggi. Einnig sá hann þarna ríðandi mann, sem teymdi fjóra hesta undir heyböggum, og var þetta því mjög samkvæmt því, sem gerðist á þeimum í þá daga. En eftir að Guðmann hafði horft á þetta nokkra stund, hvarf þetta allt í einu, og var þá engan bæ að sjá né heylest, enda landslagið orðið eins og það átti að sér að vera.

### II

Í frásögum Guðmundar Þórsteinssonar á Klafastöðum, sem birtust í Félagsblaði Nýalssinna 1966, er á einum stað getið um, að svipsýn hafi um nótt borið fyrir mann, sem fannst hann þá hafa verið vakandi. Pótti manni þessum líklegast, að svipur þessi hafi tilheyrt konu, sem kunnug var á heimili hans og lézt um sama leyti nætur og svipinn bar fyrir sögumann, og má af þessu álykta, að sýnin hafi ekki verið greinileg. En hvað sem því líður, þá getur naumast verið um það að villast, hvernig svipsýn þessi hefir verið tilkomin. Par sem manninum

þótti herbergishurðin opnast hjaramegin, þegar konan hvarf út frá honum, þá hefir þetta einungis verið draumsýn, eins og líka það, sem fyrir Guðmann bar. Styrkir þá ályktun það, sem Guðmann sagði mér að auki, að hann hefði, þegar sýnina bar fyrir hann, verið mjög svefnvana.

## III

Í „Furðum Reykjavíkur“, Mbl. 14. 4. 1966 er sagt frá áhrifum deyjandi manns á annan með þeirri afleiðingu, að þessi annar, sem er sögumaðurinn, verður vanmagna um stund, svo að hann getur ekki hreyft sig, og minnti það mig á slíkt ástand, sem gamall Hálssveitingur, Sigurður Jónsson, síðasti bóndi að Landbrotum í Kolbeinsstaðahreppi, sagði mér frá fyrir löngu. En frásaga Sigurðar var á þá leið, að eitthvert sinn, sem hann hafði lagt sig, þar sem hann var til sjóróðra, fannst honum sem lagzt væri ofan á sig og allt magn dregið úr sér. En rétt á eftir kom þar inn félagi hans einn, sem oft hafði ýmsar glettur í frammi og Sigurði þótti líklegur til að hafa haft eitthvað slíkt í huga. En um leið og hann kom, hvarf Sigurði vanmegni þetta, sem virðist hafa verið skylt herfjötri eins og líka fyrrsagða dæmið.

## IV

Annað sagði Sigurður mér, sem ég nú einnig minnist. Sjóróðrafélagi hans annar varð jafnan sjóveikur nokkru áður en á flot var komið. En hið merkilegasta við það var, að hann hefir þó ekki orðið sjóveikur af einni saman tilhugsuninni um það, sem framundan skyldi verða hverju sinni. Bæri svo við, að ekkert yrði af sjóróðri einhvern dag, og það þótt hann vissi ekki annað en róið yrði, þá fann hann ekki til neinnar ógleði. Hinsvegar átti það sér stundum stað, að ekki stóð til að rúa vegna veðurs eða annarra ástæðna, en var þó róið er á daginn leið, og brást það þá ekki, að fyrirframsjóveiki manns þessa hefði sagt það fyrir.

Einhver kynni að vilja spryra, hvað í rauninni hafi átt sér stað varðandi Morgunblaðsfrásöguna, sem ekki var rakin hér að framan, en hann kynni að hafa lesið. En hún var á þá leið, að sögumaðurinn hafði gert manni nokkrum tiltal vegna drykkjuskapar hans, en að maður þessi ræður sér svo bana morguninn eftir. En samtímis því þykir sögumann, þar sem hann lá vanmagna í rúmi sínu, hann heyra útidyrum vera lokið upp, þeim skellt aftur, gengið svo upp tröppur, kippt upp stofuhurðinni, sjá mann þennan koma inn, ganga rakleitt að sér, hvísla að sér orðum sem hann að vísu gleymdi „í bráð“ eins og komist var að orði, sjá aðkomumann síðan ganga út, loka á eftir sér, og heyra fótatak hans út á götu. En áður en ég reyni að svara þeirri spurningu, ætla ég enn að segja frá dæmi, sem vera kynni ekki óskylt þessu.

Guðni hét maður Ísleifsson, sem lengi bjó á Signýjarstöðum í Hálsasveit, þar sem hann líka var fæddur og uppalinn. Seinna gerðist hann verkamaður í Reykjavík, þá nokkuð aldraður orðinn, og þar lézt hann. En einhvern dag, þegar hann lá banaleguna, heyrðist mjög greinilega á Signýjarstöðum að drepið var á dyr án þess, að nokkur maður sæist. Sagði þá húsfreyjan þar, Ástríður Þorsteinsdóttir, að nú væri líklega hann Guðni að deyja. Enda reyndist svo, að hann hafði láttizt þennan dag og um líkt leyti og barið var.

Sagt hefir mér verið, að lítill fingur annarrar hvorrar handar konu nokkurrar hafi jafnan dofnað um stund eða orðið sem lífvana skömmu áður en hún frétti lát einhvers ættingja síns eða góðkunn-

ingja, og bendir slíkt til einhvers kraftláts eða þátttöku í dauða þeirra. Einnig er hugsanlegt, að höggin sem heyrðust vera dreppin á dyr Signýjarstaðabæjar, hafi verið framkomin vegna kraftláts þeirra, sem heyrðu þau, og mætti þá jafnvel láta sér detta í hug einhverja ósjálfráða viðleitni hins deyjandi manns til að endurlíkamast á þessum bernskustað sínum og endurminninga. En rétt þykir mér þó að geta þess, sem mér var sagt ásamt því, sem sagt hefir verið, að Jósep G. Elíesersson, maður Ástríðar, sem þá var orðinn gamall og mjög heyrnarssljór, virtist hafa heyrт þetta eins vel og aðrir, og kynni þetta því að hafa verið sambandsheyrn. Og varðandi Morgunblaðsfrásöguna þykir mér einnig miklu líklegra, að um eitthvað samskonar hafi verið að ræða jafnvel þótt hugsa mætti sér vegna magnleysis mannsins, að hinn deyjandi maður hafi þar líkamnast litla stund. En um það getur naumast verið að villast, að hvorttveggja dæmin hafa gerzt fyrir áhrif frá mönnum, sem voru að deyja.

## VIII

Að lokum ætla ég hér að segja frá lítilli eigin reynd, og kynni hún að varpa nokkru ljósi á sumt af því, sem að framan hefir verið rakið. Það var haustið 1939, að ég ásamt tveimur ungum dætrum var að koma fyrir kartöflum í kofa nokkrum alllangt frá íbúðarhúsi, sem við þá vorum flutt í. Heyrðum við þá öll greinilega að kallað var, og hugðum það merki um, að við ættum að koma heim til kaffidrykkju, sem liðið var að. Fórum við því heim, en þegar heim var komið, var okkur sagt, að ekki hefði verið kallað, heldur aðeins hugsað um að fara að kalla á okkur. Og hver er nú sennilegasta skýringin á þessu? Hið sennilegasta þykir mér, að á einhverjum öðrum stað hafi þessa stund staðið mjög líkt á og hjá okkur, og að þar hafi það raunverulega gerzt, sem varðandi okkur átti að fara að gerast. Mér þykir sennilegast, að um ástæði hafi þarna verið að ræða, sem við fyrir hugsanaáhrif heiman að skynjuðum öll jafnt. Og að eitthvað líkt geti komið til greina til skýringar varðandi sum hin dæmin, þykir mér einnig vera hugsanlegt.

## *Athyglisvert dæmi*

Í „Morgni“ frá 1966, bls. 23 til 25, stendur eftifarandi frásaga:

Prestur nokkur sat einn í vinnustofu sinni, þegar dyrabjöllunni var hringt. Hann lauk upp dyrunum, og fyrir utan stóð ung stúlka, sem presturinn þekkti vel. Hún átti heima í þorpi nokkru í 5 mílna fjarlægð. Þorpið var í næstu sókn, sem presturinn hafði flutzt úr 16 mánuðum fyrr en þetta gerðist.

„Gott kvöld“, sagði hún kjökrandi. „Ég býst við að þér séuð búinir að gleyma mér, en ég á við yður brýnt erindi. Faðir minn liggur fyrir dauðanum. Hann fór sjaldan í kirkju, en einu sinni eða tvívar fengum við hann til að fara í kirkju meðan þér voruð hjá okkur. Mig langar svo til að biðja yður að koma til hans og biðja með honum áður en hann deyr.“

„Ég skal koma nú þegar,“ svaraði presturinn. Hann tók regnhlífina sína, setti upp hattinn og lagði af stað með stúlkunni út í ausandi rigninguna í fimm mílna gönguferð.

Þegar hann kom að húsi hins deyjandi manns, tók húsfreyjan hjartanlega á móti honum. „En hvað það er fallegt af yður að koma til okkar,“ sagði hún. „En hvernig vitið þér að maðurinn minn er að deyja?“

„Dóttir yðar kom og sótti mig,“ svaraði presturinn nokkuð undrandi.

„Komið nú þegar upp á loft með mér,“ sagði konan. „Ég ætla að tala við yður á eftir.“

Presturinn gekk að dánarbeðinum, talaði við sjúklinginn og baðst fyrir með honum. Örskömmu síðar andaðist hinn sjúki. Þá snéri presturinn sér að konunni, sem nú var orðin ekkja, og spurði, hvar dóttir hennar væri, hann hefði ekki séð hana síðan hann kom inn í húsið.

Konan svaraði: „Ég varð alveg hissa, þegar þér komuð hingað óvænt með öllu í kvöld, og ég spurði, hver hefði sagt yður, að

maðurinn minn lægi fyrir dauðanum. Þér sögðuð að dóttir mín hefði sótt yður og að þið hefðuð fylgzt að hingað. Hafið þér alls ekki heyrt, að dóttir mín dó fyrir einu ári?“

Nú kom röðin að prestinum að verða forviða. „Dáin“, sagði hann með sterkri geðshræringu, „hún kom að dyrum mínum, hringdi dyrabjöllunni og fylgdist með mér hingað. Og sjáið þér til, ég hugsa að ég geti fært sönnur á mál mitt. Þar sem vegurinn var bilaður á einum stað, var varðmaður nokkur og annar með honum, sem sátu við eld. Þeir sáu okkur ganga framhjá. Á heimleiðinni skal ég hafa tal af þeim.“

Presturinn lagði af stað heimleiðis, og á leiðinni hitti hann mennina two. „Þið sáuð mig ganga hér framhjá fyrir um það bil einni klukkustund, sáuð þið það ekki?“ spurði hann. „Var ég einn á ferð?“ „Já, herra“ svaraði annar maðurinn, „þér töluðuð við sjálfan yður og fóruð mjög hratt.“

Og hvað er nú það, sem einkum er athyglisvert við þessa frásögu?

Athyglisvert þykir mér það fyrst, að þeir, sem sáu prestinn á leið sinni til hins deyjandi manns, sáu hann þar einan á ferð gagnstætt því, sem honum sjálfum þótti hafa verið. Þykir mér slíkt benda til, að þrátt fyrir það að rata leiðina, og taka eftir vörðunum við veginn, hafi stúlkan og viðtalið við hana, verið einungis draum- eða hugskynjað. Og svarið við því, hvernig þetta hafi gerzt, þykir mér þá að hljóti að verða á þá leið, sem ég tala um í niðurlagi stuttra frásagna hér að framan. Ástæði við samskonar atburð, sem á öðrum stað hafi verið að gerast, þykir mér vera hugsanlegasta skýringin. Þegar presturinn heyrir dyrabjöllunni vera hringt, sér stúlkuna, sem hann þekkir, heyrir hana bera upp erindið og gengur svo með henni hina fimm mílna göngu sína, þá er þar um að ræða nokkuð, sem við samskonar ástæður er að gerast á einhverjum öðrum stað. Á þeim stað gerist það raunverulega, að dóttir deyjandi föður leitar til sálusorgara, sem hún þekkir, og í raunveruleik þess voru nú einmitt falin skilyrði til, að þetta athyglisverða dæmi gæti gerzt. Vegna ástæðis síns og sambands við dóttur deyjandi föður á öðrum stað, gat hin framliðna dóttir komið fram vilja sínum við sálusorgara sinn, sem verið hafði. Ástæðið

eða tilsvörunin leiddi til sambanda hennar við prestinn, sem virðist þarna hafa jafnvel magnazt til meir en venjulegs áræðis og göngugetu. „Þér töluðuð við sjálfan yður og fóruð mjög hratt,“ sagði annar vörðurinn við veginn, og mætti ef til vill af orðum hans álykta, að hann hafi eitthvað undrazt þann mikla röskleika prestsins.

## *Tveir frásöguþættir*

### I

Í „Gráskinnu“ þeirra Sigurðar Nordals og Pórbergs Pórðarsonar, seinna bindi, bls. 157 til 161, er frásaga, sem heitir „Sæl vertu“ og er hún í styttu máli á þessa leið:

Ráðskona hjá fárra manna skipsáhofn, sem stundaði veiðar frá Hól mavík við Steingrímsfjörð sumarið 1942, var á heimleið að afloknu verzlunarerindi þarna á staðnum, og var þetta snemma dags og í glaðasólskini. Pellar hún var skammt komin frá búðinni, þar sem hún hafði verzlað, sér hún konu koma fram úr sundi á milli tveggja húsa og stefna á móti sér á götunni, sem hún gekk, en ekki á sömu vegarbrún. Virtist ráðskonunni í fyrstu, að kona þessi tæki ekki eftir sér. En þegar þær eru komnar á hlið hvor við aðra, þá snarbeygir hún þvert yfir götuna, réttir fram hægri hönd sína og segir: „Sæl vertu.“ Segist ráðskonan þá taka pakkann, sem hún var með undir hægri hendinni og leggja hann undir vinstri hönd sér, rétta fram hina hægri og segja, en þó hálffikandi: „Komdu sæl.“ „Og þarna tókumst við í hendur,“ segir sjómannaráðskonan. „Hún tók snöggt og fast í hönd mína, ekki upp í greip, heldur um fingurna.“

Nokkra stund segist ráðskonan hafa staðið þarna gegnt konu þessari, sem hún aldrei hafði séð og síðar kom á daginn, að aðeins hafði þarna verið eftirlíking látnnar konu í þorpinu. Segir ráðskonan,

að kona þessi hafi horft á sig hvass og rannsakandi, og að sér hafi komið í hug að spryrja hana, hvort hún tæki sig ekki fyrir einhverja aðra en hún var. En vegna þess, hve hún hafi verið óviðkunnanlega furðuleg hafi hún hætt við það. Eitthvað segist ráðskonan hafa farið að líta eftir því, hvort ekki væru þarna fleiri á ferli, og hafi þá séð konu í svo sem 5 metra fjarlægð frá sér, hallast þar fram á grindur og horfa þangað, sem þær tvær stóðu á veginum. Póttist ráðskonan vita, að athygli hennar beindist ekki síður að sér en konunni, sem verið hafi svo sérkennileg að últiti og háttum. Loks segist ráðskonan svo hafa gengið þegjandi burt, litið þó við eftir litla stund og séð hina umræddu konu hverfa inn í hús.

Megi treysta frásögu þessari, sem í alla staði er hin greinilegasta, þá er hér ekki nema um tvennt að ræða til skýringar. Annað hvort hefir kona þessi verið líkamningur og þá öllum jafn sýnileg eða hún hefir verið draum- eða sambandssýn. Kynni mörgum að finnast sem hið fyrrnefnda liggi beinna við. Konan, sem segir frá, virðist ekki hafa verið öðruvísi en vakandi. Hún gerir sér á allan hátt grein fyrir umhverfi sínu, eða virðist a.m.k. hafa gert það. Og hér var ekki einungis um að ræða það að sjá, heldur einnig snertingu og heyrn. En þó var raunin hér eins og í dæminu hér að framan. Samkvæmt frásögu ráðskonunnar frétti hún það seinna úr fleiri en einni átt, að konan, sem stóð við grindurnar og horfði á þær tvær, hafi ekki séð nema hana eina og því furðað sig á háttum hennar og tilburðum þarna á götunni.

## II

Í hinu sama Gráskinnubindi og getið var hér um, á bls. 250 til 51, er frásaga, sem ber fyrirsögnina: „Hundur fylgir banamanni sínum.“ Er frásagan þannig, að hund skorinn á háls bar fyrir konu eina á skóla-staðnum Ólafsdal kvöldið fyrir að maður nokkur kom þangað til gistingar og nokkurrar dvalar. En forsaga þessarar sýnar var sú, að maður þessi hafði ætlað að lóga hundi sínum á þann hátt að skera hann á háls, en mistekizt það. Hafði hundurinn hlaupið frá man-

inum, sem fann hann svo dauðan nokkru síðar. Og þar sem mér þykir fráleitt að ætla, að varanlega hafi hundurinn haldið áfram að vera í þessu ástandi sem fyrir konuna bar, þá þykir mér hið hugsanlegasta, að hún hafi þarna aðeins fengið þátt í minningu mannsins um þessi mistök sín, sem sjá má fram á af frásögninni, og tekið hafi sér þetta nærrí. Er þess einmitt getið, að hann hafi jarðað hundinn með viðhöfn og reist honum minnisvarða, og liggur af þessu í augum uppi, að hinn hálsskorni hundur hafi verið honum mjög minnisstæður. Og gæti nú ekki verið, að eitthvað líkt þessu hafi borið fyrir sjómannaráðskonuna?

Pótt henni fyndist hún hafa verið vakandi, sem hún líka hefir verið að mestu, og þótt ætla verði, að eitthvert samtímaatvik hljóti ævinlega að vera til staðar til þess að vekja upp minningar, þá þykir mér sem um hvortteggja geti þarna verið að ræða. Vaka og fjarskynjan fara stundum saman, eins og dæmin sýna. Og hér gat hin upprifjaða minning hafa verið á þá leið, sem fyrir sjómannaráðskonuna bar. Mér þykir hugsanlegt, að einhver, sem ráðskonan hitti í búðinni eða mætti á göngu sinni, hafi getað borið í brjósti einhverja sára minningu um þessa sjúku og einstæðingslegu konu, ef til vill vegna síðustu viðskipta sinna við hana, og að sýnin hafi verið í nokkru samræmi við það. Hefði þetta þá verið skyldt hlutskyggni eða staðbundnum reimleikum.

## *Sagan af Bölkotsmöngu*

Í IV. bindi Grímu er frásaga af konu nokkurri, sem kölluð var Bölkotsmanga og uppi mun hafa verið á síðari hluta síðastliðinnar aldar. Er frásaga þessi eftirtektarverð meðal annars vegna þess, hve ljóslega þar kemur fram munurinn á afleiðingu ástleysis og ástúðar, og hversu hið síðarnefnda virtist hafa orðið til þess að gera þó að lokum gott úr afleiðingu hins fyrrnefnda. Hafði kona þessi verið gift tvísvar sinnum. En þar sem hún þótti víst ekki ásjáleg og að öðru leyti

ekki vel gefin, þá naut hún ekki ástúðar manna sinna, sem höfðu víst ekki heldur gifzt henni til þess að veita henni slíkt. Kom svo, að hún drekkti sér, líklega af þessum ástæðum. Og þó að hún hafi víst á þennan hátt ætlað að gleyma sorg sinni og finna frið, þá tókst það ekki betur en svo, að nú gerðist hún reimleikavaldur hinn mesti. Fylgdu þeir reimleikar hinum eftirlifandi síðari manni hennar með þeim afleiðingum, að hann varð nálega óalandi og þó einkum óhýsandi vegna ónæðis, sem hvarvetna stafaði af honum, einkum sofandi. Hefir þar auðsæilega verið um slæm svefnambönd að ræða, og er eftirtektarvert, að þeim ófognuði létti þó loks af á heimili bóna nokkurs, sem mikilsmegandi var og gott traust hafði.

Pað var síðla kvölds, að hinn hrjáði ekkill Bölkotsmöngu kom á bæ nefnds bóna, en þangað hafði honum verið ráðlagt að leita sér trausts. Var hann þar láttinn sofa í baðstofu ásamt mörgu öðru fólki. Og þegar til svefn hafði verið gengið, þá gerðist enn eins og venjulega, þar sem hann var niðurkominn. Reimleikar hófust eða aðsókn. En í þetta sinn var það stúlka nokkur, sem fyrir aðsókninni varð, en ekki ekkillinn. Ærðist stúlkan, þar sem hún lá nýsofnuð, og í öræði svefnrofanna hljóp hún upp í rúm eins vinnumannsins, sem ekki einungis tók vel og mannlega á móti henni og tókst að róa hana, heldur virtist hafa þótt að henni hinn bezti fengur. Lét hann hana jafnan sofa hjá sér eftir þetta og giftist henni. Og þetta var nú einmitt það, sem virðist hafa fært Bölkotsmöngu friðinn. Eftir þetta brá svo við, að hún gerði hvorki ekcli sínum né öðrum ónæði framar, og var það samkvæmt draumfrétt, sem einhverjum hafði borizt frá henni síðar. Var hún á þá leið, að við það að koma á þessu ástarsambandi hafi hún loks hlotið ró, og mætti þá láta sér koma í hug, að hún hafi þá í framlífi sínu gerzt meir aðlaðandi en hún áður hafði verið og sjálf farið að njóta slíks, sem hún þarna, en að líkindum ósjálfrátt, hafði stofnað til.

# Rætt við two látna kennimenn

## I

Kunnur listamaður, sem einnig er kunnur að því að vera vitrana-maður, sagði að hann í leiðslu hefði átt tal við mann sér nákunnugan sem láttinn hefði þá verið í nokkuð hárri elli. Þótti honum nú þessi vinur sinn líta út líkt og þegar hann kynntist honum fyrst, en þá hafði hann verið á bezta skeiði. En það sem sögumanni mínum þótti skrítnast af því, sem hann sagði, var þetta: „Það lá við að yrði að svæfa mig aftur.“ En skrítið þótti honum það vegna þess, að hinn látni maður hafði aldrei verið svæfður á þann hátt, sem gert er, þegar skurðaðgerðir fara fram. Spurði hann mig, hvernig ég skýrði þetta, og þótti mér því vera auðsvarað. Samkvæmt því, sem ég hafði getið mér til þótti mér það hljóta að vera hið venjulega, að á framlífsstað vakni maður af svefn, og hafði ég þar einnig fyrir mér framlífssögur. Sé svo, sem ég ekki efast um, að svefninn sé mögnunarástand þá liggur það í augum uppi, að við byrjun framlífs hljóti að eiga sér stað svefn, og taldi ég því víst, að af þeim blundi hefði hinn látni öldungur vaknað. En vegna undrunar yfir því, sem þá hafi blasað við, þótti mér hugsanlegt, að hann hefði snöggvast misst stillingu sína, svo við hefði legið að svæfa yrði hann aftur.

En á hvaða hátt fór fram þetta samtal sögumanns míns og hins látna öldungs? Var hér aðeins um draum að ræða þannig, að hann talaði við draumgjafa sögumanns míns? Eða var þetta á hinn veginn, sem ég hygg miklu sjaldgæfara, að sögumaður minn hafi líkamnast á jörð hins látna manns?

Eitt af því, sem þessi sögumaður minn hefir sagt mér, er á þá leið, að þegar hann falli í leiðsluástand sitt, verði hann það sem kalla mætti meira en kaldur viðkomu. Hann hafði það eftir konu sinni, að snert-ing við hann í þessu ástandi dragi hita frá snertanda meira en nokkur annar kaldur hlutur. En hafi nú sögumaður minn um stund líkamnast

á jörð hins framliðna öldungs, þá þykir mér þetta vera eins og við hefði mátt búast. Það er einmitt mjög líklegt, að þegar geislan frá líkama sofandi manns afmagnar þann, sem snertir hann, að þá eigi sér stað líkömun hans á annarri jörð.

## II

„Mér þykir gaman að verða var við áhuga ykkar á því, hver ég er,“ sagði láttinn prestur, sem svo bráðlega tókst að segja til nafns síns. Lítið var það þó fyrst í stað, sem í gegn komst hjá miðlinum. Var þá beðið um að sungið væri eitthvað létt og fjörgandi, og var eftirtektarvert, hve söngurinn örvaði sambandið. Fór þá hinn framliðni maður að segja frá komu sinni á aðra jörð á ljósan og skemmtilegan hátt.

Var það úti á víðavangi í grænum haga, að hann fyrst vissi af séri, og vegna þess, að hann skildi þá ekki neitt í neinu, varð honum fyrst um og ó. Lokaði hann því augunum aftur, eftir að hafa opnað þau fyrst að afloknum þessum blundi, sem hann sagðist hafa fallið í á sínum sjúkdómsstað. En nú var hann kominn á einhvern annan stað án þess hann vissi hvernig. Eitt þótti honum þó gott við þessi umskipti, en það var, að allar sjúkdómsþrautirnar voru horfnar. Sagðist hann því hafa farið að opna augun aftur, og þó varla nema til hálfss. En það var ekki um að villast. Hann lá þarna úti í grænni náttúrunni, hvernig sem á því gat staðið. Og nú fór hann smám saman að þora að beita skynfærum sínum. Reyndi hann þá, hvort hann gæti setzt upp, og tókst það auðveldlega. Þá reyndi hann einnig að standa upp, og tókst það ekki sem verst. „En við það reyndi ég svo mikið á mig, að ég varð að láta það eftir mér að leggjast niður aftur og hvíla mig,“ sagði hann orðrétt. „Líklega hefi ég sofnað aftur og sofið drykklanga stund,“ bætti hann við, „nema nú, þegar ég vaknaði á ný, voru komnir til míni nokkrir menn, og tveir af þeim buðu mig velkominn, og undraðist ég það stórum. Þegar ég hafði áttað mig nokkuð, varð ég þó enn meira undrandi. Komumaður einn í hópi þessum var enginn annar en faðir minn, og fór hann að segja mér, hvað gerzt hefði, og að þetta allt væri

raunveruleiki. Ég snérist allur öndverður og sagði þeim, að þetta gæti ekki átt sér stað. Jæja, ég þoldi ekki meira af svo góðu og hvarf frá öllu þessu fólkni og vissi ekki af mér. Nú nú, það skal ekki orðlengja þetta meira. Þegar ég rankaði við mér aftur, var ég kominn í uppbúið, mjúkt og hlýlegt rúm. Ég spurði, hverju þetta sætti, og var mér þá sagt, að ég mundi hér hressast og fá fullan styrk, og gæti ég þá farið af þessu sjúkrahúsi, sem ég kallaði svo. Parna var ég svo góðan tíma og undi hag mínum vel, en átti þó mjög erfitt með að meðtaka þessa upplýsingu, sem var svo gjörólík því sem ég ætlaði vera.“

Pegar hér var komið, fór frásagan að verða slitrótt. Þó sagði hinn látni kennimaður frá því, hversu hann gerði sér ljóst, að hann enn var gerður af holdi og blóði, og hversu hann sannfærðist um það af því að gæta að slagæðum líkama síns og styðja hönd á hjartastað. Talaði hann enn um, hve furðulegt sér hefði þótt þetta, og hvílík nauðsyn væri, að hafa áður gert sér þetta ljóst. Og mjög var nú þetta í samræmi við það, sem segir í kaflanum hér á undan um að legið hafi við, að aftur þyrfti að svæfa, en einnig þar var um látinna kennimann að ræða.

## *Tilvísan studd upprifjan skynminningar*

Pótt ekki sé horfið frá þeirri niðurstöðu, að draumskynjan beri ævinlega að rekja til samtímaskynjunar annars manns, þá er ekki þar með sagt, að það sem dreymandinn þóttist hafa séð eða lifað, hafi ævinlega gerzt þá á stundinni. Draumlifun getur einnig hafa verið upprifjan einhvers þess, sem áður hafði gerzt, og kemur þá sú upprifjan í stað þess, sem vakti hana. Án þess að gera sér þetta ljóst, væru sumir draumar óskiljanlegir, svo sem langsögulegir draumar og draumar, sem endurtekið hafa sig nött eftir nótt. Heffi ég áður vikið að þessu, en læt hér nú koma þá viðbót, að í draumi eða leiðslu geti slíkar

skynminningar orðið til hjálpars við að koma fram tilvísunum og leiðbeiningum, og skal hér nú sagt frá dæmi, sem bendir til þess.

Það var einhverntíma að sumarlagi, þegar Þorsteinn Guðjónsson var á barnsaldri, að hann var á gangi einhversstaðar í landi Þingness í Borgarfirði, og hélt á hrífuskafti með veiðifæri á öðrum enda þess. Af einhverjum ástæðum nennti hann ekki lengur að bera þetta veiðitæki sitt og stakk því niður, þar sem hann var staddur, en tók mið af þeim stað við eitthvert kennileiti. Þegar hann svo daginn eftir ætlaði að taka skaftið, hafði það fallið niður, og fann hann það ekki, þrátt fyrir miðunina. Lagðist hann þá niður með þeim ásetningi að láta sig dreyma, hvar skaftið væri, en mundi þá eftir því að hafa heyrt sagt, að óvarlegt væri að leggjast til svefns úti á víðavangi, og stóð hann því upp aftur. En þá þótti honum ljósbjarma bera sér fyrir augu og svo allt í einu mynd af krepptri hönd með framréttum vísifingri. Hreyfðist höndin í sveig og stakkst svo til jarðar í um 20 metra fjarlægð. En er Þorsteinn kom þangað, þá var veiðitækið þar, og reyndist þetta því raunveruleg og ósvíkin tilvísun.

Þessi bendihönd, sem Þorsteinn þóttist sjá þarna, fannst honum að vísu vera sama handarmyndin og hann einhverntíma áður hafði séð í stigagangi stórhýsis nokkurs í Reykjavík, og hefði því mátt ætla, að um minningu um hana hafi hér verið að ræða. En sagan var hér ekki öll sögð. Höndin, sem vísaði á hrífuskaftið, snéri öfugt við handarmyndina í stigaganginum, og hefir því naumast getað verið hin sama. Hitt þykir mér aftur á móti vera mjög líklegt, að minningin um hina fyrrséðu hönd hafi greitt fyrir framkomu hinnar síðar séðu, hvort sem þar hefir verið um að ræða sambandssýn eða líkömunarfyrirbæri, og er þá ekki rangt að segja, að hún hafi stuðzt við minningarupprifjun.

## Ég endurtek

Ég var að lesa í „Íslenzkum dulsögnum“, sem Óskar Clausen hefir safnað, og er þar meðal annars sagt frá skyggni á það, sem ekki var lengur til. Og þegar ég nú las þetta, þá kom mér í hug, að ég kynni að hafa fullyrt um of, þar sem ég hefi sagt, að einungis raunveruleikinn geti orðið manni sýn. En þegar ég hugleiddi betur, þá sá ég, að engin ástæða er til þess, að ég fari að taka þessi orð míni aftur. Pegar hinn skyggni maður sér lönguliðna atburði eða hluti, sem ekki eru lengur til, þá er þar um að ræða eftirskynjanir sýngjafans, en eftirskynjanir verða þannig til, að samtímaskynjun vekur upp minningu um annað áður skynjað og það stundum svo mjög eða öfluglega, að hið áður skynjaða kemur að mestu í stað samtímaskynjunarnar. Gerist þetta því líkt og langsögulegir draumar, og er hér nauðsynlegt til skilnings að hafa gert sér ljóst, að í rauninni gerir maður sér aldrei grein fyrir öðru en því, sem liðið er og að baki. Í vitund manns er í rauninni aldrei um annað að ræða en minningar, og þarf ekki annað en sérstaklega standi á til þess, að manni finnist það, sem á stundinni var að gerast eða séð, hafi verið eitthvað löngu liðið og horfið. Og nú endurtek ég það, að sýn geti aldrei átt sér stað án þess, að eitthvað hafi verið séð raunverulega. Draumur án draumvalds og sýn án raunveruleika eru jafn óhugsanleg og það, að öldur rísi upp af straumlausum vatnsfleti í logni.

## Tveir draumar

### I

Í „Nítjándu öldinni“, sem var ein af bókum próf. Ágústs H. Bjarnasonar um sögu mannsandans, en sem því miður hefir ekki verið endurprentuð, er síðast talað um Friedrich Nietzsche og boðskap hans. Minnir mig að prófessorinn komist þar að orði eitthvað á þá leið, að ef til vill beri að líta á þann mikla andagiftarmann sem fyrirrennara þess, sem koma skal, nokkurskonar Jóhannes skírara, en að hinsvegar hafi hann þó áreiðanlega ekki verið „hinn smurði“. En þó að sá ágæti mennta- og lærdómsmaður, próf. Á.H.B., bæri ekki gæfu til að meta einmitt þann, sem fremur en nokkur annar á þessari öld hefir svarað til þess, sem prófessorinn hefir víst átt við með því að tala um „hinn smurða“, þá kynni þetta mat hans á Nietzsche að hafa verið ekki fjarri réttu. Ofurmennið var það, sem Nietzsche boðaði, mann framtíðarinnar, „óháðan hamingju þrælsins, leystan undan guðum og tilbeiðslum, óttalausan og óttalegan, stóran og einmana,“ og hefir honum þar missýnzt um eitt. En það er mikilleikinn af því að vera óttalegur. Hjá hinum óttalega er einmitt ekki um það að ræða að vera frjáls og óttalaus, því að slíkir bera óttann undir brynjunni, undir því að vera skelfilegir. En hitt bendir fram og er fyrirfari þess, sem verða skyldi, að vera óháður, óttalaus og gjöfull á gnægð ástúðar sinnar svo sem hin ofurmáttuga sól er á ljós sitt og yl. Og þótt dr. Helgi Pjeturss tali ekki um Nietzsche á þann hátt, sem hann gerir um Schopenhauer varðandi uppgötvun sína á sambandseðli svefnsins og draumanna, þá er þó einnig hjá honum nokkurn stuðning að finna í því efni. Er það í bókinni „Also sprach Zarathustra“, kaflanum „Das Kind mit dem Spiegel“, (Barnið með spegilinn) og er á þessa leið:

„Hvað hræddist ég svo í draumi mínum, að ég vaknaði? Kom ekki til míni barn með spegil?

„O, Zarathustra,“ sagði barnið. „Sjáðu þig í speglinum.“

En þegar ég leit í spegilinn, þá æpti ég upp og hjarta mitt tók viðbragð, því að sjálfan mig sá ég ekki þarna, heldur einhverja djöfullega ófresku, afskræmda hæðnishlátrí.“

Mér þykir sem varla geti verið vafi á því, að Nietzsche hafi raunverulega dreymt þetta, sem hann segir þarna frá, og má því segja, að hann hafi þarna nálgast nokkuð þá úrslitauppgötvun, sem uppgötvunin á sambandseðli svefnins og draumanna er. Með því að veita draumi þessum athygli og segja frá honum hefir hann fært fram fullgilda ástæðu til að ætla, að í draumi sé hver annar en hann er í vöku. Og þarna er þetta svo greinilegt, að hann hrekkur upp við að sjá það. Og þótt hann í stað þess að halda hér áfram til raunverulegs skilnings á þessari reynslu sinni fari að tala um merkingu hennar, þá nálgast hann einnig þar annað meginatriði í þessum efnum. Hann fer þar að tala um vald eða mátt óvina sinna, sem spilla vilji boðskap sínum. En orsök draumsins má einmitt ætla, að verið hafi hugur óvina hans, stilliáhrif þau, sem brautryðjendur í hugsun verða löngum fyrir, og kynni þar að hafa verið undirrót þess, hvernig fór fyrir Nietzsche síðar.

## II

Pað var morguninn eftir að ég hafði samið þetta hér að framan, að dótturdóttir míن ellefu ára gömul kom inn til mína um leið og hún var að fara í skóla og sagðist vilja segja mér draum sinn. En draumur hennar var á þá leið, að hún þóttist koma þangað, sem gamli bærinn á Úlfss töðum hafði staðið, og þóttist hún þar mæta manni, ef mann skyldi kalla, því að hann hefði verið furðu ljótur. Var hann mjög dökkur í andliti og með svart hár mikið og niðurslapandi. Pótti henni hann hafa verið þarna að drepa skepnur, sem henni þótti hafa verið kýr, en taka á rás burtu, þegar hún kom þar að. Pótti henni hann hverfa til annarra félaga sinna, sem mjög hefðu verið líkir honum að útliti. Sagðist hún nú hafa snúið heimleiðis haldandi í eina kúna, en þóttist þá mæta mér, þar sem ég hefði komið akandi á einhverskonar

dráttarvél. Þótti henni ég vera mjög reiðilegur, og var útlit mitt nokkuð ámóta og hinna fyrr séðu manna. Maðurinn, sem henni þótti vera afi sinn, var einnig mjög dökkur í andliti, en þó frábrugðinn hinum að því leyti, að hár hans var svartur þyrill, og þyrfti víst naumast að spryra, hvernig útlit sjálfrar hennar hefði reynzt, ef hún hefði séð sig í spegli. Það hefði naumast orðið samkvæmara sjálfri henni en útlit þessa draumséða af hennar.

En var eitthvert samband á milli þess, sem ég hafði verið skrifa kvöldið áður, og draums þessa, sem sýnir svo mjög fram á hið sama og draumur Nietzsches? Það þykir mér ekki mjög líklegt, þótt slíku væri haldið fram við mig. Fræðileg hugleiðing mína um draum hans þykir mér ekki líkleg til þess að hafa stillt dótturdóttur mína til draumsambands síns. Hitt þykir mér aftur á móti vel hugsanlegt, að ég með hugleiðingu minni hafi orðið þess eitthvað valdandi, að draumur hennar festist henni betur í minni, og veit ég um eitt dæmi slíks áður. Hafði ég þá verið að segja manni nokkrum frá þeirri reynslu minni, sem hann kannaðist þá ekki við sem eigin reynslu, að útlit mitt í draumi hafi verið annað en raunverulega er. En nöttina eftir varð maður þessi reynslunni ríkari í þessu efni. Dreymdi hann þá að hann sæi sjálfan sig í spegli. En spegilmyndin sem honum þótti vera sín eigin, var mongólskt kerlingarandlit, og hygg ég, að samband hans við þá kerlingu hafi naumast verið af mínum völdum, heldur aðeins eftirtektin eða það, að hún festist honum í minni.

## *Framkoma „andaljósmynda“*

Lengi gerði ég mér ekki grein fyrir öðru en því, að hin svokallaða skyggni byggðist á einhverjum sérstökum augnhæfileikum þeirra, sem skyggnir voru kallaðir. Leit ég þá þannig á, að vegna þessara sérhæfileika væri miðlum unnt að sjá svipi og annað, sem þeir þóttust sjá á miðilsfundum, en aðrir sáu ekki, og var skilningur minn að sjálfsögðu hinn sami varðandi myndir af framliðnum mönnum, sem sannarlega hafa stundum komið fram á ljósmyndafilmum. Einnig þau órekjanlegu fyrirbæri hugði ég eiga sér stað fyrir það, að ljósmynda-filman væri næmari en venjuleg mannsaugu, og að það hefði því verið um að ræða nærveru ósýnilegra svipa eða vísa til framkomu líkamninga. En eftir að ég fór að gera mér ljóst, það sem sannarlega er ekki neitt einskisvert aukaatriði, að sýnir miðilsins eru einungis sambands-skynjanir, þá fór mér að koma í hug, að með einhverjum hætti hlyti hið sama að gilda varðandi „andamyndirnar“. Mér fór að skiljast, að þar gæti í rauninni ekki verið um að ræða venjulegar ljósmyndir, heldur væri þar um að ræða fjargeislun beint á ljósmyndaplötuna, og skal hér nú sagt frá fullgildri staðfestingu þess.

Til er bók, sem var gefin út hér á landi 1919 undir heitinu „*Út yfir gröf og dauða*“, og var hún þýdd af Sigurði Kr. Péturssyni. Er höf-undur bókarinnar enskur prestur, Charles Tweedale að nafni, og er í góðu samræmi við það, að í bók þessari er sagt frá ýmsum ágætum athugunum, að hann auk prestskapar síns fékkst við stjarnfræðiat-huganir og fann eitt sinn fyrir tilvísan framliðins manns halastjörnu, sem ekki hafði verið vitað um áður. Og ein af þessum merku athugunum, sem sagt er frá í þessari bók, en ég veitti ekki athygli þegar ég las hana fyrst, er áminnzt staðfesting, og er hún á þessa leið í fáum orðum sögð:

„Ég athugaði eina myndina vandlega í rúmsjá og komst að raun um, að þótt myndirnar af mönnunum, sem sátu fyrir, væru háréttar rúmsæismyndir, þá var myndin af svipnum alveg flót“, segir þarna í

bókinni. Var ályktun athugarans út frá því, að svipmyndin hafi ekki getað komið samtímis mannsmyndinni og ekki í gegnum sjóngerið. Er síðan spurt, hvort þar hafi getað verið kristallaðar hugsanir, og ljósið og sjóngerið þá ekki átt neinn þátt í framkomu þeirra. „Allt þetta mál,“ segir svo, „var nægjanlega dularfullt áður, þótt beitt væri þeirri kenningu, að hér væri um ósýnilegar verur að ræða eða anda í nánd viðmanninn, sem sat fyrir. En nú er það þúsund sinnum dularfyllra. Það er enginn hörgull á þeim mönnum, sem geta tekið að sér hlutverk Tycho Brahe í þessum efnum, mönnum, sem geta gert nákvæmar athuganir. En hver getur fetað í fótspor Keplers og dregið út úr þessum athugunum það lögmál, sem skýrir til fulls þessi fyrirbæri?“

Þetta sem hér var rakið, mun standa á bls. 350-51. En á bls. 349 er sagt frá því, að á suma þessa ósýnilegu gesti hafi ljósið fallið frá hægri hlið, en frá vinstri hlið á manninn, sem sat fyrir, og sannar það ekki síður en ósamræmið við þríviddarmyndavélina, að „andarnir“ hafi ekki verið staddir þar, sem myndirnar af þeim urðu þó til. Einmitt það, að ljósið skyldi falla á þá frá annarri hlið en manninn, sem fyrir sat, bendir til þess, að það hafi verið á annarri jörð og í ljósi frá annarri sól en vorri, sem hinir framliðnu menn hafi verið staddir. Og eftirtektarvert þykir mér það og lofsvert, að sá, sem þessa athugun gerir á myndunum skuli fara að tala um Kepler í sambandi við skilning á þessu og þá um leið gera mjög réttan mun á honum og Tycho Brahe. Það er jafnvel ekki laust við, að honum þyki það dularfullt eða lítt skiljanlegt, að myndir af ósýnilegum verum skuli geta komið fram á ljósmyndafilmu, þó að hitt finnist honum ennþá óskiljanlegra, að „andamyrndirnar“ skyldu samt ekki geta hafa verið ljósmyndir til-orðnar á venjulegan hátt.

Og hvað skyldi nú þessum ágæta athugara finnast um þessa lausn, sem fer svo nærri hugdettu sjálfs hans? Skyldi hann nú ekki sjá og hafa séð fyrir löngu, að það var einmitt framhald af stjarnfræðiniðurstöðum Keplers og annarra hinna ágætustu vitkunarfrömuða í heimsfræði, sem hér var verið að styðja með því að láta „andamyrndir“ verða tvívíddarmyndir, þegar notuð var þríviddarmyndavél?

Petta, sem ætla mætti að stefnt hafi þarna verið að, er framhald þeirrar leiðréttigar, sem það er, að draumur eins sé ævinlega að undirrót vökulíf annars, og að hin svokallaða skyggni stafi ekki af neinum sérstökum augnhæfileikum, heldur verði hún fyrir sam-skynjun hins skyggna við einhvern annan. Og hér var það nú einmitt, að ég kynntist því af eigin raun, hve athyglinni getur yfirsézt, þar sem íhyglina vantar. Pessu, sem ég hefi hér tekið upp úr áðurnefndri bók, veitti ég enga eftirtekt, þegar ég las hana fyrst. En eftir að ég hafði látið mér skiljast, að ekkert nema sýnilegt geti ljósmyndast, veitti ég einmitt þessu sérstaka eftirtekt, þegar ég las hana í annað sinn.

## *Raunverulegir svipir*

### I.

Eins og ég fyrr hefi sagt, þá virðist samkvæmt frásögum sjónarvotta, að móða eða lýsandi þoka sé jafnan fyrsti vísis til framkomu líkamnings eða raunverulegs svips, eins og ég nefni það hér, og þykir mér sem marka megi af þessu, að ekki hafi verið sambandssýn eða eintómur draumur, ef þess arna var getið. Kom þetta fram í frásögu Helga Pjeturss af því, þegar guðirnir birtust honum, og einnig síðar þeir Goethe og Descartes. Er naumast um að villast, að þar hefir átt sér stað framkoma líkamninga eða raunverulegra svipa, og styðst það varðandi framkomu guðanna að auki við þá „þogurlegu þrekraun“, sem Helga fannst sem verið væri að vinna áður og um leið og þeir birtust. Er ákaflega vel skiljanlegt, að mikil hafi þeir guðir þurft á sig að leggja til þess að koma hér fram, og kynnu þá að hafa verið síðustu forvöð til þess, að slíkt gæti átt sér stað. Eftir styrjöldina frá 1914 til 18 og þó ennþá fremur eftir hina síðari þykir mér líklegast, að skilyrði til slíks hafi orðið mun verri. En auk þessara einkenna raunverulegra

svipa, að byrja og enda sem reykur eða ljósþoka, kemur þar fleira til greina, og tek ég hér því upp til áréttigar og aukins skilnings nokkur dæmi úr bókinni, „Út yfir gröf og dauða“, en þeirrar bókar hefi ég áður getið vegna staðfestingar á sumum skilningsatriðum, sem ég þykist hafa fundið.

Á bls. 278 til 281 stendur þetta:

„Í fyrsta skiptið þegar vart varð við þetta, vaknaði konan míni við það, að henni fannst vera nístandi kuldí inni í herberginu og að sár-kaldan andblæ lagði á vanga henni. Hún leit við, settist upp og sá þá, sér til mikillar undrunar, hvar hvítur, lýsandi skýstólpi stóð við fótagaflinn míni megin, og náði stólpinn alveg upp undir loft. Hún starði á þetta steini lostin í mínu tu eða lengur. Hún fann alltaf kaldan andblæ leggja til sín. Hún tók eftir því, að ljósið lýsti svo á ábreiðuna, að hún gat auðveldlega greint rósirnar á henni, og séð bæði yfir á þvottaborðið og spegilinn. En svo varð hún hrædd og breiddi fötin yfir höfuð.“

„Í annað skifti vaknaði ég snemma morguns við það, að konan míni ýtti við mér . . . Hún hafði þá séð bjart, hnöttótt ljós við fótagaflinn rétt við fæturna á mér . . . Í fyrstu hafi það verið á stærð við gullepli, en farið svo vaxandi, unz það var orðið að mínu liðinni, á stærð við fullorðinn mann . . . Hún hafði reynt að kalla til míni, en gat það ekki. Ég svaf sætt og vært og andaði þungan, meðan súlan stóð rétt við fætur mér og að nokkru leyti á rúminu, að því er virtist. En að lokum varð konan míni svo hrædd, að hún þorði ekki annað en að ýta rösklega við mér. Ljósið fór sívaxandi, þangað til ég vaknaði og kallaði upp. Þá fullyrðir hún að það hafi hnigið niður í einkennilegar fellingar og verið líkast því, er harmonikubelg er ýtt saman.“

„Í þriðja skiftið vakti konan míni mig eins og áður. Og þegar ég spurði hana, hvað væri um að vera, hvíslaði hún ofurlágt: „Hérna er það.“ Ég settist upp í sömu andránni og ég sá undurfagurt og skínandi ljósský um fjögur fet að þvormáli við fótagaflinn. Það var rétt hjá mér . . . Og meðan ég horfði á það, steig það hægt upp eins og ofurlítill loftbelgur og virtist fara beint upp í gegnum loftið.“

Hjónin, sem hér var um að ræða, voru gestkomandi í þessum

næturstað sínum og fylgdu frásögunni engar skýringartilraunir á fyrirbærunum. Hinsvegar ber frásagan það með sér, svo að naumast getur verið um að villast, að þarna hefir ekki verið um draum að ræða eða sambandsskynjanir, heldur líkamningarfyrirbæri eða raunverulegra svipa. Þykir mér í því sambandi mjög eftirtektarverður þessi nístandi kuldí, sem konunni fannst vera í herberginu. Bendir slíkt til þess, að fyrirbærið hafi dregið magn frá henni eins og líka það, að hún skyldi ekki geta kallað, þegar hún reyndi það. Ennþá meira verður þó að ætla, að maðurinn hafi lagt til af lífsorku sinni, og bendir til þess, að ljósþokan stóð upp af rúminu þeim megin, sem hann lá. Ekki síður bendir til hins sama, að fyrirbærin skyldu ævinlega hverfa um leið og hann vaknaði og að hann, meðan þau stóðu yfir, svaf ævinlega fast og dró þungt andann. Í síðasta skiptið sá hann að vísu hina hverfandi ljósþokuslæðu. En einmitt þá, áður en hann vaknaði, hafði líkominin tekizt nokkurnvegginn til fulls. Sá konan þá, áður en maður hennar vaknaði, dökkklæddan mann, rólegan og alvarlegan, standa við fótagnaflinn. Lýsti þá af honum eins og þokusúlunni áður. En í sama bili og eiginmaðurinn vaknaði, hneig svipurinn saman og leystist sundur í ljósský, höfuðið fyrst og svo bolurinn, og var ljósskýið hið eina, sem eiginmaðurinn sá.

## II

Í bókinni „Miðlar og merkileg fyrirbæri“, sem svo heitir í þýðingu Sveins prests Víkings, eru líkamningar sagðir vera ekki óraunverulegri en það, að þeir séu, svo lengi sem þeir vari hverju sinni, gerðir af holdi og blóði eins og venjulegir lifandi menn. Segir þar, að hjörtu þeirra slái, vöðvar, æðar og taugar séu þar fyrir hendi, og þá vafalaust öndun og önnur lífsstarfsemi, og er þetta góður stuðningur hinum íslenzka framlíffskilningi. Og samkvæmt því, sem einnig segir í bók þessari, þá á sér hjá þeim stað skynjan og vitundarstarf, og skal hér nú sagt frá dæmi því til stuðnings. Minnir þetta dæmi að sumu leyti á það, þegar svipur lifandi manns skrifaði orðin „stýrðu í norðvestur“ og

bjargaði með því sjálfum sér og annarri áhöfn skips, sem var í nauðum statt, og er það dæmi svo kunnugt, að óþarf er að rekja það nánar. Gat þar að vísu ekki verið um að ræða einan saman eiginrammleik þess, sem birtist og orðin skrifaði, heldur einnig einhverra annarra betur vitandi og megandi, og verður að ætla, að slíkt komi í rauninni ævinlega til greina við framkomu svipa. Tek ég dæmið upp úr áðurnefndri bók, „Út yfir gröf og dauða“, bls. 285, og segir þar á þessa leið:

„Ég fór snemma í rúmið, til þess að þurfa ekki að vera innan um vinnufólk, en margt af því var ástúðlegt og vildi votta mér hluttekningu í harmi mínum“, segir stúlka, sem þá nýlega hafði misst ástríkan föður sinn. „Eftir beiðni minni fékk ég að sofa í herbergi með elskulegri stúlku, sem ég hér nefni fóstru. Tvö rúm voru í herberginu og bil á milli þeirra. Rúmið, sem ég svaf í, var nokkru minna. Fóstran sofnaði von bráðar og dró andann þungt, en ég þjáðist af hugarkvöl. Ég harmaði ekki einungis missi föður míns, heldur kvaldist ég af ótta fyrir því, að hann hefði dáið of snögglega til að geta fengið frið í guði, því að hann hafði haft efasemdir, sem höfðu verið honum áhyggju-efni. Pegar leið á nóttina, magnaðist hugarkvöl míni, og að lokum kraup ég niður og fór að biðja til guðs. Ég bað þess innilega, að þessar sorglegu hugsanir hyrfu frá mér og að hinn heilagi andi veitti mér fulla vissu um, að faðir minn hefði fundið frið í honum. Mér fannst ég þó ekki finna neina huggun undireins, og það var komið framundir dag, er ég stóð upp frá bæninni, og mér fannst ég verða að bíða eftir svari.“

„En þá allt í einu greip mig löngun til að fara upp í rúmið til fóstrunnar, sem var svo góðleg. Ég hélt mér mundi ekki finnast ég eins einmana hjá henni. Rúmið var á móti glugga, og fyrir hann var dregið hvítt gluggatjald. Um leið og ég var að fara ofanundir og færa fæturna upp í rúmið, tók ég eftir því, að daufan bjarma af dagrenningu fór að leggja inn um gluggann, og smáfugli, sem sat fyrir utan gluggakarminn, en í sjálfu herberginu var nær niðdimmt. Ég var að breiða ofan á mig ofurrólega, þegar ég allt í einu sá undurfagurt ljós þeim megin við rúmið, sem fóstran lá, og uppljómaði það herbergið. Í miðju ljósinu stóð faðir minn, gjörsamlega ummyndaður, hjúpaður

himneskri birtu. Hann leið hægt að rúminu og lyfti upp höndunum eins og hann ætlaði að taka mig í faðm sinn. „Faðir minn“ kallaði ég upp, frá mér numin af fögnuði. „Vertu eilíflega blessuð, barnið mitt, vertu eilíflega blessuð,“ mælti hann. Ég ætlaði að klifra yfir konuna til að minnast við hann og rétti fram hendurnar. Hann leit þá til míni með ástúðlegu en þó jafnframt döpru augnaráði og sýndist líða með ljósini yfir að veggnum og hvarf. Sýnin stóð yfir stutta stund. Mér varð ósjálfrátt litið út í gluggann og sá, að dagrenningin hafði ekkert færzt og fuglinn sat úti fyrir glugganum í sömu stellingu og áður.“ En eins og stúlkan tók fram, veitti þetta henni slíka huggun, að hún segist hafa grátið gleðitárum.

Eins og fyrirbæri fyrrsögðu dæmanna virðast hafa notið hins sofandi eiginmanns konunnar, sem sá þau, þannig virðist hinn látni faðir hafa notið hinnar sofandi fóstru, sem eins og komist var að orði um eiginmanninn, dró andann þungt. Er því mikil ástæða til að ætla, að það hafi hér haft meginþýðingu, að hin syrgjandi dóttir skyldi finna sig knúða til þess að fara upp í rúmið til „fóstrunnar“. Enda gerðist þarna á sama veg og í fyrrí skiptin, að svipurinn kom fram þeim megin við rúmið, sem fóstran lá. Hvað birtuna snertir, sem stúlkan segir, að hjúpað hafi svip föður síns, er það að segja, að þar hefir sennilega verið um hið sama að ræða og sagt var frá í fyrrí dæmunum, þar sem aðeins einu sinni náði að koma fram meira en ljósský. Prátt fyrir það að koma þá fram sem dökkklæddur maður, lýsti einnig af þeim svipi. En hversvegna sú birta stafaði af honum og föður stúlkunnar, veit ég ekki. Aðeins þykir mér hugsanlegt, að eins og fatnaður líkamast ásamt því, sem hann skýlir, þegar svipir koma fram, kunni umhverfisástand þeirra einnig að geta gert það að nokkru. Mætti þá hugsa sér, að þessi birta hafi ekki verið annað en það, sem var á hinum bjarta og fagra framlífsstað þeirra, sem svipirnir tilheyrðu. Væri þetta þá skylt því, sem ég hygg að gerist, þegar fjarmyndun látins manns verður á ljósmyndafilmu. Verða þær myndir þá ekki til fyrir skin þeirrar sólar, sem hér lýsir, heldur fyrir sólskin á framlífsjörð.

## III

ENN ER Í NEFDRI BÓK, bls. 155 til 163, sagt frá stúlku nokkurri rússneskri, Palladíu að nafni, og svipbirtingum hennar láttinnar, og er sami maður þar æ til frásagnar. Segir hann fyrst frá því, að hann fylgdi stúlku þessari ásamt systur hennar frá Moskva suður á Krímskaga, og hafði bróðir þeirra beðið hann þess. Sá hann þá Palladíu í fyrsta sinn, og var hún þá 14 ára, há, grannvaxin og veikluleg. Dvaldi hann á sama stað og þær hálfsmánaðar tíma. Petta var vorið 1872. En ári síðar, eða 1873, hitti hann þessar systur aftur í Odessa. Og er hann þar eithvert sinn var að lesa fyrir þær eithvað, hneig Palladía útaf og var þá látin.

Rúmlega þremur árum eftir að þetta gerðist, var sögumaður búsettur í Kænugörðum. Var hann staddir þar í viðhafnarstofu sinni og lék á hljóðfæri. Paðan, sem hann sat, sá hann inn í aðra stofu, þar sem annar maður var að störfum. Varð sögumanni, sem segist hafa verið í mjög góðu skapi, litið yfir að stofudyrunum og kom þar auga á kvenmann, sem hann þegar sá, að var Palladía. „Hún stóð þarna í miðjum dyrunum,“ segir hann, „og sneri líkamanum ofurlítið til annarrar hliðar, en þó horfði andlitið beint við mér. Hún horfði rólega á mig. Hún var í sama dökkleita búningnum, sem hún lézt í að mér ásjáandi. Hægri hönd hennar hékk niður með síðunni. Ég sá greinilega herðar hennar og efri hluta líkamans. En ég man ekki, að ég sæi pilsíð, og er ekki viss um, hvort ég fætur hennar eða ekki. Ef til vill var það af því, að ég starði stöðugt framan í hana. Pegar ég sá hana nú, var mér gleymt að hún var dáin. Svo greinileg og eðlileg var hún í augum mér. Ljósið skein á hana báðum megin, og gat ég því séð hana vel. Fyrstu áhrifin voru þau, að mér fannst mér renna kalt vatn milli skinns og hörunds. Ég varð sem steinilostinn og stóð á öndinni. En það var ekki vegna hræðslu, heldur af einhverju öðru . . . Hversu lengi Palladía stóð þarna, get ég ekki sagt. En hún hvarf til hægri og hvarf bak við hurðina á lesstofunni.“

Fremur skildist sögumanni, að hinn maðurinn, sem var við eitt-hvert starf í næstu stofu við hann, hefði séð einhvern ganga fyrir dyrnar milli þeirra. En þegar hann sá, hve sögumanni var brugðið,

hafi hann farið að halda því fram, að þar hafi þjónustustúlkan verið á ferð. En raunverulega segir sögunaður, að hún hafi þá verið stödd á allt öðrum stað, og að slíkt hafi því ekki getað komið til greina. En eftir þetta segir hann, að Palladía hafi birzt sér mörgum sinnum. Stundum sá hann hana tvisvar í viku, stundum tvisvar á dag, en stundum hafi liðið mánuður svo að hann sá hana ekki. Í bókinni segir frá þemur dænum auk hins framanskráða, og tek ég þá frásögu upp nokkuð stytta.

„Um kvöld í nóvember 1879 sat ég við skrifborð mitt og kepptist við það, sem ég var að gera. Allt í einu sá ég hvar Palladía situr í hægindastól andspænis mér. Hún studdi hægri hönd undir kinn og létt olnbogann hvíla á borðinu. Mér varð bilt við, en er ég hafði áttað mig, leit ég á úrið og fylgdi sekúnduvísinum með augunum. Ég leit svo á Palladíu og sá, að hún sat enn í sömu skorðum. Hún horfði á mig með gleðiblandinni ró. Ég herti nú upp hugann og ávaraði hana í fyrsta skipti. „Hvernig líður yður,“ spurði ég. Það sást engin breyting á andliti hennar og ég minnist ekki þess, að hún hafi hreyft varirnar, þó heyrðist mér glöggt hún segja orðið „rósemi“. „Ég skil,“ svaraði ég, og þá um leið þóttist ég skilja meiningu hennar með orðinu rósemi. En til þess að vera viss um, að mig væri ekki að dreyma, leit ég á úrið. En þegar ég leit aftur á Palladíu, sá ég, að hún var farin að óskýrast og hverfa, og var mér þá um leið horfið það, sem ég þá rétt áður hafði þótzt skilja út frá orði hennar.“

„Árið 1885 dvaldi ég um tíma á landsetri foreldra minna í grennd við Poltafa. Kunningjakona okkar hafði komið þangað, í því skyni að dvelja hjá okkur ásamt tveimur dætrum sínum. Palladía birtist mér þá einn morgun í dögun nokkru eftir að þær voru komnar. Ég svaf þá aleinn í afskekktum hluta hússins. Hún stóð skammt frá mér og horfði á mig með gleðibrosi. Og er hún hafði fært sig nær mér, mælti hún: „Ég hefi verið . . . ég hefi séð.“ Síðan hvarf hún með bros á vör. Ég gat ekki gizkað á, hvað hún meinti með þessum orðum. En þennan sama morgun hafði eldri dóttir vinkonu okkar gestkomandi vaknað snemma og heyrta sagt við sig án þess að hafa séð neinn: „Vertu ekki hrædd við mig, ég vil vel og elska.“ Höfðu þá móðir stulkunnar og

systir legið þarna inni hjá henni í fasta svefni. En stúlkan, sem þetta var sagt við, varð seinna eiginkona sögumannsins.

Að síðustu segir sögumaður frá því, að í október 1890 hafi hann verið staddur í einhverju herbergi á heimili sínu, þar sem ljós logaði á lampa. Kom sonur hans tveggja ára þangað hlaupandi inn til hans, og allt í einu birtist honum þá Palladíá. Horfði drengurinn fast á hana, sneri sér síðan að föður sínum um leið og hann benti til hennar og sagði: „Frænka.“ Tók faðir hans hann þá á kné sér, en þegar hann svo leit til Palladíu, var hún horfin.

#### IV

„Og er hann hafði talað þetta, varð hann uppnuminn að þeim ásjáandi, og ský nam hann frá augum þeirra,“ stendur í Postulasögum Nýjatestamentisins I. k. 9. v. Í Lúkasar guðspjalli, 24. k. er hinsvegar sagt frá því, að augu tveggja lærisveina Jesú, sem hann birtist eftir dauða sinn, hafi verið svo haldin, að þeir þekktu hann ekki, og að það hafi ekki verið fyrr en hann hafði setið til borðs með þeim, tekið brauðið, eins og venja hans mun hafa verið, blesсаð það, brotið og fært hvorum sinn skammt, að augu þeirra hafi lokizt upp, svo að þeir þekktu hann. En það var um leið og hann hvarf sjónum þeirra.

Pegar ég ber þessa frásögn saman við dæmin, sem rakin voru hér að framan, þá þykir mér sem um samskonar hafi verið að ræða. Varðandi Palladíu liggur það nokkurn veginn ljóst fyrir, að hún hafi borið í brjósti ástarhug til sögumanns, og að sá ástarhugur hafi ekki einungis varað út yfir gröf og dauða, heldur orðið þar æ innilegri og hreinni. Eru dæmin um hana því sérstaklega hugþekk auk þess að vera sterk sönnun fyrir framlífi. Birting svips er óhugsanleg án þess, að sá sem birtist, sé raunverulega til.

En þrátt fyrir óeigingjarna ást hennar hefir hún þó ekki komið hjá að ræna þennan elskhuga sinn nokkru lífmagni um leið og hún birtist honum hverju sinni, og er það mjög samkvæmt því, sem lærisveinarnir tveir fengu að reyna um leið og svipur meistara þeirra varð þeim

sýnilegur og á annan hátt raunverulegur. Þegar Palladía í fyrsta sinn birtist elskhuga sínum, var honum gleymt, að hún væri dáin, og var það merki um sljóvgun og að hann hafi orðið utan við sig. En um leið og Jesús birtist lærisveinum sínum, urðu þeir svo utan við sig, að þeir þekktu hann ekki. Létti þeim sljóleika ekki af þeim fyrr en hann var þeim horfinn, og er þessi samstaða við fyrrsögðu dæmin mikill stuðningur við sannleiksgildi hinnar fornu sögu. Í frásögunum af birtingu Palladíu er það tekið fram, að hún hafi ævinlega birzt sögumanni óvörum, og að hún þá eftir stutta stund hafi smámsaman orðið daufari og að síðustu horfið „sem reykur“. Er slíkt í góðu samræmi við skýið, sem nam Jesú í uppstigningu hans frá augum lærisveina sinna, sem þá voru hjá honum staddir. Taldi Helgi Pjeturss líklegast, að ský það hafi ekki verið annað en líkamningur hans sjálfss í sínu upplausnar og þokustigi.

## *Ljós, neisti og bros í dauða*

### I

Í grein minni hér að framan leitaðist ég við að gera grein fyrir sumum einkennum raunverulegra svipa. En nokkru þykir mér nú sem mátt hefði bæta við, og kemur mér þá fyrst í hug frásaga í æviminningum Tryggva Emilssonar, sem hann nefnir Ljósið í tóftinni. Segir hann þar frá hálfstyr sinni, kornabarni, sem lifði aðeins í fjóra mánuði, og hann þá á 14. ári annaðist af stakri nærfærni og hlýju. Pykir mér því sem ekki komi til mála annað en að hann segi þar satt og rétt frá. Þar sem ástúðin er, komast ósannindin ekki að. En varðandi sjálft ljósið er frásaga hans á þessa leið:

„Fimmtudag 24. febrúar 1916 var ég snemma á fótum eftir vöknótt, hún litla systir mína var fárveik, og ekki kom faðir hennar með

meðölin. Hríðargnauðið á þekjunni í Bakkaseli var dottið í dúnalogn svo ég hraðaði mér út að krafla fönnina af baðstofuglugganum svo birtan ætti léttari leið inn að rúminu þar sem lítið barn barðist við dauðann. Guðný hélt eldinum lifandi í vélinni þessar nætur svo ekki væri kuldانum um að kenna en strax og fönnin hvarf af glugganum hið ytra náði frostið tökum á rúðunum og dró þar upp sínar köldu rósir. Ég var enn undir áhrifum næturinnar þegar ég kafaði fönnina í fjárhúsin, mig hafði dreymt svo underlega drauma. Ég opnaði hurðina og lét mér birta ögn fyrir augum, fór síðan upp í garðann og inn í koldimma tóttina þar sem ég leysti heyið í geilinni, tók síðan fang og gaf fram á garðann. Ég var að beygja mig eftir seinna fanganu þegar allt í einu varð næstum bjart í geilinni, ekki varð mér hverft við þessa birtu en sleppti þó fanganu og leit í kringum mig, og þá sá ég hvar svolítið skært og fagurt ljós flögraði til og frá milli stabbanna svo hvergi bar skugga á. Ekki gat ég greint að nokkur héldi á þessu ljósi, það var eitt af sjálfu sér, enginn lampi eða utanaðkomandi geisli, ljós sem enginn hafði kveikt, aðeins ljós, sem lifði smástund og hvarf. Ég beygði mig aftur niður eftir fanganu og gaf fram á garðann og hljóp svo á stað heim. Í bæjardyrunum mætti ég Guðnýju, þar sem hún stóð með túru í hendinni og sagði mér að hún systir míni væri dáin.“

## II

Veturinn 1929 til 30 var ég við barnakennslu í Hálsasveit, og fór hún að miklu leyti fram að Húsafelli. Var það þá einhvern laugardag skömmu fyrir jól, að ég ásamt Ástríði Þorsteinsdóttur húsfreyju á Signýjarstöðum fór í heimsókn að Kalmanstungu. Var okkur þar tekið hið bezta, og þó ekki sízt af húsráðandanum, Ólafi Stefánssyni. Var hann þá hinn ernasti að sjá, en bráðfeigur, því að hann lézt þá um veturinn, og get ég ekki látið ógert að geta þess hér, að skömmu áður en ég frétti lát hans dreymdi mig, að Eiríksjökull væri horfinn af sínum stað. Læt ég liggja milli hluta hvort þar hafi verið um fyrirboðadraum að ræða. En hitt var raunverulegra, að Ólafur nálgadoist

það á ýmsan hátt að vera það meðal borgfirzkra baðna, sem Eiríksjökull er meðal borgfirzkra fjalla. Ólafur var hinn fríðasti og gervilegasti maður í sjón. En hvort sem það hefir boðað feigð hans eða ekki, sem bar fyrir Ástríði þarna í Kalmanstungu, eftir að gengið hafði verið til náða, þá minnti það óneitanlega á Urðarmána eins og honum er lýst í Eyrbyggju. Um kvöldið hafði þarna eitthvað verið leitað sambanda við framliðna á þann hátt að láta glas hreyfast, og man ég þar ekki eftir öðru en því, að samband fékkst við nýlátna stúlkuna, sem verið hafði í Kalmanstungu. En frá Ástríði er það að segja, að eftir að hún var lögzt til svefn, þar sem hún var ein í herbergi, fann hún kaldan gust leggja á andlit sér. Sagðist hún þá hafa opnað augun og séð ljósan eða lýsandi þokuhnoðra á svifi fyrir ofan sig. Horfði hún á þetta litla stund, unz það dróst saman í lítinn neista, sem sundraðist og hvarf.

## III

Naumast virðist mér, að nokkur vafi geti verið á því, að þessi tvö dæmi beri að telja til raunverulegra svipa séðra vakandi augum. Er kuldaskynið frá þokuhnoðranum eitt af því, sem bendir til þess. Sá munur er hér þó, að annarsvegar mun fyrirbærið hafa stafað frá deyjandi barni, en hinsvegar frá einhverjum áður látnum að því er ætla verður, og skiptir sá munur naumast máli. Í grein minni hér að framan tala ég um, að birta sú, sem fylgdi sumum hinna raunverulegu svipa, muni verið hafa sólskin frá framlífsstað þess, sem birtist, og skal ekki horfið frá þeirri tilgátu. Við lát litlu stúlkunnar varð til í návist bróður hennar lítið ljós, sem um stund gerði bjart umhverfis hann, og þykir mér sem það hafi aftur á móti verið lífmagnsfyrirbæri eins og líka neistinn, sem hinn svífandi þokuhnoðri varð að, áður en hann hvarf. Læt ég ógert að gizka á, hvernig slík ljós fyrirbæri verða til, en ætla í þess stað að taka upp það, sem Tryggvi Emilsson segir í framhaldi þess, sem ég tók upp eftir honum hér að framan, því að það

bendir svo fagurlega til þeirrar líknar, sem ætla verður, að sjálfur dauðinn muni stundum vera:

„Ég horfði lengi á litla andlitið hennar systur minnar, þjáningarsvipurinn var horfinn og mér sýndist brosið á vörunum, sem áður lýsti svo mikilli mildi, vera fegurra en nokkurn tímann fyrr og ég þóttist sjá að þjáningin héfði horfið áður en hún dó.“

## *Burður meðal guða*

Svo sem ég einhvers staðar áður hefi vikið að, þá þykir mér sem í ríki lífsins megi líta á samverkan hinna tveggja gagnstæðna, karl- og kveneðlis, sem framhald af samverkan miðflótta- og aðdráttarkrafts í ríki stjarnanna. Er samverkan þessara gagnstæðna þar slík, að án hennar hefði aldrei nein stjarna orðið til. Og slikt virðist mér að segja megi um nefnda gagnstæðni í ríki lífsins, og er þar eitt, þegar tvær karl- og kvenfrumur sameinast með þeim árangri, að nýr einstaklingur kvíknar, maður eða dýr. „Hver sem reynir að varðveita líf sitt, mun týna því,“ er haft eftir Jesú, og er það skylt því, sem Nietzsche boðaði varðandi framkomu ofurmennnisins. Pað að gefa sig að grunni og sjást ekki fyrir, talaði hann um sem skilyrði fyrir framkomu þess. Og hér á sér þetta raunverulega stað. Hinar tvær frumur gagnstæðs eðlis fyrir-fara sér í ást hvor til annarrar og með þeim árangri, sem að framan greinir. Sameiningin fyrir hina algjöru sjálfssóun er það sem kveikir hinn nýja lífsneista og gefur rúm hinum skapandi krafti. Og hvað það er, sem síðan ræður móturn og gerð hins nýja lifanda, þykir mér sem ljóst liggi fyrir. Pað er ættarsaga foreldranna, sem hinar tvær frumur voru komnar frá, og óhjákvæmilegt er að ætla, að með einhverjum hætti hafi verið skráð í erfðastofna þeirra. Og hér er ég nú kominn að tilefni því, sem kom mér til þess enn einu sinni að rekja þennan

skilning minn. En tilefnið er það, sem Helgi Pjeturss á einum stað í Nýal sínum segir frá samförum guðs og gyðju ásamt kviknun full-vaxins guðs þá á stundinni. Par segir svo:

„Guð og gyðja nálgast hvort annað í ást, skínandi ennþá vegur en áður — því að það er hið æðsta eðli fullkomnunarinnar, að geta alltaf aukizt. Þó að fögur samstilling væri fyrir, þá verður hún þó nú ennþá vegurri, og hin guðlega gleði og hið guðlega lífsafl, kemst á ennþá hærra stig en áður. Og sjá. Hið þriðja er þar, vera sem er af báðum hinum guðlegu elskendum og fullkomtin á sömu svipstundi og hún verður til. Þar er enginn meðgöngutími, engin aflögur hins óumræðilega fagra líkama gyðjunnar, engin erfið fæðing, aðeins aukning hins guðlega lífsafls, fyrir fullkomnari samstilling en áður.“

Því, að enginn eigi nema eina foreldra og vaxi því ekki nema einu sinni fram af fóstri, hélt Helgi Pjeturss ákveðið fram, og þykir mér það þó liggja einna ljósast fyrir út frá því séð, sem ég rakti hér að framan. Kviknun lifanda fyrir sameiningu tveggja kynfruma og þó einkum það, að hann sæki alla eiginleika sína til ættar sinnar, gerir fortilveru hans alveg óhugsanlega, og mætti þar þó einnig geta þess, að framlíf hlýtur ævinlega að hefjast samtímis því að látið er. Framlíf er óhugs-anlegt sem fósturlif.

En hverju hefi ég þá við að bæta varðandi burð meðal guða?

Endurris og endurbygging framlifenda varð mér undireins ljós og skiljanleg, eftir að mér hafði verið bent á möguleika til þess á þann hátt, sem gert er í Nýal. En það var víst ekki laust við, að ég blandaði saman við það frumkvíknun slíkri, sem hér er um að ræða. Nú fellst ég hinsvegar á, að það hafi verið af vanhugsun. Endurris framlifanda er allt annað en frumkvíknun nýs einstaklings og gerist heldur ekki á sama hátt. Frumkvíknun einstaklings gerist alveg sérstaklega fyrir samverkan gagnstæðna í stað þess, að slíkt virðist naumast eða ekki koma til greina við endurris látnis til framlífs. Og að gera mér nú þetta ljóst er að bæta nokkru við það, sem mér áður hafði skilizt. Burð meðal guða slíkan, sem lýst var hér að framan, ber að líta á sem beint framhald af frumkvíknun manna og dýra eins og hér gerist. Og framhald það — í hverju hefði það getað verið falið öðru en því, að ris

gagnstæðnanna hefði aukizt á leiðinni frá hinu mannlega til hins guðlega stigs?

Til þess, að slíkt gæti átt sér stað, sem lýst var, urðu guðinn og gyðjan að gefa sig hvort öðru miklu fullkomlegar en maður og kona geta gert, fyrifara sér í ást, eins og ég komst að orði um hinum tvær frumur við kvíknun fóstursins, en þó ekki allskostar á sama hátt. Fyriförin verður að ætla, að ekki eigi sér þar stað, nema um stundarsakir. Og hví skyldi þarna ekki, eins og við kvíknun fósturs og endurbygging framlifanda, vera rakin öll þróunarsaga guðanna allt frá byrjun? Hvarvetna, jafnt í ríki guða og manna, hlýtur hvað eina að gerast samkvæmt óhaganlegum lögmálum vanans. En framundan skyldi þó ævinlega vera hið fugursta og bezta. Og sé nú útfrá því hugleitt, þá getur naumast verið komist hjá þeirri ályktun, að uppúr fósturstiginu hljóti að verða vaxið. Meðal guða hlýtur slíkt sem aflögun af fósturþunga og erfiðar fæðingar að vera óhugsanlegt.

## *Af annarra frásögn og eigin reynd*

### I

„Hún sa einnig sömu sýnir, eftir að hún var blind orðin“ heyrði ég sagt í útvarpsþættinum Sumarvöku, kvöldið 18. júlí '78, og var það um skyggna konu, sem meðal annars sa stundum fylgjur manna og gat því oft sagt fyrir um gestakomur og hverjir koma mundu. En að hún skyldi sjá þetta, eftir að hún raunverulega var hætt að sjá, bendir eindregið til þess, sem ég hefi verið að halda fram um eðli allrar sérskyggni, og gat ég því ekki látið ógert að taka hér upp þessi orð.

Í sama útvarpsþætti og sagt var frá þessu, var einnig sagt frá manni, sem slegið hafði álagablett og hefnzt fyrir það. Dreymdi hann nóttna eftir, að til hans kæmi kona reiðileg mjög og áteldi hann fyrir að hafa

gert þetta, sem hann hefði vitað, að ekki mátti. Þótti honum konan klípa sig í annan handlegginn, áður en hún hvarf, og varð honum ekki meint af því í fyrstu. En bráðlega fór hann að kenna sér meins, þar sem honum þótti konan hafa klipið, og magnaðist það svo, að handleggurinn varð honum ónýtur alla tíð síðan. Gátu læknar þar ekkert að gert, og var sagt, að Guðmundur Magnússon prófessor hefði verið einn þeirra, sem það reyndu.

Og nú er það spurningin, hvað hafi þarna verið um að ræða.

Séð hefi ég þess getið að ör eða önnur merki hafi sézt eftir aðgerðir huldulækna, sem vitjað hefðu sjúklinga í svefni eða leiðslu, og að þau merki hefðu þá verið samkvæm því, sem sjúklingnum þótti hafa fram farið. Hefir mér þótt hugsanlegast, að þarna hafi átt sér stað ástæðis-samband á milli sjúklinga þannig, að aðgerð, sem raunverulega hafi verið framin á öðrum, hafi fyrir ástæðissamband orðið ámóta árangursrík fyrir báða. Geri ég að sjálfsögðu ráð fyrir því, að sá sem aðgerðin var framin á eins og líka læknirinn, sem framdi, hafi verið íbúar annarrar jarðar, og ástæðistengslin því verið um langan veg. Og út frá þessum skilningi þykir mér nú eðlilegast að líta á handleggs-mein hins ógæfusama manns. Í stað lækningaraðgerða og góðgeislunar til sjúklinga hefir þarna verið um lífmagnsárás að ræða og illgeislun, sem fyrir sameiginlega sektarvitund draumgjafa og draumþega leiddist til þeirra beggja.

En hvernig ber þá að skilja bannhelgina eða það, að ekki skyldi mega slá hinn umrædda blett?

Að sjálfsögðu er það með öllu óhugsanlegt, að neinskónar fólk búi hér í hólum og hömrum, og getur því ekki orðið um búsetuárekstra við það að ræða. Slíkir árekstrar á milli granna hafa hér hinsvegar oft átt sér stað, og er þá ekkert því til fyrirstöðu, að slíkt eigi sér stað einnig á öðrum jörðum, þar sem mannfélagsástand væri á líku stigi og hér er. Þegar komið er á þá skilningsbraut, að menn og aðrir lifendur séu víðar en á þessari jörð og að sambönd eigi sér stað milli þeirra og jarðarbúa, þá liggar við að segja megi, að bannhelgi staða svo sem ótalmargt annað geti flutzt frá einni jörð til annarrar. Geta þar komið til greina líkingar eða einhverjar tilsvaranir staða þar og hér. Og væri

nú tekið mark á sögunni, sem tekin var upp hér að framan, og mér þykir einmitt mjög eftirtektarverð, þá er vissulega nokkur ástæða til að vara fólk við því að brjóta að nauðsynjalausum ýmsar gamlar hefðir. Sérstaklega ættu menn að varast að brjóta helgi lífs og fegurðar, því að háttvisin og góðvildin hljóta ævinlega að leiða á betri brautir.

## II

Ekki get ég látið af þeirri sannfæringu, að leiðin til sáttu manna á milli væri aukin þekking og skilningur á fyrirbærum tilverunnar, og að sættirnar séu það, sem leita ber að. Ég heyrði að vísu eithvert sinn kunnan og mikils metinn fræðimann lofa það, að menn séu ekki sáttir og sammála. „Pannig er það og þannig á það að vera“, voru hans orð, og mun hann hafa meint eða trúð, að deilurnar skýri málefnum. En þó að slík trú kunni að líta ekki illa út, þá mun reyndin jafnan hafa orðið önnur. Reyndin mun að jafnaði verða sú, að menn deili aðeins til aukins ósamþykks. Og nú ætla ég hér enn að bæta nokkru við þann skilning minn á eðli svefns og drauma, sem menn hafa reynzt svo tregir til að fallast á, en það er sambandseðli þeirra, og segi ég þar fyrst frá eigin reynd.

Ég hvíldi á legubekk inni í bókaherbergi mínu. Ég hafði gleymt mér, en vaknaði eða þóttist vakna til þess ástands, sem nefnt er martröð. Ég þóttist sjá umhverfi mitt og vita hvar ég var. En ég gat mig ekki hreyft, og þótti það illþolanlegt. Ég reyndi að kalla, en gat það ekki. Meðan á þessu stóð, þótti mér maður nokkur koma inn til mínu, sem raunverulega var þá staddur á heimili mínu. En hann hvarf burt án þess að sinna mér neitt. Að lokum losnaði ég undan þessu ástandi af sjálfsdáðum, en án þess að vita hvernig. Og nú varð mér ljóst nokkuð, sem mér hafði ekki verið ljóst áður. Prátt fyrir það að hafa nokkrum sinnum áður kynnzt þessu ástandi, varð mér nú það fyrst ljóst, að þar hefði aðeins verið um draum að ræða eða sambandsástand. Martröðin er aðeins draumur, og varð mér það ljóst af því, að maðurinn, sem mér þótti koma inn til mínu, kom ekki þar sem herberg-

isdyrnar eru að norðanverðu, heldur þar sem vesturveggur herbergisins er. Og svo var það nú hér að auki, að maður þessi kom alls ekki inn til míni, meðan á þessu stóð.

Og hverju hefi ég nú hér við að bæta?

Ég hefi því við að bæta, að eftir að ég hafði komist að þessu af eigin reynd, rifjaðist það upp fyrir mér, að ég heyrði eitt sinn föður minn segja frá martraðarástandi, sem ég þá ekki gerði mér ljóst að bendir til hins sama og ég hafði komist að. Var það í hjásetu þar sem hann í bernsku skyldi gæta kvíaa, að hann um stund lá í þessu ástandi. Sá hann þá auk þess, sem honum mun hafa þótt vera hjásetuumhverfi sitt, karl og kerlingu við ullarvinnu, og gátu þau vitanlega ekki verið þar stödd raunverulega. Má af þessu ljóst vera, að þarna hlýtur einnig að hafa verið draumur. Og hlýtur nú ekki að mega álykta það út frá þessu hvorutveggja, að réttara muni jafnan vera að gera ráð fyrir sambandsskyni fremur en eigin skynjun, þegar um leiðsluástand var að ræða?

## *Dæmi lífsambanda og lífmagnsfyrirbæra*

### I

Í Garðyrkjuritinu 1978 er lítil grein um fiðrildi, lauslega þýdd úr sænsku, og er þar sagt frá dænum varðandi ýmislegt hátterni þeirra, sem mér virðast benda til lífsambanda, öfugt við það, sem þar er haldið fram. Tek ég hér upp tvö þessara dæma, og er hið fyrra á þessa leið:

„Eini leikur fiðrildanna er ástarleikurinn. En heimurinn er stór en fiðrildin lítil. Ekki væri það nógum gott, að fiðrildin þyrftu að flögra um

allt sumarið og ef til vill án þess að finna neinn. En náttúran hefir séð fyrir því. Kvendýrið sendir frá sér sterka ilmvatnslykt, sem karlinum finnst ómótstædileg. Maðurinn finnur ekki þessa lykt, en fiðrildið getur fundið hana í margra kílómetra fjarlægð.“

„Vísindamaður í Helsingfors hefir sagt frá fiðrildi, sem hann átti. Hann setti það í glas yfir nöttina og geymdi það við opinn glugga. Næsta morgun var fullt af biðlum kringum glasið. Þetta var eins og í ævintýri, þar sem prinsarnir komu úr öllum löndum til hallarinnar, þar sem prinsessan býr. Og eins og prinsarnir óttast þeir engar hindranir, því að í annað skiptið lokaði vísindamaðurinn öllum dyrum og gluggum og beið átekta. Er hann leit inn í herbergið nokkrum klukkustundum síðar, voru þar mættir hvorki meira né minna en níu kavalerar. Aðeins ein skýring var á því, hvernig þeim hafði tekist að komast inn í herbergið: Niður um reykháfinn.“

Síðara dæmið er á þessa leið:

„Vitni hafa skýrt frá einkennilegu atviki, sem þau urðu vitni að, er þau voru stödd á strönd Norður-Afríku við Miðjarðarhaf. Ströndin, þar sem allt var uppbormað, var þéttvaxin þistlum. Á hverjum stöngli héngu þúpur þistilfiðrilda, sem voru að því komin að klekja út. Eftir svo sem hálftíma tóku þúpurnar að opnast og fiðrildin að skríða út. Eftir klukkutíma til viðbótar voru þau tilbúin til flugs.

Skömmu seinna lyftist hópurinn eins og eftir skipan, og sveif eins og ský útyfir Miðjarðarhaf.“

## II

Pað var einn morgun að vetrarlagi, þegar ég var á unglingsárum, að ég samkvæmt venju minni þá fór út í fjós heima hjá mér, og var í fylgd með mér maður, sem gist hafði um nöttina. Lét bolakálfur, sem bundinn var þar á einhverjum bási á fjósinu, þá venju fremur illa og ófriðlega, og sagði maðurinn, sem var eftirlitsmaður hjá nýstofnuðu nautgriparæktunarfélagi í byggðarlaginu og áreiðanlega var ekki hjá-trúarfullur, að það sækti að bolsa og bráðlega mundi verða komið

með kú í heimsókn til hans. Tók ég þetta víst ekki neitt alvarlega, því að líklega hefi ég, þegar þetta var, ekki haft mikla trú á aðsóknum og öðru slíku. En bráðlega, og áður en næturgesturinn var farinn, rættist þessi spá hans, og hefir líklega orðið mér til slíkrar undrunar, að mér er þetta minnisstætt enn eftir nálega 70 ár. En hér var nú samt ekkert einsdæmi. Síðan þetta var hefi ég kynnt og heyrt sagt frá mörgum samskonar dæmum, og hefir þá stundum fylgt staðfesting á því, að vegna gagnstæðis vindáttar hafi þefskynjan ekki getað komið þar til mála sem skýring. Og sé nú gætt að því, sem sagt er frá í greininni sænsku, þá þykir mér skýringin hljóti einnig þar að vera hin sama. Jafnvel þótt ilmvatnsskýringin hafi ekki verið tilbúningur, en hún byggðist ekki á mannlegri þefskynjan, þá nægir hún ekki. Hversu raunverulegur sem ástarilmurinn hefði verið, þá gat hann naumast hafa borizt út frá lokuðu glasi, og kynni því þarna að vera enn eitt dæmið um það, hve fráleitra skýringa menn grípa löngum til, þegar gengið er fram hjá hinu rétta. En sé hér aftur á móti horft út frá lífsamböndum eða lífgeislan, þá bregður undireins góðri birtu á þetta eins og líka það, sem gerðist við suðurströnd Miðjarðarhafsins. Vegna lífmagnstengsla var það, að elskendunum tókst að finnast, þeim, sem getið var í fyrra dæminu. En í síðara dæminu var það sammagnan hópsins, sem veitti hverjum einum ratvísí og getu fram-yfir það, sem hann af einum saman eiginrammleik gat hafa haft yfir að ráða. Þar var það gildi hins marga, sem kom til sögunnar. Og nú kemur mér nokkuð í hug, sem mér hefir ekki áður í hug komið. Ég hef séð orð á því haft, hve furðulega bruðlunarsöm náttúran sé, þegar um það sé að ræða að halda við líftekundum með framkomu nýrra einstaklinga. Hundruðum milljóna sáðfruma sé þá sóað, þar sem í hästa lagi ein nái tilætluðum árangri, og kemur mér þar nú enn í hug þýðing hinna mörgu fyrir hvern og einn. Mér kemur í hug, að sú sóun kunni að vera nauðsynleg hinum eina, sem ekki var sóað til ónýtis. Og hvort er þar nú ekki eitt dæmið um lífmagnstengsl eða segulsamband milli hinna gagnkvæmu tvenninga lífsins, að sáðfrumurnar skuli dragast að eggfrumunum?

## III

Í fimmta hefti „Samvinnunnar“ 1978 segir Björn Blöndal frá at hugunum sínum varðandi svefn fiska og fugla, og eru þær til stuðnings því, að öllum lifendum muni vera nauðsynlegt að sofa. En eftirtektarverðast þótti mér þó það, sem hann segir frá í niðurlagi greinar sinnar um þetta efni. En það er, að hann á aðfangadagskvöldi jóla sá hóp snjótittlinga, sem í skjóli höfðu þjappað sér saman til svefns. Segir Björn, að sér hafi þótt einkennilegast, að þeir hafi þarna virzt teygja úr hálsunum, svo að nef eins fuglsins hefði snert nef annars, og þykir mér hugsanlegt, að þarna hafi verið um að ræða óafvitaða aðferð þeirra til aukinnar mögnunar af svefnneyzlu sinni. Má þessi athugun Björns heita einstæð, og kynni þá fleira mega finna í fari þessara litlu og veikbyggðu einstaklinga, sem bendi til sammögnum milli þeirra, sem hjálpi þeim til að lifa af hinn langa, íslenzka vetur. Pannig er ekki fjarri því, að þrátt fyrir smákrit, sem virðist stundum eiga sér stað á milli þeirra, megi af sumum hreyfingum þeirra álykta á þann veg. Hefi ég þar einkum í huga ýmsar flugsveiflur þeirra, þar sem hreyfing hvers eins verður samtímis mjög á sama veg og allra annarra, og gæti slíkt naumast átt sér stað án samvits eða líftengsla milli einstaklinganna. Og er nú ekki hugsanlegt, að þessi hópur snjótittlinga, sem Björn segir frá, hafi einmitt þetta helgikvöld orðið fyrir áhrifum frá honum sjálfum? Það þarf ekki að efa, að hugsambönd eða eitthvað skylt eigi sér stað ekki einungis milli manna eða einstaklinga sömu tegundar, heldur einnig á milli manna og dýra, og mun sérstök fiskni einstakra manna og aðrir veiðihæfileikar eiga rót sína að rekja til þess. Virðist þar vera um einhvern sérstakan kraft að ræða til að laða að sér og hugstýra, og þykir mér því hugsanlegt, að þaðan sem þessum smælingjum hafi nú verið veitt næring, hafi jólahugur veiðimannsins orðið þeim áhrifaríkur ekki síður en veiðihugur hans kann stundum að hafa verið, þegar um var að ræða fiska og önnur dýr.

Vafalaust hefir tilætlunin verið sú, að með kynsvelti því, sem munkar og nunnur skyldu á sig leggja, veittist einhver ávinningur, enda mun stundum sú raun hafa orðið. Eins og stífla, sem neyðir vatn til að leita hærra óss er hugsanlegt, að skírlífi hafi stundum getað leitt til einhvers samskonar og yogaæfingar gera. Og nokkurri sönnun um raunveruleik meygildisins eða magnsöfnunar vegna varðveizlu meydóms þóttist ég einu sinni verða sjónarvottur að, og skal það nú rakið sem eitt dæmi eftirtektarverðra lífmagnsfyrirbæra.

Vorið 1936 fluttist ég ásamt fjölskyldu minni sem bóni að Úlfsstöðum eftir eins árs búskap í Geirshlíðarkoti í Flókadal. Höfðum við þá meðal annars með okkur fáeinrar hænur ásamt einum hana, og léturnu við fugla þessa fara saman við aðrar fáeinrar hænur, sem þarna voru fyrir. Höfðu þær hænur þá lengi eða jafnvel alla sína tíð verið hanalausar, og voru því algjörlega eða sama sem ósnortnar meyjar. En dæmið eftirtektarverða var nú einmitt það, hve mikla lífmagnsfræðilega þýðingu það virtist hafa fyrir hanann að hitta þessar hænur, og var þarna líkt og hleypt hefði verið af stíflu. Gekk hann á röðina, þar sem þær voru þessar ósnortnu meyjar, og svalaði kynfýsn sinni á hverri þeirra aftur og aftur án þess að líta við sínum fyrri frúm. Þykir mér líklegast, að þessar aðfarir hanans hafi stafað af því, að hann hafi skynjað hjá þeim ofgnótt kynmagns til mótvægis við karleðli sitt. Eða væri ef til vill réttara að segja, að hann hafi skynjað hungur þeirra, sem hann þá auðvitað einungis til að þjóna sjálfseðli sínu kepptist við að bæta úr?

# *Fróðleg bók varðandi árur og skyggni*

## I

„Nýjar víddir í mannlegri skynjun,“ heitir bók, sem ég las nýlega, og færði hún mér, þrátt fyrir þetta fremur leiðinlega heiti, ýmsan þann fróðleik, sem mér þótti fengur að.

Svo sem ég margsinnis hefi tekið fram, þá hefir mér skilizt, að hin svokallaða skyggni sé ekki falin í neinum sérstökum augnhæfileika, heldur sé þar aðeins um sambandsskynjanir að ræða eins og gerist í vanalegum svefn. Var það út frá þessum andspíritiska skilningi mínum, að mér fór að þykja líklegast, að „andamayndir“ séu ekki ljósmyndir tilorðnar á venjulegan hátt, og hefi ég þegar fundið góða staðfestingu á þeirri tilgátu minni. Og nú þykist ég í þessari nýlega lesnu bók hafa fengið staðfestingu á því, að skyggni á árur veitist fólk einungis í sambandsástandi.

## II

Höfundur bókar þessarar, Shafica Karagulla, er sögð vera sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum. Hafði hún, þegar hún samdi bók þessa, í átta ár fengizt við rannsóknir á „æðri skynjunum“, eins og komizt var þarna að orði, og var henni fullkomlega ljóst orðið, að þar var um raunveruleik að ræða. Og þó að mér við lestur þessarar bókar hennar yrði oft hugsað til þess, að „mennirnir muna ekki nógu vel eftir stjörnunum“, þá er þar ýmsan stuðning að finna einmitt við það, sem leiða mætti til hugsunar út fyrir jörðina. Hefir bókarhöfundur líka orð á því einhversstaðar í bókinni, að hið líklegasta til að bjarga hinu villuráfandi mankyni yfir á betri brautir, væri aukin þekking og skilningur á raunveruleik þessarar furðulegu geislunar lífs og lifenda, og þykir mér hún hafa þar nálgazt hið rétta. Segir hún frá ýmsum

dæmum þess, hve skynjanir hinna skyggnu hafi nákvæmlega komið heim við ástand þeirra, sem rannsakaðir hefðu verið og geislanin stafaði frá. En auk þess er þarna sagt frá ýmsu því, sem margir munu kannast við úr daglegri reynslu, en getur ekki átt sér stað, nema fyrir lífgeislunarsambönd manna á milli.

## III

Í kaflanum „Á leið til nýrra sjónarmiða“ er minnzt á W.J. Kilner, sem vitnað er til í Nýal. Taldi Kilner sig hafa fundið upp tæki til þess að gera sýnilega geislan þá, sem hér er um að ræða, og er fjarri mér að ætla, að það hafi einungis verið markleysa. Hinsvegar hafði mér fyrir nokkuð löngu komið í hug það, sem bókarhöfundur getur sér líka til, að tæki þetta hafi einungis orðið til þess að vekja sjálfum honum skyggni, því að það hafi ekki verið nema sumir samstarfsmanna hans, sem með hjálp þess hefðu nokkuð getað séð. Það er ekki nema samkvæmt margendurtekinni reynslu varðandi framgang nýrra og mikilla sanninda, að menn skuli yfirleitt enn ekki hafa skilið og fært sér í nyt kenningar þær, sem Nýall flytur, og er slíkt mér því engin sönnun gegn þeim. En gagnvart áþreifanlegu tæki þótti mér sem öðru máli gegndi, og var því farið að þykja líklegast, fyrst ekkert framhald hafði orðið á notkun þess, að þar hefði verið um eitthvað samskonar að ræða og sumt það, sem spáendur styðjast við, en hefir, þótt með hjálp þess leiðist stundum fram raunverulegar spár, enga spávísí í sér falda. En það sem kom bókarhöfundi til að álykta hið sama, var annað dæmi á þennan veg. Var þar um að ræða tæki, sem í fyrstu virtist vera hin merkilegasta smíð, því að með hjálp þess hafði hönnuður komizt að ýmsum raunveruleik varðandi efnasamsetningu í lifandi líkönum en hjá öðrum manni, sem keypt hafði hjá honum samskonar tæki, hafði ekkert komið í ljós. Skildist mér, að svo hefði ævinlega reynzt, ef einhver annar en tækishöfundurinn reyndi að beita því, og hefir hann þannig eins og dáleitt sjálfan sig með þessum smíðisgrip sínum.

## IV

Í kaflanum „Á slóðum hins óþekkta“ segir frá lækni nokkrum, sem farinn var að geta séð gegnum líkami sjúklinga sinna, og þannig komist betur að því en áður, hvað að hverjum þeirra gekk. Hafði hann áður svo árum skipti dreymt það um nætur, að hann væri viðstaddir fyrirlestraflutning um læknisfræðileg efni og þá um leið átt tal við ýmsa prófessora og aðra, sem þarna voru staddir, og var þess að vísu ekki getið, hvort hann hefði þekkt þar nokkurn úr vöku. Hins vegar var það tekið fram, að draumar þessi hafi verið mjög skýrir. Og eitt af því, sem honum þótti menn vera þarna þjálfaðir til, var þessi gegnumskyggní, sem hann nú hafði öðlazt getu til einnig í vöku, og þykir mér þetta allt benda til sambanda við nokkru lengra komna íbúa annars hnattar.

En hvernig var þessari gegnumskyggní varið?

Pað var til stuðnings því, að skynjan eins geti virkilega verið skynjan annars, að ég í bók mína, *Draumar og svefn*, tók upp úr annarri bók, *Svaðilför á Sigurfara*, það sem segir af viðskiptum höfundar þeirrar bókar og töframanns nokkurs í Afríku. „Ég fæ magaverk af þér,“ sagði töframaðurinn eftir að hafa um stund setið gagnvart bókarhöfundi, sem raunverulega var með magaverk án þess að hafa getið um það við nokkurn, og hefir þar því hlotið að vera um sam-skynjun að ræða. Og þannig þykir mér nú eðlilegast að ætla, að gegnumskyggní læknisins hafi í öllum aðalatriðum verið varið. Hann hefir eins og töframaðurinn skynjað það í líkama sínum, sem fram fór í líkönum sjúklinga sinna, en vegna þess, að hann var læknir, hefir honum komið það sem gegnumssæi. Vegna líffærafróðleiks hans hefir samskynjanin orðið honum eins og að vita og sjá, og þykir mér nú sem héðan bregði nokkurri birtu á eðli áruskygginnar. Áruskygginn verður fyrir samskyn en ekki augnsæi, samskyn, sem leiðir til sambanda við ástæðinga á æðri stöðum, fyrirmyn dir manna meðal guða, og eru spámæli töframannsins afríkska gott dæmi þess, hvers samskynjan getur leitt til.

Ég hafði orð á því hér í upphafi, að heiti umræddrar bókar væri fremur leiðinlegt, og liggar þó nokkurnveginn ljóst fyrir, hvað með því er meint. En leiðinlegt þykir mér það vegna þess, að orðið vídd á þar naumast við. En eins og ég tók fram, þá færði bókin mér aukna vissu um það, að skyggni á árur veitist engum, nema í einhverskonar sambandsástandi. Kom það ótvíráðilega fram í því, sem sagt er frá á einhverjum stað í bókinni, að það var ekki nema stundum, að þessi hæfileiki var til staðar hjá hinum skyggnu. Pannig segist bókarhöfundur hafa verið á gangi í einhverju borgarstræti ásamt konu, sem alveg sérstaklega hefði verið gædd þessum skyggnihæfileika, og farið þá að tala um við hana, að gaman væri að vita um útlit geislabliks eins og annars, sem fyrir þær bar á þessari göngu þeirra. En svar hinnar skyggnu konu segir hún að hafi verið, að til þess að geta þetta, þyrfti hún að komast í ákveðið ástand, og þykir mér ljóst liggja fyrir, hverskonar ástand það hefir verið. En auk þess arna, sem ég sérstaklega þykist hér hafa fengið staðfestingu á, er í bókinni sagt frá mjög greinilegum dæmum sem ekki verða skilin, nema á nýalskan hátt. Er eitt þeirra á þá leið, að ólærðum manni, sem falið var að flytja erindi vísindalegs efnis, tókst það svo vel, að lærdomsskorts hans varð þar ekki vart. Sagði hann frá því seinna, að um leið og hann flutti erindið, hafi hann séð fyrir sér allt það, sem um skyldi ræða, og að vísindahitin hafi sér þá komið í hug ósjálfrátt og án fyrirhafnar. Getur naumast verið um að villast, að slíkt hefir gerzt fyrir samband við einhvern vitgjafa, hvort sem hann hefir verið einhver meðal áheyrenda eða einhver annar.

## Í helnánd

### I

Aðeins tel ég mig hafa reynt, að ómeginsástandi fylgi ekki ævinlega óvit, enda hefi ég bæði heyrт og séð frá því sagt. Þannig las ég einhverntíma í bernsku frásögu manns nokkurs, sem í slíku ástandi hafði verið kviksettur í bili, og rifjaðist sú frásaga upp fyrir mér, eftir að hafa þá nýlega lesið um reynslu manna „milli heims og helju“ sem sagt var frá í Mbl. 25. nóv. 1977, en tekið hafði verið upp úr þýzka tímaritinu „Der Spiegel.“ Var í hinni upprifjuðu frásögu talað um, hversu maður þessi í ómeginsástandi sínu fylgdist með því, sem gerðist í umhverfi hans. Þannig heyrði hann sér til angurs, að einhver fór að tala um, að nálykt væri farið að leggja af honum, og að bráðlega hafi þá verið farið að kistuleggja hann í þeirri trú viðstaddir, að hann raunverulega væri láttinn. Heyrði hann, þegar lokið var neglt á kistuna, og svo það, sem gerðist, þegar greftrunin fór fram. Ennfremur heyrði hann, þegar skömmu síðar var farið að grafa hann upp aftur, líklega vegna efasemda einhverra um raunveruleik dauða hans. Vaknaði hann svo loksins, þegar átti að fara að kryfja hann og hnífi var stungið í brjóst honum.

En hvers vegna var það nú einmitt eftir lestur þessarar Morgunblaðsgreinar, að hún rifjaðist upp fyrir mér þessi frásaga, sem mér lengi hafði ekki komið í hug? Það sem sagt var frá í henni, virðist þó í fljótu bragði séð allt annað en reynsla hins kviksetta manns. Í stað þess að skynjan hans, sem hlýtur aðallega að hafa verið heyrnþskynjan, var með öllu bundin hinum magnvana en vitandi líkama hans, áttu skynjanir hinna sér stað í allt öðru umhverfi en þar, sem hinir óvitandi frumlífslíkamar þeirra voru. En sé betur aðgætt, þá þykir mér sem verið hafi um mjög samstætt ástand hvorra tveggju að ræða, og að þessi upprifjan mín hafi því verið eðlileg.

Pótt ómegni og óvit færð ekki saman hjá hinum kviksetta manni, þá

mun hitt vera hið venjulega eins og líka virðist hafa verið um flesta þá, sem skilað hafði aftur frá því að hafa lent „milli heims og heljar“. Það var einmitt tekið fram í Morgunblaðsfrásögunni, að miklu meiri hluti þeirra hafi þaðan ekki haft frá neinum tíðindum að segja, og verður því að ætla, að þeir hafi verið þar óvitandi. Munurinn hefir því naumast verið annar en sá, að annarsvegar hafi verið skynjan vanmegna frumlífslíkama, sem svo endurheimti mátt sinn, en hins vegar frumlífslíkama, sem aftur var horfið frá til frumlifs. Mætti ætla að þar hafi farið fram togstreita á milli tveggja heima, en að öðru leyti hafi ástandið verið eins.

## II

Maður sá, sem mér í Morgunblaðsgreininni þótti á fróðlegastan hátt segja frá reynslu sinni „milli heims og heljar“ eða í helnánd, eins og ég orða það hér, var sálfræðingurinn frægi, C.G. Jung, og segir hann þar þó einnig frá nokkru, sem ekki er vandalaust að skilja, hvernig hefir getað átt sér stað. Hann segist í þessu ástandi sínu hafa séð jörðina það fjarri, að hnattlögun hennar hafi komið í ljós, en þó svo nærri, að hann hafi greint lönd hennar og höf. Pannig segist hann hafa séð Indland og eyna Ceylon, og væri víst ekki auðvelt að benda á neinn jarðarbúa, sem gefið hefði honum þá sýn fyrir skynjanasamband. Frá frumlífssjörð gat þetta naumast hafa verið séð vegna þeirrar órafjarlægðar, sem slíkar jarðir hljóta að vera í. Ástæðan til þess, að Jung hafi þó séð þetta, þykir mér fyrst vera sú, að í rauninni er óhugsanlegt annað en að hann segi satt frá. Enda er reynsla hans þarna önnur mjög samkvæm því, sem mér þykir að hljóti að vera. Pannig sá hann jörðina fyrir sér í bláum hjúpi, eins og staðfest hefir nú verið af tunglförum. Vegna hinnar ríkjandi kenningar fræðimanna um littleysi lofthjúps hennar hafði Júng einmitt ekki farið að segja hana bláa án þess að hafa skynjað hana þannig. Ennfremur þykir mér það einnig hafa hlotið að vera reynsla og að Júng hafi ekki einungis hugsað sér það, að hverjum deyjanda, hvort sem hann hafði verið

góður eða illur, sé hjálpað til endurlifnunar, og að sú hjálp skynjist ævinlega sem aðstreymi þrotlausrar góðvildar. Er slíkt í samræmi við þann skilning minn, að þrátt fyrir allar rangstefnur lifendanna sé ástúðin alltaf innsti kjarni alls lífs. Mér þykir sem kvíknun nýrra lifenda gæti naumast átt sér stað án þess. En sérstaklega þótti mér þó eftirtektarvert og benda til raunveruleiks, sem haft var þarna eftir Jung um endurlifnun hans og endurbýggingu á þessum bráðabirgða-framlífsstað, og var það á þessa leið:

„Pað var sem ég hefði fyrir mér allt, sem ég hafði lifað, allt, sem fyrir mig hafði borið. Ég var gerður úr því, ég var gerður úr sögu minni.“

### III

Hafi einhver veitt því athygli, sem ég lengi hefi haldið fram, að í rauninni sé hver einn nokkurskonar útgáfa af sögu ættar sinnar, og að í framlífi komi honum þar til viðbótar æviminingar hans og saga, þá ættu þeir að geta séð, að hér var verið að leitast við að halda fram hinu sama. Þykir mér líklegt, að Jung og aðrir, sem frá hinu sama höfðu að segja, hafi á líkan hátt og hann skynjað æviminingar sínar um leið og endurbýgging skyndilíkama þeirra varð, sem þó hefir naumast getað orðið til fulls. Mér þykir einmitt líklegt, að á þessum bráðabirgða-stöðum hafi ástand þeirra verið eitthvað tilsvarandi ástandi hins kviksetta manns, sem ég sagði frá hér í upphafi. En hvernig bæri þá að hugsa sér aðstöðu hins fræga sálfræðings til að sjá jörðina á þann hátt, sem frá var sagt?

Eins og ég hefi víst getið um áður, þá skilst mér, að „flutningur“ deyjandi manns til framlífsstaðar hljóti að fara fram án vitundar hans, og styðst slíkt við samkvæmni ýmsra ummæla, sem ég hefi séð höfð eftir framlifendum gegnum miðla. „Áður en ég missti meðvitund“ eða „þegar ég vaknaði aftur“, kemur oft fyrir, þar sem verið er að segja frá umskiptum frá lífi til dauða eða frá dauða til endurlifnunar. Þykir mér vegna þess arna og þá ekki síður vegna þess skilnings míns,

sem ég á annan hátt hefi öðlast varðandi þetta efni, að ekki geti hafa verið neitt líkt því, sem Flammarion lætur bera fyrir draumsjónir sínar í fylgd með stjörnudísinni Úraníu. Slíkt þótti mér að vísu vera mjög heillandi skáldskapur, þegar ég las það forðum, en skil nú að er óhugsanlegt.

En hvað kæmi þá hér til mála, sem fremur væri hugsanlegt?

Mér koma í hug hinir margumtöluðu fljúgandi diskar eða geimför, sem lengra komnir íbúar annarra hnatta geti fyrir einhver ákveðin skilyrði látið skyndiskapast hér í nánd við jörðina. Og eigi slíkt sér stað, þá þætti mér sem þar gætu verið tilvöldustu skilyrði til skyndilíkömunar slíkrar, sem ætla verður, að Júng hafi notið í þessari helnánd sinni. Mætti þá láta sér koma í hug, að þar hafi verið um að ræða viðleitni til að leiða huga þessa fræga manns út fyrir jörðina meira en hann hafði verið leiddur. En um stuðning hans við skilning minn á hinni líffræðilegu þýðingu minninganna var hér ekki um að villast.

## *Var fyrsti geimfarinn hér kona?*

Lengi var ég vantrúaður á raunveruleik hinna fljúgandi diskra, sem stundum hefir verið talað um, enda nokkurn veginn sannfærður um að flugtækni geti ekki komið til greina varðandi sambönd og samskipti milli sólhverfa og vetrarbrauta. Nú er ég hins vegar orðinn þeirrar skoðunar, að sumar flugdiskasögur geti hafa haft við raunveruleik að styðjast, og að þar hafi þá verið um hamfara- eða líkamningafyrirbæri að ræða. Er jafnvel hugsanlegt, að möguleikar til slíks hafi orðið meiri, eftir að flugtækni og geimfaraáhugi óx, því að þar áttu ástæðisskilyrði að vera fyrir hendi. Er líka ekki laust við, að í sumum frásögum af tilkomu þessara flugtækja, hafi gerzt ýmislegt líkt því sem kvað verða, þegar líkamningar koma fram, en slíkt hefir

sannanlega átt sér stað á miðilsfundum og stundum þar fyrir utan. Dregur slíkt til sín kraft frá þeim, sem við eru staddir, og er það samstætt því, sem ég heyrði einhverntíma frásögu af, að allt rafmagn hafi, án þess vitað væri hvers vegna, horfið í stórborg nokkurri jafnframt því, að flugdiskafyrirbæri hafi átt sér stað í stórkostlegasta lagi. En hvað sem raunveruleik þeirrar frásögu líður, þá læt ég hér koma úrdrátt úr annarri frásögu, en þar er það kona nokkur, Elísbeth Klarer í Jóhannesarborg í Suður-Afríku, sem er til frásagnar. Gæti, ef sú frásaga væri tekin trúanleg, verið ástæða til að spryra, hvort hún hafi ekki verið fyrsti geimfarinn á þessari jörð.

„Rannsóknarskip frá Venusi hefi ég séð og ljósmyndað, og ekki einungis það. Ég hefi ferðast með slíku skipi, heimsótt móðurskip þess og talað við áhöfnina.“

Pannig byrjar kona þessi frásögu sína, en hverfur svo til þess, sem var fyrir meir en 40 árum, eða þegar hún var aðeins 7 ára gömul. En þá telur hún sig hafa skynjað einhverskonar heimsókn frá annarri jörð. Var hún þá hjá foreldrum sínum, og segist muna það eins skýrt og það hefði gerzt í gær. Var það að kvöldi dags í ljósaskiptunum, að þetta bar fyrir hana, og virtist henni það líkt stórum fótnetti velta þvert yfir himininn.

Eins og við er að búast, segir hún að fólk hafi talið þetta hafa verið loftstein, vígahnött, eða þá einungis barnalega ímyndun hennar, og er ekki ástæða til að lá því það. En sjálf segist hún hafa verið annarrar trúar, og að svo mikil áhrif hafi þessi sýn haft á sig, að ekki sé of sagt að hún hafi breytt öllu lífi sínu. Eftir að þetta bar fyrir hana, segir hún, að hugur sinn hafi ævinlega verið opinn gagnvart hinu fágæta og undursamlega, og að sú þrá hafi orðið æ ríkari hjá sér að uppgötva eða fá samband við íbúa annarra hnatta.

Því fleiri ár sem liðu, því sannfærðari varð hún um raunveruleik lífs og lifenda annarsstaðar í geimi. Það varð henni einhverskonar innri vissa. Þar vænti hún þess líka, að ástúðin væri meiri en hér, þar sem ýmiskonar vonzka og harðkeppni um einskisverða hluti er svo mjög ríkjandi. Trú hennar var, að þar hefði sannleikurinn þegar verið fundinn, og að þaðan væri því í öllum skilningi útsýnið frjálst og opið

um hinn endalausa geim. Og jafnframt þessum hugleiðingum og þessari vissu varðandi lifendur annarra jarðstjarna fór hún að vænta þess, að kynnast þessum lifendum í raun, og var það þó einkum eftir að farið var að tala um hina fljúgandi diskar sem einhvern raunveruleika. Fór hún í því augnamiði að venja komur sínar til bernskustöðva sinna, þar sem himinsýnina hafði borið fyrir hana forðum, og talar hún þar sérstaklega um eina grasigróna hæð með undursamlegu útsýni til grasigróins hæðalands á allar hliðar. Fór hún þangað oft án þess að neitt óvanalegt gerðist. Einn morgun var það þó, þegar hún var þarna stödd, að hún sé eins og leiftri bregða fyrir, og kom henni þá fyrst í hug endurkast sólskins frá hvítum fuglsvæng. En þá allt í einu sé hún skínandi bjart geimfar, sem staðnæmdist þegar yfir hæðinni, þar sem hún stóð. Og nú segir hún, að hjartað hafi barizt í brjósti sér.

Skip þetta, eða hvað það nú var, kom svo mjúklega og fagurlega eins og svífandi fugl og án alls hávaða. Sveimaði það fyrst skammt fyrir ofan hana, en lækkaði sig síðan, svo hún gat greinilega séð þann, sem stýrði því.

Einhverja áætlun varðandi fjarlægðina milli sín og geimfarsins talar hún um, en segist þó ekki hafa getað litið af andliti geimfarans, sem verið hafi sé fegursti maður, sem hún hefði nokkurntíma séð. Hár hans var bjart, og augu hans, sem í fjarlægð virtust vera ljósgrá, skinu henni. „Hann brosti til mínum“, segir hún, „eins og hann vildi róa mig“, og henni fannst, að augu hans vildu segja við sig eitthvað á þá leið, að hún mætti verða hin fyrsta. En einmitt nú, þegar hún stóð gagnvart því, sem hún svo mikið hafði hugsað um og lengi þráð, þessu ókennda og furðulega, þá kenndi hún hiks og ótta og vék hægt frá og til baka.

Litla stund sveimaði geimfarið yfir hæðinni, þar sem hún stóð, en hóf sig svo upp og hvarf með hraða suður í geim.

Pegar nú Elísabeth Klarer eftir þetta var komin heim til sín segir hún, að titringur hafi farið um sig meiri en hún hélt að átt gæti sér stað. Gleði og fögnuður segir hún, að þá hafi fyllt huga sinn, og það hafi ekki verið fyrr en síðar, að hún fór að finna til eftirsjár eða samvizkubits vegna þess, að hafa ekki sýnt hinum dýrðlega gesti fullkomíð traust.

Petta var þann 27. desember 1954.

„Ég hugsa, að hinn næsta mánuð hafi ég verið óhamingjusömust á ævi minni,“ segir hún næst þessi suðurafrískra kona, sem ástæðulaust er að ætla, að farið hefði að segja frá þessu, ef það hefði ekki gerzt. Pellar eftirsjá hennar var vakin, varð hún að sárum trega, sem þó leiddi ekki til vonleysis um að geta öðlazt sama tækifæri aftur á ný. Enn leitaði hún löngum til þessarar sömu hæðar og hún hafði áður gert. Loks var það svo hinn 7. apríl 1956, að hún kom þarna upp ekki árangurslaust, og er svo að skilja, að hún hafi með einhverjum hætti vitað það fyrir. Segist hún naumast hafa sofið neitt nöttina fyrir vegna eftirvætingar. Og þegar hún var komin þarna upp snemma morguns þennan dag, var geimskipið þar, og stóð þar hjá því hinn bjarti og hávaxni vinur hennar. Segist hún þá hafa gleymt öllum ótta og rétt til hans báðar hendur sínar. Og nú gerðist það sem ég hefi þegar haft eftir henni, nema ljósmyndatakan, sem fór fram síðar við annað tækifæri.

Eftir að hinn fríði utanjörðungur hafði leitt hina hugdjörfu vinkonu sína inn í geimfar sitt, sveif hann með hana hátt upp til einhverskonar móðurskips þess, að henni virtist, og þótti henni sem það hefði þar beðið þeirra ásamt fjölmennri áhöfn. Var þar að sjálfsögðu margt að sjá og heyra, sem hún segir frá í lengra máli en svo, að það verði hér rakið til fulls. Skal þess þó getið, að flestir virtust henni þar vera í útliti mjög ámóta og vinur hennar, sem flutti hana þangað, og allt virtist henni þar benda til hærri þroska og betra lífs en enn þekkist meðal jarðarbúa. Pannig fannst henni loftið þarna vera magnað einhverjum krafti fram yfir það, sem hún áður hafði þekkt, og er ekki ólíklegt, að þannig muni loftslag vera á jörðum, þar sem lengur hefur verið lifað og betur en hér, þar sem einmitt í þessu efni stefnir á hinn verri veg. Máltíðar neytti hún þarna uppi ásamt fólk i þessu, sem á allan hátt var henni hið ljúfasta í viðmóti og með öllu laust við forvitni og hnýsnsi. Voru það einungis ávextir og annað úr jurtaríkinu, sem haft var þarna til matar. Og eins og þegar hefir verið sagt, þá átti hún tal við fólk i þarna, og fannst henni það samtal fara fram á hennar eigin máli eða góðri ensku, og að engir örðugleikar hafi því verið á því að skilja og

gera sig skiljanlega. Getur hún um, að meðal annars hafi í því samtali verið látnar í ljós við sig áhyggjur vegna illinda og hernaðaráhuga jarðarbúa, sem geri óframkvæmanlegar heimsóknir til þeirra frá æðri stöðum.

Bæklingur sá, sem frásaga þessi er tekin úr, er á þýzku og gefinn út 1961, og hafa þá verið meira en 47 ár liðin frá því, að Elísabeth Klarer fyrst sá þetta, sem samkvæmt frásögu hennar var svo örlagaríkt. Hefur það þannig verið um líkt leyti og hér á landi var fyrst fyrir alvöru farið að tala um lifendur á öðrum stjörnum og samband við þá, og mætti láta sér detta í hug, að á milli þess og hins furðulega áhuga hins afríkska stúlkubarns hafi verið eitthvert samband.

Eins og vikið var að hér að framan, þá lítur það á engan hátt út öðruvísi en sannsögulega, sem Elísabeth Klarer segir af aðdraganda þess, sem telja verður hér aðalatriði, þáttöku hennar í geimferðalagi fólks frá annarri jörð. Gegn líkum til vísvitandi ósanninda af hennar hálfu er það líka, að samfara hinni sívaxandi þrá hennar eftir samböndum við lifendur annarra stjarna, virðist fegurðarþrá og góðleiki einnig hafa þróazt hjá henni, en slíkt á ekki samleið með ósannsögli. En án misskilnings af hennar hálfu getur það þó ekki verið, að heimsækjendur hennar hafi verið frá reikistjörnunni Venusi, því að þar er nú talið, að ekki geti verið um neina lifendur að ræða. Og það, að samtalið á milli hennar og geimfaranna hafi farið fram á hennar máli, ensku, þykir mér heldur ekki líklegt, þó að henni fyndist það. Hið líklegasta þykir mér, að samtalið hafi farið fram á sama hátt og þegar framlíðinn útlendingur talar íslenzku gegnum íslenzkan miðil, en að því hefi ég orðið vitni oftar en einu sinni. En hér er ég nú kominn inn á þá braut, að þarna hljóti að einhverju leyti að hafa verið um leiðslu að ræða, en til slíks ástands mun nú einmitt jafnan leiða meðal viðstaddir, þar sem líkómunarfyrirbæri eiga sér stað. Og nú ætla ég hér að síðustu að minna á nokkuð, sem íslenzkri konu veittist eitt sinn við það að horfa upp til stjarnanna. Helga Larsen á Engi segir frá því í æviminningum sínum að hún hafi helzt vonað það, þegar baslinu lyki hér í þessum táradal lífsins, að þá yrði einungis svefn og hvíld um alla eilífð. En þegar hún svo fékk aðstöðu til þess eitt

heiðskírt vetrarkvöld að horfa á stjörnurnar í góðum stjörnukíki, hafði henni ekki einungis fundizt mikið til um það, sem hún sá, heldur hafi það einnig breytt þessu viðhorfi hennar til lífsins. Segist hún þá hafa orðið viss um, að ævi mannanna væri aðeins áfangi á langri leið, og varð mér þetta nálega sem opinberun, þegar ég las það. Og hví skyldi ég nú ekki óska þess, að sem flestar íslenzkar konur verði til þess að leggja hinum íslenzku stjörnusambandsmálum lið með því að hugsa vel til þeirra, sem að þeim standa og þannig eru að reyna að greiða fyrir hjálp til mannkyns, sem komið er fram á glötunarbarm?

## *Óheillaþrunin samtímun*

„Fyrri heimsstyrjöldin hafði í för með sér byltingar og hernaðarlegar ófarir í Rússlandi. Eins og öllum er kunnugt, þá er talið, að morðið á Franz Ferdinand erkihertoga í Sarajevo hafi leitt til þess, að þessi mikla styrjöld brauzt út. En það er ekki lítið undarlegt, að á sama augnabliki og erkihertoginn var skotinn réðst brjáluð kona á Rasputin og stakk hann með rýtingi. Rasputin hataði styrjaldir og kynni að hafa getað talið keisarann ofan af því að leiða Rússland inn í þessi stórhættulegu átök. En hann var einmitt rúmfastur, þegar ákvörðunin var tekin.“

Pessi orð birtust í blaðinu „Vikan“, 11. okt. 1979, í einum af greinum Ævars R. Kvarans um undarleg atvik, og hafði ég að vísu áður heyrt talað um þessa morðtilraun á Rasputín og því um leið, að hann hennar vegna hafi ekki getað komið sér við til að aftra keisaranum frá styrjaldarþáttöku. Einnig hafði ég heyrt frá því sagt, hversu morðið á hertoganum hafi orðið vegna furðulegra mistaka á að koma í veg fyrir það. En að þetta hvorttveggja, morðið á hertogánum og morðtilraunin á Rasputin, hafi gerzt á sama andartakinu, hafði ég ekki heyrt áður, en einmitt það þykir mér sérstaklega eftirtektarvert.

Í 23. tbl. „Lífgeisla“ er grein, sem heitir *Frá jörð til jarðar*, og er þar eins og á einhverjum stað í Nýalsritum Helga Pjeturss talað um viðleitni stórhöfðingja nokkurs á annarri jörð til að ná yfirráðum einnig hér á jörðu, og hvernig þessi viðleitni hafi verið falin í handleiðslu lýðs nokkurs útvalins. Segir Helgi, að hafi þessi viðleitni átt að verða til þess að bjarga mannkyninu af helvegi, þá sé óhætt að segja, að sú björgunarviðleitni hafi mistekizt. En eins og rakið er að nokkru í nefndri Lífgeislagrein, þá hefir viðleitni höfðingja þessa ekki orðið árangurslaus með öllu. Viðleitni hins útvalda lýðs hefir ekki mistekizt að hafa áhrif og ná völdum á jörðinni, og mun árangur þeirrar viðleitni aldrei hafa orðið eins mikill og eftir styrjöldina 1914 til 18. Árangurinn af þeirri styrjöld og því, hvernig henni lyktaði, var framar öllu aukning valds og áhrifa hins útvalda lýðs, og reyndist svo einnig um lokaárangur hinnar seinni stórstyrjaldar, sem segja má, að verið hafi dóttir hinnar fyrri. Og hversu ljóst liggur það þá ekki fyrir, hvílík örlagastund það hefir verið í þessu efni, sem hér var um að ræða, og er í því sambandi íhugunarvert, að það skyldi vera brjáluð kona, kona í sambandsástandi, sem morðtilraunina framdi á Rasputin. Mætti þannig ætla, að nokkurt ástæðissamband hafi verið á milli brjálædis konunnar og þess furðulega klaufaskapar, sem mér skilst, að hafi átt sér stað varðandi lífsöryggi hertogans og konu hans. Og hvort mætti nú ekki gizka á það til viðbótar því, sem hér hefir verið rakið, að á þessari miklu örlagastund, líklega mestu örlagastund 20. aldarinnar, hvað mannkyn þessarar jarðar snertir, hafi víðar í hinum óþrotlega stjörnugeimi ein og önnur hrikaleg ótíðindi verið að gerast; og stillt hafi því verið til þess annarsstaðar frá, sem hér varð og á eftir fór?

„Oss má ljóst vera, að Jesús frá Nazaret er sérstaklega fagurt dæmi þeirrar manntegundar, sem á íslenzku nefndist goði eða goðorðsmaður,“ segir Helgi Pjeturss á einum stað í Nýal sínum, og sé ég ekki ástæðu til annars en að vera honum þar sammála. Guðsamband Jesú verður að ætla, að verið hafi mjög uppávið, og að þaðan hafi því ekki stafað sú viðleitni, sem hér hefir verið talað um. En þegar það ekki verður, sem á betri veg skyldi verða, þá hlýtur illa að fara í öllum aðalatriðum. Það var ástúðin en ekki valdið, sem Jesús boðaði með

lífnerni sínu og orðum. En hann var líflátinn á þann ómannúðlega hátt, sem um hans daga tíðkaðist, og boðskapur hans síðan gerður að þeim fráleita misskilningi fylgjenda hans, að líflát hans hafi verið nauðsynleg friðþæging grimmdarfullum guði. Var það eitt af því, sem kom í veg fyrir, að kristindómurinn gæti orðið til bjargar. Og hvað var það svo, sem áfram varaði hjá meiri hluta hins útvalda lýðs, sem hafnaði kristindómi og hafnar enn? Það var draumurinn um áhrif og völd. Og það, sem stillt virðist hafa verið til frá einhverjum öðrum stað þessa umræddu örlagastund 1914, er að atburðarásin mætti verða til þess, að sá draumur rættist, hvað sem það kostaði.

## *Er von til að úr rætist?*

Eftirtektarvert þótti mér það, sem ég í Lesbók Mbl. frá 31.10. '77 sá haft eftir vitaverðinum og rithöfundinum, Óskari Aðalsteinssyni að hjá þessum hulduverum, sem hann hyggur vera nábúa sína, en mér skilst að vera muni íbúar annarrar jarðar, hafi hann heyrt fara fram samtöl um ástandið hér á jörðu. En eftirtektarvert þótti mér það mest af því, að mér finnst einmitt svo líklegt, að slíkar umræður eigi sér stað meðal þeirra, sem að viti og góðleik eru lengra komnir en jarðarbúar, en eitthvað lengra komið fólk skildist mér, að þessar sambandsverur Óskars muni vera . . . Og að svona umræður eigi sér nú stað á milli þeirra, kynni að stafa ekki einungis af því hve illa horfir hér í mörgum greinum. Ástæðan til þeirra gæti engu síður verið hin, að þeir sjái nú meir en oft áður von til, að úr fari að rætast. Pykir mér sem slíka von mætti ekki sízt byggja á þeim áhuga, sem víðsvegar um jörð virðist vera að færast í aukana varðandi fyrirbæri og annað slíkt, sem til skamms tíma hefir af hinu ríkjandi hugsanavaldi naumast þótt rannsóknarvert. Er ekki of sagt, að til skamms tíma hafi meðal sálfræðinga ekkert þótt fráleitara en það, að ætla miðilfyrirburði stafa frá látnu

fólk, þó að slíkt liggi jafnan beinast fyrir að ætla að sé í rauninni óhjákvæmilegt stundum.

En þó að aukinn áhugi sumra fræðimanna sé í þessum efnum mikilsverður, þá er það eitt ekki nóg. Vonin um að úr rætist hér mun hjá hinum lengra komnu vera bundin því, að einnig á sviði líffræðinnar verði vaxið upp úr dulrænunni, en það mundi bráðlega verða ef takast mætti úti í löndum að vekja áhuga manna á hinni íslenzu heimspeki. Pykir mér þar ekki ástæðulaust að minna á bók Þorsteins Guðjónssonar, Astrobiology, sem hann samdi í þessum tilgangi, og væri frá rangstefnu horfið með því, að menn varðandi útbreiðslu hennar reyndust á hinn betri veg.

Í góðu samræmi við fjarskynjana- eða sambandshæfileika Óskars Áðalsteinssonar þykir mér það, sem haft var eftir honum á þá leið, að hann sé löngum utan við sig eða nær draumi en vöku, því að í rauninni er fjarskynjan aldrei annað en dreymi, þótt vökuvitundar gæti þar einnig stundum. Sofandi og dreymandi er maður ævinlega í sambandsástandi, en hversu fjarskynjan hins hálfvakandi manns tengist eða er háð umhverfi hans, kemur mjög greinilega fram í því, sem haft var þarna eftir honum varðandi hringdansa fólksins, sem hann, þegar rökkva fer, þykist sjá á hverasvæði austan við vitann. „En nú er of bjart til að sjá þetta,“ segir hann um leið og hann lítur þangað austur, stendur í blaðinu ásamt mynd af hverasvæðinu. Minnir þetta mig á það, sem Einar H. Kvaran einhversstaðar hefir eftir Indriða Indriðasyni miðli stuttu fyrir dauða hans. Sérðu enn hina framliðnu vini þína, spurði Einar, eða eitthvað á þá leið. Og svar Indriða var, að hann sæi þá jafnan, þegar rökkva tæki. Meðan skynjan hans á umhverfi sitt var nokkurnveginn skýr, hindraði það sambandsskyn hans eða fjarsæi, og virðist mér, að svo hafi einnig verið um Óskar. Það sem á hverasvæðinu bar fyrir hann í fullri birtu, var of ljóst og greinilegt til þess, að fjarskynjanin yrði hjá honum ráðandi. Það hélt fyrir honum vöku eða hindraði hann frá því að verða nægjanlega utan við sig til að fara að sjá annað. En þegar hinar óstöðugu þokumyndir á hverasvæðinu urðu hæfilega ógreinilegar, fór hann að sjá huldufólkio og hringdansa þess.

Það er annars ekki alveg laust við, að mér komi hérna nokkuð nýtt í

hug. En það er, að nokkur ástæða kunni að vera til að ætla, að fjarsæi eða sambandsskyggni þurfi ef til vill ævinlega á því að halda, að eitthvert ástæði sé fyrir hendi milli umhverfis sjáandans og þess fjarséða. Væri slíkt þá sem undirleikur fjarskynjuninni og magnaði hana fram. Kynni hér þá að vera um að ræða örlítið spor í þá átt, að úr fari að rætast. Undir því, að menn fari að vita af samböndum sínum við lifendur á öðrum stjörnum, og að þeim lærist að skilja eitt og annað varðandi það samband, er sigur jarðlífssins framar öllu öðru kominn.

## *Skilningur á hlutskyggnni og staðbundnum reimleikum*

„Stjarnfræðingar eru allvel sammála um, að sköpunin sé sífelld. Peir áætla, að í hinum sýnilega heimi einum saman sé það, sem kalla má nýtt efni sífellt að verða til með hraða og magni, sem nemí hundruðum milljóna, milljóna, milljóna, milljóna smálesta á hverri sekúndu. Petta gífurlega mikla sköpunarmagn skýrir tilveru hins víðáttumikla sístækkandi alheims, þar sem nýjar vetrarbrautir eru sífellt að skapast.“

Pessa málsgrein gefur að lesa í fyrsta kafla bókar nokkurrar, sem nýlega hefir verið gefin út í íslenzkri þýðingu undir nafninu, *Dularmögn hugans*, og þætti mér gott, ef þessi heimsfræðiskilningur væri að verða ráðandi í stað hinnar fráleitu sprengikenningar, sem nú um skeið hefir svo mjög verið á loft haldið. Þótti mér sem ég hefði fundið mikla lausn, þegar ég vorið 1949 komst að þeirri niðurstöðu, að hinn þrotlausí alheimur hljóti að bæta við sig af sögu sinni, og var það vegna hinnar sífelliðu viðbótar nýrra, ódauðlegra lifenda, að ég álykt-aði svo. Segi ég frá þessu í „Tunglsgeislum“ mínum, bls. 40, og var

það nokkrum árum áður en ég fyrst heyrði sagt frá því, að enskur heimsfræðingur, Fred Hoyle, hefði út frá heimsgliðnuninni, sem menn töldu sig þá hafa uppgötvað, látið sér þetta skiljast. Hefir sá skilningur, eins og við er að búast, eingöngu verið kenndur við hann.

En þótt höfundur nefndrar bókar, Harold Sherman, víki í henni að þessu efni, þá er aðalviðfangsefni hans það, sem táknað er með bókstöfunum ESP, og má fára honum það til lofs, að auk málsgreinarinnar hér að framan, getur hann um þá mikilsverðu tilraunaniðurstöðu, að huggeislinn hindrist ekki af efnum, sem öll geislan önnur hindrast af. Ætti sú staðreynd að geta gert hugsanlegt, að lífgeislunin þurfi ekki endilega að takmarkast við hraða ljósgeislans. Og þótt ég við lestar bókarinnar fyndi oft til vöntunar þess skilnings, sem felst í orðinu *lífstarfsíðsla*, þá er þar frá ýmsu sagt, sem til stuðnings er þeim skilningi, og skal nú bráðum verða sagt frá staðfestingu skilnings míns á eðli hlutskygginnar.

Á bls. 40 segir í bók þessari frá upplifun morðs í herbergi, þar sem slíkt hafði verið framið. Bar atburð þennan fyrir leikkonu nokkra, sem þar skyldi sofa næturlangt, og var upplifun hennar svo raunveruleg, að hún trúði naumast öðru en að þetta hefði gerzt þarna þá á stundinni. Minnir þetta mjög á áhrif franska sjalsins, sem ég get um í bók minni, *Draumar og svefn*, og lesa má um í „Gráskinnu“ bls. 177-80. Og þar sem upplifunin átti sér stað þarna hvað eftir annað eins og líka í sambandi við sjalið, þá er það ekki nema eðlilegt, að reynt sé að skýra þessi fyrirbæri þannig, að hvorttveggja, herbergið og sjalið, hafi með einhverjum hætti mengazt af atburðunum. En sé gætt að dæmum, sem sagt er frá aftar í bókinni, og sem í öllum aðalatriðum hljóta að skýrast á sama hátt og þessar upplifanir, þá liggur það ljóst fyrir, að sú skýring dugar ekki, og skulu nú þessi dæmi verða rakin að nokkru.

Unglingur nokkur hverfur að heiman frá foreldrum sínum svo að enginn veit, hvar hann muni vera niðurkominn. Leitar faðir hans því til bókarhöfundar í þeirri von, að hann fyrir hlutskyggni sína geti sagt sér eitthvað frá hinum týnda syni. Hafði faðirinn með sér sokka af honum í því ástandi, sem sonurinn hafði skilið við þá. Barst bókar-

höfundi þá fyrst hugboðsvitneskja, sem honum hafði ekki verið sögð, að orsök flóttans hefði verið ástarsorg, sem syninum hafði fundizt foreldrar sínir ekki skilja nógu vel. Er eðlilegt, að slíkt skyldi skynjast fyrst, og mun bókarhöfundur fyrir þá skynjun, sem ætla verður að orðið hafi meir vegna stilliáhrifa föðurins en áhrifa sokkanna, síðar hafa komizt í meira samband við unglingsinn. Var framhaldið það, að bókarhöfundur gat sagt frá því, að hinn ungi maður væri á sífelldu flakki og stanzaði ekki nema stutt á hverjum stað. En hvernig unnt væri að finna hann, gat bókarhöfundur ekki sagt.

Vegna þess, að rétt hafði skynjast varðandi orsök flóttans, leituðu foreldrar enn til bókarhöfundarins, og höfðu nú með sér óhreina skyrtu og mynd af syninum. Segist bókarhöfundur þá hafa fundið augu föðurins hvíla á sér, konu hans og dóttur, og þar með skynjað hina heitu ósk þeirra um að fá góðar fréttir. En þrátt fyrir sinn góða vilja segist hann þá ekki hafa getað sagt þeim annað en það, að sonur þeirra væri á lífi. Honum hefði að vísu komið það í hug að fyrifara sér, en að hann væri nú kominn yfir það. Hefði hann nú þegar skipt um nafn, til þess betur að dyljast, að hann stæði aldrei lengi við á sama stað, að hann ynni það, sem byðist, og að nú væri hann að þvo upp matarílát á ákveðnum stað í Texas. Komst faðir hans svo að því, við að fara til þess staðar og sýna þar mynd af syni sínum, að þar hefði hann verið á hinni tilnefndu stundu, en farið þaðan daginn áður en faðirinn kom þangað.

Í þriðja sinn leitaði faðirinn til bókarhöfundar og bað um vísbindingu. Sagðist bókarhöfundur þá hafa skrifað aftur þess efnis, að hinn týndi sonur hefði nú að mestu jafnað sig og mundi að lokum snúa við heim til foreldra sinna af frjálsum vilja, en að það mundi þó ekki verða fyrr en í apríl á næsta ári. Reyndist þetta allt eins og bókarhöfundur hafði sagt, og kemur þá spurningin um, hvernig hann hafi öðlast alla þessa vitneskju.

Eftirgreßnslan fyrir hlutskyggni mun þetta hafa átt að heita, og segist bókarhöfundur þó ekki vita, hversu mikið snertingin við sokkana og skyrtuna hafi þarna haft að segja, né heldur ljósmyndin, og hefir honum að líkindum þótt ólíklegt, að spávizkan hafi öll stafað

þaðan. Þótt reynt væri að hugsa sér það, sem í rauninni er í mesta lagi fráleitt, að sokkarnir og skyrtan hafi „vitað“ um ástarsorg unglings-ins, meðan hann klæddist þeim, og þess vegna getað „sagt“ bókarhöfundi það með einhverjum hætti, þá ætti öllum að geta verið það ljóst, að slíkt hefði á engan hátt getað nægt til þess að veita vitneskju um unglingsinn, eftir að hann var farinn að heiman, hvað þá til þess að geta sagt um hvenær hann kæmi aftur. Þar get ég ekki séð að komi til greina önnur skýring en sú, sem ég áður hefi borið fram varðandi staðbundna reimleika og hlutskyggní. Hér getur ekki verið um annað að ræða en samskynjanir og samvit milli lifandi og vitandi einstaklinga.

## *Íslenzk málvenja og rétt hugsun*

### I

„Peir dreyma og hún á einnig að dreyma vel,“ stóð í þýddri grein, *Leyndardómar svefnsins*, sem birtist í sunnudagsbl. Mbl. hinn 5. sept. 1972, og er slíkt ekki íslenzk málvenja. „Pá dreymir og hana á einnig að dreyma vel,“ hefði aftur á móti verið samkvæmt því, sem íslenzkir menn hafa komið að orði til þessa, og er það ef til vill ekki eintóm tilviljun, að hér á landi hefir fyrst verið komið að þeim skilningi á eðli svefns og drauma, sem í góðu samræmi er við þá málvenju. Hér á landi hefir það fyrst orðið ljóst, sem útlendir draumfræðingar eru nú fyrst eitthvað farnir að nálgast, að draumur er ekki einungis sjálfs-sköpun dreymandans, heldur einnig nokkuð, sem berst að utan. Hugsanaflutning eða fjarhrif er nú loks farið að setja í samband við drauma, og þýðir það að sjálfsögðu hið sama og að maður sé ekki aðeins gerandi, þegar hann segir. Og einnig hvíldin, sem með svefn-inum veitist, ætti þá á sama hátt að vera þegin að utan, og kynni þá

líka að koma á daginn, að með því að gera sér það ljóst, hætti svefninn að vera leyndardómsfullur. Og nú vildi ég hér enn vekja athygli á því, að íslenzk málvenja kunni stundum að vera nær réttri hugsun en útlend og meðal annars vegna þess beri að halda henni.

## II

Fyrir nokkrum árum var eitt sinn í þættinum um íslenzkt mál rætt um orðið *lægðarbylgja*, sem stundum hefði komið fram í veðurspám útværpsins, og varð einn veðurfræðinganna til þess að telja það vera rangt og óhæft orð. En um leið og ég fagnaði þessum dómi kom mér í hug annað, alveg sambærilegt málþyrirbæri. En það er orðatiltækið *andlegur líkami*, sem mig minnir að haft sé yfir jafnan, þegar rekum er fyrst varpað að kistu látins manns, og kemur það mér þá alltaf fyrir líkt og *lægðarbylgja*. Hafa þessi orð sennilega verið tekin upp í leiðréttingskyni vegna þess, að það hefir þótt fjarstæða, sem þó er hið rétta, að af jörðu muni látinn maður aftur upp rísa. Orðið andlegur þýðir í íslenzku máli *gagnstæði* hins líkamlega og getur samkvæmt því aldrei verið rétt að tala um andlegan líkama né heldur á hinn veginn líkamlegan anda.

# Vaki stórkvæðis — eftirtektarvert dæmi

## I

Kvæðið Stórasand hefi ég heyrta, að Einar Benediktsson hafi ort úti í París, og legið þar þá veikur í sjúkrahúsi. Og það sem kom honum þá til að yrkja kvæði þetta, hygg ég að verið hafi svo sem nú skal greina: Ég var eitt sinn staddur í gistihúsi í stórborg nokkurri, og sneri gluggi herbergisins, sem ég bjó í, að húsagarði, þar sem engin umferð var og engin einstök umferðarhljóð heyrðust. Og er ég stóð þarna við gluggann fannst mér sem ég heyrði þungan vatna eða sævarnið í nokkrum fjarska. Var það umferðarniður stórborgarinnar, sem þarna rann saman og líktist þessu. Og þesskonar niður hygg ég að komið hafi Einari til þess að byrja á nefndu kvæði. „Ég minnist, minnist,“ segir hann í upphafi þess, og var það vegna þess, að í vitund hans var þarna vakið upp atvik lönguliðinna „dýrðardaga“ norður á Íslands-öræfum. Og er hann hefir með fáum orðum gert grein fyrir aðdraganda þess, sem hér var um að ræða, kemur fram það, sem hann man þarna allrabezt:

Ég lá við skör. Enn man ég móðuniðinn  
þótt mörgu lífsins ár nú séu liðin,  
og preytt og syfjuð höfuð lögð í hnakka,  
en hestabit og traðk við fljótsins bakka.

Og eftir það, að þessi minning er vakín í þeim fjarlægðartöfrum, sem dvölin á gagnólíkri, erlendri grund eykur og magnar, tekur kvæðið að streyma fram, og þó ekki án þess, að horfið sé aftur til upphafsins:

Ég lifi upp í anda þessar stundir,  
en yfir veginn hnígur niðdimm gríma.  
Minn hugur flýgur milli tveggja tíma.

Er þannig auðsætt, að þessir tvennir tímar standast eitthvað á í huga skáldsins, þrátt fyrir hinn mikla mun. Og hvað gat það verið annað en umferðarkliðurinn annarsvegar og fljótsniðurinn hinsvegar, sem stóðst þarna á?

## II

Maður nokkur hafði orð á því við mig einhverntíma, að líkast væri því stundum, að í manni væri eitthvert tæki, sem mældi tímann, þegar sofið er, því að sumir menn virtust geta vaknað nákvæmlega á þeirri stundu, sem þeir ætluðu sér. Skildist mér, að þessi viðtalandi minn, sem er læknir, liti á þetta sem árangur einhverskonar undirvitundarstarfs, og gerði ég hvorki að andmæla því né samþykkja.

Nokkru eftir þetta samtal mitt við lækninn, gisti þeir hjá mér, Guðmundur Þorsteinsson á Klafastöðum og Sveinbjörn Beinteinsson á Draghálsi, og bar þá margt á góma hjá okkur. Sagði Sveinbjörn mér þá meðal annars frá því, að eitthvert sumar, ég held þá hið síðastliðna, hafi hann ævinlega vaknað á sama, fyrirframákveðnum tíma, og kom það heim og saman við þetta, sem læknirinn hafði talað um, og ég reyndar sjálfur hafði aðeins reynt. En tvisvar sagði Sveinbjörn þá, að þetta hefði brugðizt þannig, að hann svaf þá allmiklu lengur. En þá átti sér stað hið eftirtektarverða, að ung stúlka, sem dvaldi til heimilis hjá Sveinbirni og von var að sofa lengur frameftir á morgnana en hann, vaknaði báða þessa morgna á vöknunartíma hans. Pótti mér þá sýnt, að stundvísí sofandi manns verði ekki af hans eigin rammleik, heldur muni þar sambandsvit koma til greina.

## *Stuðlar og rím*

Eitthvert sinn var ég að rýna í safnbók þýzkra ljóða frá ýmsum tínum, en þýzku lærði ég örlítið að skilja vetur, sem ég dvaldi suður í Sviss fyrir löngu. Rakst ég þarna í bókinni á erindi stuðlað að íslenzkum hætti að meiri hluta. Og nú brá svo við, að þegar ég hafði lesið erindi þetta, þá kunni ég það að mestu, og sýnir það bezt hjálp stuðlanna, að einmitt þann hluta erindisins, sem ekki hafði stuðlast, gat ég ekki munað. En auk þess, að vera þannig hjálp til þess að muna, sem í fyrstu hefir líklega verið tilgangur þess að stuðla, þykir mér sennilegt, að fleira komi þar til greina.

Í grein minni, Áhrif ástædis, sem prentuð er framar í bók þessari, segi ég frá spáyrðum varðandi veðurfarsbreytingu, sem ég verð að ætla, að komið hafi mér fyrir ástæði ríms, og gefur það mér ástæðu til að halda, að í ljóði eða rímuðu máli geti menn orðið goðmálugri en ella. Og hví skyldi þá ekki einnig geta komið til málá, svo sem lengi hefir verið trúáð, að rímuðum orðum fylgi stundum meira áhrifamagn en órímuðum. Í orðlausri framkvæmd eða látbragði kann að vísu glóð heitra skapsmuna að birtast skýrast. En hugsun án þess að hafa verið orðuð verður að teljast ófullburða, og má reyndar segja að án orðunar sé hún naumast orðin til. Og eins og öllum ætti að geta verið ljóst, þá verður hugsunin þeim mun skýrari jafnan, sem hún var betur orðuð. Varðandi áhrifamagn vel orðaðrar hugsunar mætti vitna í það, sem dr. Helgi Pjeturss segir á einum stað í Nýal sínum, að „nokkur kraftur og ekki líttill fylgi góðu máli“. Og hvað rímið snertir benti einmitt hann mér einhverntíma á það í samtali, hve t.d. Gunnarshólmi Jónasar Hallgrímssonar gæti án rímsins ekki verið slíkt listaverk sem hann væri, og var það reyndar hið sama og að segja, að án rímsins hefði áhrifamagn ljóðsins orðið minna. — Pað var þessi sérstaki þokki yfir málfari Jónasar, sem gerði hann einhvern áhrifamesta og áhrifa-bezta mann nítjándu aldarinnar. En er þó ekki ástæða til að ætla, að

án þess að vera ljóðskáld slíkt, sem hann var, stuðlari og rímary, hefði sá þokki notið sín síður og áhrif hans orðið minni?

Vel get ég fallizt á, að skáldskapur eða skáldskaparform eigi að breytast og þróast, eins og í aðalatriðum hefur átt sér stað hjá sjálfu lífinu. Það er skiljanlega ekki heillavænlegt varðandi skáldskapinn fremur en annað, að staðið sé í stað. En rétt þróun er ekki það, sem nú er að miklu leyti stefnt að í ljóðaskáldskap. Hún er ekki að hverfa aftur til apastigsins eftir að komizt hafði verið á mannsstigið. Það sem gert hefir hin beztu ljóð minnisstæð og áhrifarík, á ekki að falla niður, heldur að verða hafið á hærra stig, svo að hvorttveggja fari saman, æ meira flug og æ meiri hrynjandi. Ljóð hinnar góðu framtíðar munu verða auðlærð og þó minnisstæð, frjálslega og einfaldlega ort, og þó háttbundin og stuðluð, og mundi slíkt gera þau auðfluttari og auðheyranlegrí. Ljóð hinnar góðu framtíðar munu verða samkvæmt því, sem til er stefnt með lífinu, form, sem bætir æ við sig meiri fegrún og fellir ekki niður annað en annmarka. Og áhrifamagn þeirra mun verða því meira sem þróun þeirra kemst á hærra stig. Samhljóman og samskipan til æ betri og fullkomnari sambands er það, sem þá verður æ betur stefnt að, og mun ljóðlistin eins og líka hljómlistin verða þar æ áhrifameiri þáttur. Mér þykir líklegt, að þá verði jafnan hinu mikilvægasta hrundið fram og til sigurs fyrir kraft ljóða og hljóma.

## *Gunnar og Kolskeggur*

„Án hugrekkis er vizkan ávaxtalaus“, stendur í spakmælabók nokkurri, sem ég var að rýna í, og veit ég ekki, hvers vegna mér á eftir varð hugsað til skilnaðar þeirra bræðra, Gunnars og Kolskeggs, eins og sagt er frá honum í Njálu. Hefi ég séð Kolskegg mjög lofaðan fyrir það, að hann vildi ekki hverfa aftur ásamt Gunnari, og þannig ekki níðast á því, sem honum hafði verið til trúað.

En hvað var það, sem þeim bræðrum hafði verið trúð til, og Kolskeggur stóð við en Gunnar ekki?

Það var að hlýða þeim dómi, sem á þá hafði fallið, og þá um leið að viðurkenna réttmæti þess dóms.

Og hvað var það, sem þeir höfðu verið dæmdir fyrir?

Í rauninni var það ekki annað en að verja sig gegn hópi manna, sem á þá hafði ráðizt, og að þeir í þeirri sjálfsvörn höfðu vegið nokkra menn. Og vilji nú einhver segja, að Gunnar hafi í sinni síðustu viðureign þeirra beggja við óvini sína gert meira en það eitt að verja sig, þá má benda á það, sem sagan segir frá því, þegar óvinirnir voru komnir á flóttu, að Gunnar vildi ekki það, sem Kolskeggur hvatti þó til, að fjölda vígum með bogskotum sínum.

Það væri að sjálfsögðu ekki rétt að álasa Kolskeggi fyrir dómlýðni sína, því vissulega var þar um skynsamlega dyggð að ræða. En hvað skal þá segja um Gunnar fyrir að gera hið gagnstæða?

Í „Tunglsgeislum“ mínum er smágrein um Gunnar á Hlíðarenda, og held ég því þar fram, að hann vegna ágætis síns hafi verið vitstillir spekingnum Njáli. En hér þykir mér hann sjálfur rísa hærra en speki Njáls. Mér þykir hann hér hafa með nokkrum haetti staðið í sporum þeirra sannleiksunnenda, sem létu ekki kúgast af hinu ríkjandi valdi. Gunnar gerði þarna einungis það, sem honum sjálfum fannst sér bera að gera, vægja ekki fyrir röngum dómi óvina sinna, þó að það hlyti að kosta hann lífið. Þar virðist hann hafa viljað mæta örlögum sínum einn, því að ekki vildi hann þiggja liðveizlu Skarphéðins, eins og Njáll bauð honum.

En hver mætti nú ætla, að ávöxturinn hafi orðið af þessu einræði hans eigin þóttu?

Væri ekki hugsanlegt, að án þess, sem varð, hefði aldrei verið skrifuð nein saga af Gunnari á Hlíðarenda? Og hvað mætti nú ætla um hina fögru ljóðperlu Jónasar, Gunnarshólma? Skyldi hún hafa orðið til, hefði Gunnar farið sömu leið og Kolskeggur fór?

## *,,Yfir Hraundranga“*

Ekki eru listaskáldin, Tómas Guðmundsson og Hannes Pétursson, á einu máli um það, hvort Jónas Hallgrímsson hafi ort sitt fagra ástarljóð, Ferðalok, á síðustu dögum sínum hér á jörðu eða sumarið, eftir að tilefni þess hafi orðið. Kvað Hannes halda hinu fyrr sagða fram, en í ritgerð framan við útgáfu á ritum Jónasar 1971 segir Tómas, að ljóðið hafi orðið til eftir ferðalag úr skóla norður heiðar og heim í Öxnadal sumarið 1828, og hafi það þá fyrst heitið *Ástin mín* en síðar *Gömul saga*. En væri nú ekki hugsanlegt að láta sjálfa ástarstjörnuna skera úr um þetta? Hafi hún sem kvöldstjarna verið mjög hátt á lofti sumarið og haustið, eftir að samfylgd þeirra Jónasar og Póru Gunnarsdóttur átti sér stað, en að því ætti að mega komast, þá þætti mér það vera góður stuðningur við þetta, sem Tómas segir þarna. Reyndi ég einmitt að gera mér grein fyrir þessu varðandi kvöldstjörnuna, þegar ég síðumars fyrir nokkrum árum átti leið um Öxnadal, og varð mér þá ljóst, að frá Steinsstöðum getur hana borið yfir Hraundranga, þegar hún fer sem hæst, verður „pólhverf“ eins og stöku sinnum á sér stað. Man ég, hve eðlilegt mér fannst, þegar ég var að athuga þetta um leið og bíllinn bar mig þarna framhjá, að ljóðið hefði í aðaldráttum, eða a.m.k. fyrsta erindi þess, orðið til þarna eitthvert kvöld, þegar ský skýldu stjörnunni, þar sem hún hafði nokkru áður hlegið í heiði yfir Hraundranga. Að hafa löngu seinna farið að búa það til, sem sagt er um þetta í upphafi ljóðsins, finnst mér ekki líklegt um skáldið og náttúrufræðinginn Jónas Hallgrímsson. Til þess held ég hann hafa verið of raunsögulan.

## *Framhald — ekki fráhvarf*

Að vera frjáls og óháður, einnig gagnvart þeim, sem mest kann að hafa verið þegið af, er skilyrði til ávöxtunar hins þegna.

### I

Í Nýal, bls. 312, standa þessi orð:

„Um alla æfi mannsins stendur af honum geislan, sem kemur fram og safnast fyrir á aflsvæði skylds en lengra komins eða samstíltara mannkyns. Og það sem þessi geislan stefnir án afláts að, er að endurframleiða líkama slíkan, sem hún stendur af. Pellar nú maðurinn andast, losnar orka úr hinum deyjandi líkama og kemur enn fram á sama stað. Og nú skapar þessi geislan sér nýjan líkama . . .“

Petta, að geislan sé ævinlega falin í viðleitni geislandans til að endurframleiða sjálfan sig þar sem geislanin frá honum kemur niður, hefi ég mikla tilhneigingu til að líta á sem meginssannindi. Hitt er mér aftur á móti ekki ljóst, hvernig ævigeislan einstaklingsins safnist fyrir á einhverjum ákveðnum stað, eins og þarna er talað um, og finnst mér líka sú fyrirframákvörðun um framlífsstað hans, sem af slíku hlyti að leiða, vera í nokkru ósamræmi við sumar fréttir úr framlífsheimum. Þær fréttir hafa stundum verið á þá leið, að endurlifnunin hafi orðið þar, sem tiltölulega fljótt var svo horfið til annars staðar, og skal hér nú vikið á mínar eigin skilningsleiðir.

Eins og ég annars staðar hefi vikið að, þá hefi ég látið mér skiljast, að tegundar- eða ættarsaga einstaklingsins, sem öll bygging hans ákvarðaðist af, hljóti með einhverjum hætti að hafa verið skráð í hinari tvær kynfrumur, sem að honum stóðu og hann við samruna þeirra kvíknaði af. En saga hans sjálfs, sem þá byrjar, þykir mér líklegast að safnist fyrir fyrst og fremst í honum sjálfum, þótt það að sjálfsögðu verði ekki án tengsla við aðra lifendur. Lífsambandið er vitanlega ævinlega og hvarvetna til staðar. Og sé það nú virkilega, sem mér

einnig hefir skilizt, að alheild lífsins þurfi á því að halda, að saga hvers eins varðeitist, þá þykir mér sem allt hljóti að leggjast á eitt til þess, að svo verði. Byggi ég hér á þeim skilningi, sem kemur fram í grein minni um hið dauðlega og hið ódauðlega líf, og er sá skilningur framhald en ekki fráhvarf þess, sem Nýall boðar, þótt í fljótu bragði virðist vera í mótsögn við sumt, sem þar stendur. Það er lögmál, að lifendurnir hljóti að eldast og deyja héðan burt, þótt hitt ætti ekki að vera nauðsynlegt, að slíku fylgi vanlíðan og langvarandi getuleysi. En varðandi endurbyggingu hins deyjandi einstaklings er ekkert eins mikilsvert og það að hafa gert sér ljós einmitt þau meginssannindi um eðli allrar geislunar, sem drepið var á hér að framan. Og geislanin, sem endurframleiðir lifandann á öðrum stað — hvað er hún annað en upprifjan sögu hans, endurskráning minninga hans og ættararfs?

## II

Í *Framnýal, Náttúrusögu vítis*, er haft eftir framliðnum manni, að hann á dauðastund sinni hafi fundið til nístandi kulda, og er í ritgerðinni komist svo að orði, að flutningurinn til annarrar jarðar hafi lýst sér þannig. En þótt meinингin hafi þar ekki verið sú, að hinn deyjandi maður hafi þarna skynjað geimkulðann á milli stjarnanna, þá vekur þetta mig til að taka það fram, að slíkt geti í rauninni ekki átt sér stað. „Flutning“ sinn til framlífsstaðar skynjar maður ekki, og þykir mér líklegast, að þarna hafi verið um að ræða samskynjan hins deyjandi eða öllu heldur endurlifnandi manns við einhvern, sem hann óafvitandi og ósjálfrátt hafi rænt krafti til byggingar síns nýja líkama, og að sú samskynjan hafi átt sér stað um leið og bygging hans varð. Hefir þá sá rænti skynjað kraftlát sitt sem nístandi kulda, og er slíkt í góðu samræmi við sumt, sem getið er um í ritgerð minni um raunverulega svipi.

Eins og það hlýtur að teljast sjálfsgagt, að lífvana líkami skynji ekki, þannig ætti það líka að teljast sjálfsgagt, að án líkama hafi heldur ekki neinn getu til slíks. Líkami og líf hljóta óhjákvæmilega að verða að

fara saman til þess, að skynjan og önnur vitundarstarfsemi geti átt sér stað. En líkami og líf einstaklings fara saman einungis á frumlífsstað hans eða þar, sem framlífsbygging hans hefir orðið á annarri jörd. Hér er um hið sama að ræða og það, að fallandi foss getur ekki verið án vatns.

## III

Einnig þá, sem verða til þess að leiðréttta það, sem sér kynni að hafa misskilizt eða skilið ekki til fulls, taldi Helgi Pjeturss vera samherja sína. Framgangur hins rétta var honum fyrir mestu. Í stað dulhyggju og trúarbragðakenninga leitaðist hann æ við að bera fram skilning byggðan á grunni raunsæis, og er viðleitni míni framhald á sama veg. Og hvort kynni það nú ekki að geta orðið til aukinnar glöggyunar á því framhaldi íslenzkrar heimspeki, sem skilningur minn á þróunar-gildi sögunnar er eða varðveislu minninganna, að ég víki hér að upptökum þess skilnings?

Helgi Pjeturss hefir það eftir Schopenhauer spekingi, að lausn hverrar gátu megi liggja ljós fyrir, ef nógu vel og greindarlega sé leitað í eigin huga, og reyndist svo líka um uppgötvun hans á sambandseðli svefnsins og draumanna. En það sem ég tel mig hafa þannig fundið, er, að minningar mínar, vitaðar og óvitaðar, séu uppistaða vitundar minnar, og hygg ég, að án þess að hafa gert sér það ljóst, verði öll skilningsviðleitni í þeim efnunum árangurslítill. Í svefni jafnt sem vöku, eru það eigin minningar mínar, sem svara öllum skynjunum, og hefir mér stundum fundizt það liggja jafnvel ljósast fyrir, hvernig draum-skynjanirnar eins og leika á strengi minninga minna úr vöku. Hefir það þá orðið mér til aukinnar staðfestingar á því, að sjálfur sé ég ekki höfundur þess, sem mig dreymir. Í draumi á sér stað nákvæmlega hið sama og þegar ósnortinn hörpustrengur tekur undir með öðrum áslegnum og koma þar þá einnig til greina áhrif ástædis.

En hér var nú um meira að ræða en skilninginn einan á uppistöðu vitundar minnar. Eins og uppgötvunin á sambandseðli svefnsins og

draumanna leiddi Helga Pjeturss til skilnings hans á heimssambandi lífsins, þannig leiddi þessi skilningur minn á vitund minni mig til þess undirstöðuskilnings á þróun heims og lífs, sem ég margsinnis hefi reynt að gera grein fyrir. Sá skilningur er, að hvort tveggja, bygging vitundarinnar og þróun lífsins, hafi í aðalatriðum orðið fyrir varðveislu minninga og sögu.

## *Hvað gerast þarf*

Mér opnaðist eitthvert sinn fyrir löngu á dálítið sérstakan hátt skilningur á því, að ekki skyldi þegar við upphaf lífskvíknunarinnar á jörðinni hafa verið komið í veg fyrir alla þá ógæfu, sem það fyrtækí hefir orðið að þola, en sem ætla verður þó, að hvergi sé látið ógert að hefja, ef skilyrði eru til slíks. Kom þessi skilningur mér eftir samtal við mann nokkurn, sem þá hélt því fram, að allt, sem gerist, hljóti að hafa verið fyrirhugað, og byggði hann þá ætlun sína á framkomu hugboða um óorðna atburði. En þó að ég neitaði ekki öllum raunveruleik slíkra hugboða, þá vildi ég ekki fallast á fyrirhugunina á hinn verri veg. Ég vildi t.d. ekki fallast á, að hinrar tvær stórstyrjaldir þessarar aldar hafi þegar við frumkvíknun lífsins á jörðinni verið fyrirhugaðar, því að slík fyrirhugun fannst mér að hefði verið svo fráleit. Hitt er svo annað mál, að þessar tvær stórstyrjaldir voru samt ekki nema eðlilegt framhald þess, sem nálega alla tíð hefir átt sér stað á þessari jörð, og skal nú reynt að gera grein fyrir þessum skilningi mínum, sem ég hér í upphafi talaði um.

Lifnunin er á hverjum stað knúin fram af þeirri nauðsyn að hefja hið líflausa til þeirra fegurðarmöguleika, sem það án hennar getur ekki komið. Og á það hærra stig fegurðar getur ekkert komið án hinnar guðlegu ástar. En eðli hins guðlega er nú einmitt það, að ást þess seilist fram nokkru lengra en ratvísí þess nær. Án þess að hætt

væri á óvissu gat þessi mikla hafning ekki orðið. Og í því liggur svo það, að í upphafi varð ekki komið í veg fyrir óhöppin. Hinum alltelskandi guðum er í rauninni varnað þess að stjórna, enda er drottnunin þeim hið fjarsta. Afskipti þeirra mega einungis vera falin í því að koma lifendum sjálfum til þess að sjá hið rétta, og hefir árangurinn af þeirri viðleitni löngum orðið minnstur, þegar mennirnir áttu í hlut. Stafaði það stundum af því, að dýrin voru hugboðsvísari. Þau voru ekki fjötruð af fyrirframsannfæringum eða lærðómshroka. En þó hljóta það að vera mennirnir, sem hér geta haft forystuna. Og hvað er það, sem gerast þarf til þess að þeir taki hina réttu forystu?

Pað sem þarf að gerast, til þess að menn fari sjálfir að sjá hið rétta og lífa samkvæmt köllun sinni, væri að þeir uppgötvuðu guðina sem jafn raunverulega lifendur og þeir sjálfir eru. Fyrir þá uppgötvun mundi ekki einungis verða komið hjá því hrapi, sem svo mjög er nú stefnt að, heldur mundi þá verða hafizt til þess frelsis, sem falið yrði í því að gera möguleika hins illa að viðnámi slíku, sem loftið er vængjum fuglanna.

## *Sigurvænleiki hikleysisins*

Flestir munu nú telja sig standa í öruggara skjóli þekkingar og vitsbak við Albert Einstein en Helga Pjeturss, og mun slíkt naumast hafa verið svo eindregið fyrir sextíu til sjötíu árum eða um það leyti, sem Helgi var fyrst að bera fram kenningar sínar. Urðu þá margir hér á landi hrifnir af framsetningu hans og boðskap þeirrar nýjungar, að lífsamband eigi sér stað á milli stjarnanna. Áttu þar hlut að máli bæði lærðir og ólærðir, og varð sá sem þetta skrifar, einn meðal þeirra síðartöldu. En þrátt fyrir þessa hrifningu nokkurra manna, varð þar ekki það framhald, sem sumir þeirra vonuðust eftir, og mun þar mestu hafa valdið, að gerhyglin var ekki nóg né hin sjálfstæða hugsun

einstaklinganna. Pegar sumir þeirra manna, sem bezta aðstöðu höfðu til áhrifa, létu af ýmsum ástæðum annað ganga fyrir, og drógu sig því í hlé, þá fóru ýmsir að spyrja sjálfa sig á þá leið, hvort hlédrægni þeirra og fráhvarf stafaði ekki af aukinni vitkun þeirra og raunsæi. Og nú er þessi þróun, eða öllu heldur öfugþróun orðin slík, að unnendur Nýals verða nálega að fara huldu höfði. Hefi ég nú meira að segja frétt, að sumir afkomendur Helga Pjeturss hafi stundum verið látnir gjalda ætternis síns og þar af leiðandi kveinkað sér við að halda uppi ættarnafni afa síns.

En hvað væri það, sem léttu mætti af þessum álögum?

Pó að ólíku sé að jafna saman, baráttu Pórðar kakala fyrir rétti sínum og því, sem hér er um að ræða, þá mætti hér minna á hina hiklausu djörfung hans gegn ofurefli þeirra Kolbeins unga og Gissurar. Og eins og þar bykir mér hér ekki vera um að villast, hvoru megin rétturinn er. Pó að skjólbetra sé nú talið að standa að baki Alberts Einsteins en Helga Pjeturss, þá er ekki svo í raun. Fráhvarf frá Nýal hefir aldrei orðið vegna aukinnar vitkunar fráhverfenda, heldur hins gagnstæða. Það hefir áreiðanlega ekki orðið fyrir aukið víðsýni, að menn fóru að hörfa frá þeirri hugsun, að líf jarðarinnar sé þáttur í óprotlegu alheimslífi, því að án þess að vera það, ætti að liggja ljóst fyrir, að líf hefði hér aldrei getað orðið til. Lífsambandið er lífinu á hverjum stað á móta tilverunauðsyn og aðdráttarsambandið á milli stjarnanna er hverri einni stjörnu. Og undirstaða þess, sem kenningin um heimssamband lífsins byggist á, er líka alveg óvífengjanleg. Kenning Helga Pjeturss um sambandseðli svefn og drauma, er ekki einungis tilgáta. Hún er uppgötvun, og get ég vegna athugana minna varðandi það efni í tugi ára boríð um slíkt. Hörfunin frá kenningum Nýals er vegna alls þessa svo fjarri því að vera skynsamleg, að hún er einungis afleiðing þess, að hætt hafi verið að beita skynsemi og greind á þann hátt, sem menn gera helzt, meðan æskan brennur þeim í brjósti og þeir eru óháðastir valdi heimsku og ósjálfstæðis. Það þarf enginn að halda, að hörfunin frá þessum lítilsvirtu kenningum sé annað en eftirgjöf stafandi af hræðslu við það að standa einn eða í hópi fáeinna lílismetinna sérvitringa, og þarf að vísu engum að lá, þó

að hann kveinki sér við slíku. Fyrir stuðning við lítilsmetinn sannleik veitist einungis afmagnan, og mun hinn kunni miðill, Hafsteinn Björnsson, sem kvað sízt allra hafa viljað Nýalssinna á fundum sínum, hafa skynjað þetta og viljað forðast sambandsörðugleikana, sem af því hafa stafað.

En hvað skal þá segja um kenningu hins mikla Alberts Einsteins, að ekkert kraftflug geti farið fram úr hraðfleygi ljóssins?

Um kennningar Einsteins læt ég ógert að segja annað en það, að þær ná ekki eins langt og þessi vísa Björns Gunnlaugssonar:

Lífið öllu langt af ber,  
Lífi duftið þjónar,  
Lífi birtan löguð er,  
Líf sér haminn prjónar.

Par sem hinn líflausa kraft þrýtur, tekur lífið við, og um það er vísan kveðin.

Hið ríkjandi vald heimsku og ósjálfstæðis getur að vísu sýnzt óárennilegt og jafnvél ógnandi. En komi þar algjört hikleysi til móts, getur sigurinn verið skammt undan. Og aldrei skyldi neinn sá, sem einu sinni hefir látið sér skiljast raunveruleik lífsambandsins á milli stjarnanna, takar mark á svo lágkúrulegri hugsun, að öll sambönd og flutningar á milli stjarna og vetrarbrauta takmarkist við hraða ljósgeislans. Breytir þar engu, þó að sú hugsun sé kennd við frægasta vísindamann aldarinnar. Hvað sem sá vísindamaður kann að hafa haft sér til ágætis, þá hefir hann þar ekki haft rétt fyrir sér.

1983.

## *Óyggjandi sambandssönnun*

Að sjálfsögðu liggur það ekki ævinlega ljóst fyrir, að raunverulegt miðilssamband hafi tekizt, þar sem þó hafði verið stofnað til slíks, og má því segja, að tortryggní sé þar ekki óeðlileg. En þó kemur það fyrir, að segja má um það með vissu, að raunverulegt miðilssamband hafi átt sér stað, og sannar það þá hvortveggja, óyggjanleik framlífsins og svikaleysi miðilsins. Skal hér nú sagt um eina slíka sönnun.

Það hefir um nokkurra ára skeið borið við öðru hverju, að komið hafa hingað að Úlfsstöðum miðlar úr Reykjavík, og hafa það þá verið miðlar úr hópi Nýalssinna: Sigurður F. Ólafsson, sem nú er láttinn, Sveinn Haraldsson og enn aðrir, konur og karlar, svo að furðumargt fólk hefir reynzt vera gætt sambandshæfileikum. En í þetta sinn, sem hér er um að ræða, var Sveinn Haraldsson miðillinn, og var það þó Sveinn P. Víkingur, heimilismaður á Úlfsstöðum, sem fyrstur skynjaði sambandsáhrifin. Skynjaði hann þau þannig, að hann fann hjá sér sterka hneigð til líkamshreyfingar eða kæks, sem láttinn góðkunningi hans gerði jafnan, þegar hann settist hjá þeim, sem hann vildi tala við. En um leið, eða örlistlu síðar en Sv.P.V. fann til þessarar hneigðar hjá sér, en án þess að láta það í ljós, sagði þessi góðkunningi til sín hjá Sveini Haraldssyni. Hefði naumast verið hægt að kjósa sér betri sönnun um raunveruleik sambandsins en þetta.

Og að svona vel skyldi takast var líka í góðu samræmi við hinn látnamann, sem var Einar Guðnason, lengi prestur í Reykholti, því að um áhuga hans varðandi sambönd milli látinna og lifenda var mér vel kunnugt. Var það því maklegt, að þessi óyggjandi sönnun skyldi fást fyrir hans tilstilli.

## Pættir úr Noregsför

Það var þann 14. ágúst 1964, að hún var hafin þessi Noregsför okkar Áslaugar, sem mér lengi hafði fundizt ekki ná neinni átt að láta eftir sér að fara um hábjargræðistímann. Veður var hið vegursta, er við lögðum af stað að heiman, og enn var það hið vegursta er við árla morguns tveimur dögum seinna vorum á þeirri vegurðarsnauðu leið, sem liggur frá Reykjavík til Keflavíkur. Man ég fátt eða ekkert úr nágrenni þeirrar leiðar, enda varð mér miklu tíðlitnara til sævar á hægri hlið. Blasti þar við fjallgarður Snæfellsness handan flóans í fjarska svo miklum, að varla sá lengra niður en í miðjar hlíðar. Sýndust því fjöllin þar eins og eyjar í hafi, og fór ég að hugsa um, hvað menn muni hafa haldið um þetta, meðan ekki var vitað um hnattlögun jarðar. Underlegt fyrirbæri hefði það þá mátt þykja að sjá sjóinn bunga upp og skyggja á fjarlæg fjöll. En eins og ævinlega varðandi það, sem fólk ekki skilur, hafa þá sennilega fáir veitt þessu nokkra verulega athygli. Vanti skilning á því, sem fyrir augu ber, festist það naumast í vitundinni og verður því sama sem óséð.

Tvisvar áður en í þetta sinn hafði ég hafizt á loft í flugvél. En hvernig sem á því hefir staðið, þá veitti ég því nú fyrst athygli, að í flugvél er maður eins og kominn á aðra jörð. Þótt vélin hreyfist og hallist á ýmsa vegu, þá finnur maður það litlu fremur en hreyfingu og flug jarðarinnar umhverfis sól. Hins vegar finnst manni eða sýnist landið hallast, ef flugvélin hallast, og man ég að þegar hún var að snúa sér í stefnu austur, rétt eftir að hún var komin á loft, þá fannst mér hafflöturinn rísa upp á rönd eða nálega það vegna þess, hve flugvélin hallaðist.

Og nú var flogið hátt yfir jörð.

Sessunautur minn á vinstri hlið var Kóreubúi, miðaldra maður eða varla það, svarthærður, skáeygur og gulbrúnn á hörund, eins og vænta mátti, en allgervilegur. Var hann hinn vinsamlegasti og vildi tala við

mig, en gekk það ekki sem bezt. Þó gat hann látið mig skilja, að hann hefði komið hingað til lands í skipkaupaerindum, sem tekist hefðu.

Útsýn úr flugvélinni höfðum við Áslaug takmarkaða, því að enginn gluggi var á hlið við okkur. Þó gátum við skyggnzt út hjá manni, sem sat í næsta sæti fyrir framan, og sá þaðan niður á jörð og út til hafs á hægri hönd. Sex árum áður en ég fór þessa ferð, hafði ég farið í flugvél frá Reykjavík til Hornafjarðar, og sat ég þá vinstra megin og hafði því skyggni til lands. Bar þá nálega í einu fyrir sjónir alla jöklar miðhál-lendisins, auðvitað í mikilli fjarlægð, en þó furðu greinilega. Hins-vegar er mér minnisstædust úr þeirri ferð sýn til Öræfajökuls, sem um stund blasti við mér í ekki mikilli fjarlægð, skínandi á móti sól. Mun hann á engan hátt njóta sín eins vel og úr líkri hæð og hann er sjálfur, og mun reyndar vera svo um hvað sem er, og í öllum skilningi.

En nú voru það fyrst Vestmannaeyjar og hinn rjúkandi Surtur, sem ég festi sjónar á í fjarska. Niður fyrir mig var að líta líkt og á landabréf, dálítið breytilega litt, því að sumsstaðar var gróðurlendi en sums staðar ekki, og virtist mér þó gróðurlendi minna en ég hafði vænzt á þessu gróðurríkasta svæði landsins. Þegar austar var komið móts við Eyjafjalla- og Mýrdalsjökul, breyttist niðursýnið þannig, að mishæðir komu meir í ljós. Sá ég það þó greinilegast, þegar flugvélin þar af einhverjum ástæðum gerðist ókyrrari á fluginu en áður. Hallaðist hún þá stundum á hlið, og var þá eins og þetta úfna og hrikalega land risi á rönd uppyfir hana.

Og bráðum var ekki annað að sjá en himin og haf, og þó öllu heldur einungis himin, því að nú var flogið fyrir ofan skýin. Að vísu var gluggaþykki, eins og segir í Grettissögu um skýjafar það, sem ríkti, þegar Glámur hóf augu sín á móti tunglinu, og sá því stundum niður á hafflötinn. Og einhverntíma kom ég þar auga á Færeysjar, sem í fjarlægðinni litu út nokkuð líkt og fuglar á sundi. Að sjálfsögðu gat ég ekki gert mér grein fyrir byggingu þeirra, en dökkvinn benti til þess, sem ég vissi áður, að þær eru leifar þess mikla blágrytislands, sem Ísland og Skotland eru einnig leifar af og nú er að mestu sokkið í sæ.

Eins og kunnugt er, þá hallar Skandinavíu frá vestri til austurs, og

lendir því hálendið í hluta Noregs að mestu. Að sunnan tilheyrir þó Noregi nokkur hluti austurhallans — sá hlutinn sem þar er kallaður austanfjalls — og er vesturströndin því viða brött og hrikaleg. Og fór nú þessi hluti Noregs að koma í ljós, fyrst eyjar og útnes, en síðar fjöll að nokkru hulin snjó, en þó hvergi samfelldum jökulhettum. Skárust þar firðir inn á milli. En þegar austar var komið, breyttist niðursýnið. Blöstu þá við skógar, en sums staðar bleikir akrar og byggð ból. Og fór ég að finna til þess með sjálfum mér, að ég væri kominn til annars lands, og var það þó ekki til fulls fyrr en flugvél hafði lent.

Hversvegna skyldu menn ekki hugsa til þess stundum, sem við tekur að aflokinni þeirri ferð, sem enginn kemst hjá að fara? Að minnsta kosti verður mér nú hugsað til slíks, þegar ég nú minnist þess, þegar dóttir okkar, tengdasonur og synir þeirra tóku á móti okkur á flugvelli Óslóborgar. Var það líkt og ég get hugsað mér móttökur á annarri jörð, hlýrri og sólríkri, því að ekki var veðrið þarna lakara en það hafði verið heima, þegar við fórum þaðan. Og eitt var það, sem ég lærði þarna að skilja betur en áður. Vegna þess, hve löngun mín varð nú rík til þess að gefa þeim, sem heima sátu einhvern þátt í að sjá og njóta þess, sem ég nú sjálfur sá og naut, skildi ég, hversu sterk löngun framlifenda geti verið til þess að gefa eftirlifendum þátt í hinu nýja lífi sínu og skynjunum. Hygg ég, að mörgum þeirra þyki það vera allmikið mein að geta slíkt ekki, og mun þeim ekki sízt finnast svo, sem horfið hafa til hinna betri staða. En því skyldi slíkt þó ekki geta orðið? Hvers vegna skyldi ekki einnig þar geta orðið aukning og fullkomnum sambanda eins og þegar hefur orðið hér á jörðu milli landa og heimsálfa?

Pað sem ég fyrst veitti athygli á leið okkar frá flugvellinum til stúdentabústaðanna, sem vera skyldi nú heimkynni okkar um hríð, var gróðurinn og grjótið, og kann einhverjum að þykja það skritið. En byggingar og önnur mannvirki slík vekja mér sjaldan mikinn áhuga, nema því aðeins að um einhver sögutengsl sé að ræða. Og varðandi gróðurinn og grjótið var einkum tvennt, sem ég tók þarna eftir. Á vesturströndinni og viðar hafði ég þegar séð niður á hið ljóslitaða granítberg, sem er aðalbyggingarefni landsins. En hér í borginni risu

sums staðar upp dökkir eða nálega svartir bergkambar, sem hlutu að vera annarrar tegundar. Berg þetta virtist einnig vera umturnað og brotið, og var mér síðar sagt, að það væri setberg, 600 milljóna ára gamalt, frá því að sjór hafði legið þarna yfir, og að það hefði skriðið til síðan og sporðreistst ýmislega. En hvað gróðurinn snerti vakti það fyrst furðu mína, hve nægjusamur hann virtist vera. Yfirleitt virtist mér jarðvegur vera grynnri í Noregi en hann er víða hér á landi, og hafði ég því einhverntíma orð á því í gamni að Íslendingar gætu selt mold þangað austur yfir haf. En grjótið og þá einkum þetta dökka berg virtist gera jafnvel meira en að bæta upp moldarleysið, því að víða var svo að sjá, að tré og annar gróður yxi út úr því.

Vafasamt þykir mér, að aðrir staðir Óslóborgar séu viðfeldnari en stúdentahverfið, þar sem við bjuggum, og er það ekki sízt vegna þess, að það er í útjaðri. Eru húsin þar strjál, og sums staðar er nokkurt brattlendi, jafnvel klettaklungur, sem víðast hvar er þó meira og minna hulið trjágróðri, svo að mörg hús eru þarna nálega í kafi. Er þarna vitanlega um margskonar trjágróður að ræða, svo sem epla og perutré, auk barrtrjáa, reyniviða og ýmissa tegunda annarra. En þó fannst mér björkin bera þarna af öllum, og er mikill munur á henni og birkinu íslenzka. Þó er eitt, sem björkina þarna skortir á við það. Ilmurinn af henni er ekki næri eins sterkur og af birkinu íslenzka, og er reyndar svo um margan annan gróður. Pannig ilmar blóðbergið norska miklu miður en hið íslenzka. En nokkru stórvaxnara mun það vera eins og líka beitilyngið, sortulyngið og bláberjalyngið, sem ég sá allmikið af í skóginum skammt frá stúdentabænum, og fórum við stundum þangað á berjamó ásamt dóttursonum okkar, sex og fjögurra ára.

Ekki veit ég, hve gömul Óslóborg er, en allmiklu eldri mun hún vera en hin íslenzka höfuðborg, Reykjavík. Og þó að ýmsir staðir kæmu meira við hina norsku sögu og íslenzku frameftir öldum, þá gefur þar að líta ýmislegt gamalt og sögulegt, og það líklega fremur en á nokkrum öðrum stað í Noregi. Pannig hefir þar á einum stað, Byggðey, sem þó er ekki eyja, verið komið fyrir ýmsum gömlum byggingum, sem reistar höfðu verið í fyrstu á ýmsum öðrum stöðum.

Má þar nefna hinar sérkennilegu stafkirkjur, sem gerðar eru af timbri og þó margra alda gamlar, og minnir sumt í skreytingum þeirra meir á heiðni en kristni. Ennfremur gefur þarna að líta íbúðir fólks frá ýmsum tínum, ásamt tilheyrandi búshlutum, og var þar víst ekki sízt um að ræða íbúðir sumra kunnra manna. Pannig sá ég þarna vinnustofu Henriks Ibsens, og logaði þar ljós á lampa þeim, sem lýsti honum við ritstörf hans, og var þetta að vísu rafljós í stað olíuljós, þótt ekki virtist svo fljótt á litið. Á einhverjum stað þarna hefir verið byggt yfir skipið Fram, sem Friðþjófur Nansen fór á áleiðis til norðurskautsins og síðar bar Róald Amundsen til Suðurskautslandsins, og var þar til sýnis margt það, sem þessir frægu afreksmenn notuðu í ferðum sínum, og sjálfsagt var hvað á sínum stað. Og ekki skyldi gleyma Gauksstaðskipinu, sem á enn öðrum stað gefur þarna að líta. En skip það held ég sé meir en 1100 ára gamalt og að talsverðu leyti heilt, en að vísu ekki sjófært.

Pað var eins og fyrr segir þann 16. ágúst, að við komum til Óslóar, og hafði veðrið jafnan verið hið fugursta. Stundum kom þó rigning, svo að um munaði. Pannig man ég þarna eftir dembu meiri en ég áður hafði kynnzt. Rann vatnið þá eftir götunum eins og árstraumur, sem þó varði aðeins um stund, því að ekki var þetta nema skúr. Og nú voru 10 dagar liðnir þarna við hvíld og þó marga skemmtilega tilbreytingu, og runninn upp 26. ágúst, en þann dag var ákveðið að taka sig upp í nýtt ferðalag. Var ferð þessari, sem nú skyldi farin á landi og með járnbrautarlest, heitið til Niðaróss (Prándheims), og fór ég hana í fylgd með tengdasyni mínum. Lá leiðin fyrst nokkuð til austurs, en síðan norður um Heiðmörk, Upplönd og Guðbrandsdal, og er land þetta að vísu ásótt, en þó í heild sinni mikið til flatt. Eru þarna víða miklir skógar, en sums staðar akrar og fögur byggð. Í Guðbrandsdal, sem mér virtist ekki sízt vera fjölbryggður, liggr stærsta stöðuvatn Noregs, Mjösen, og fellur úr því Lögurinn. Er vatn þetta geysilangt svo að skipta mun tugum kílómetra ekki allfáum, en breiddin er misjöfn og hvergi ýkja mikil. Upp af Guðbrandsdal, sem er þróngur innst, taka við heiðlönd vaxin víði og birki, sem er lágvaxið og kræklótt eins og íslenzka birkið. Vex það þar í allt að þúsund metra

hæð, og ályktaði ég það af hæðamerkjum, sem sjá mátti þarna, hvar sem lestin stanzaði. Hærra en þetta virtist mér varla um annan gróður að ræða en mosa og skófir, nema á flatlendi og í lægðum. Þar var held ég einhver víðigróður. Og einhvers staðar þarna sá ég hreindýrahóp, og styggðist hann lítið, þó að lestin brunaði þar hjá í ekki mikilli fjarlægð.

Leiðin frá Ósló til Niðaróss var mér sögð vera 543 kílómetrar, en hjá Dumbási er það, að halla fer aftur norðvestur af. Fór land þá að verða mishæðótt og hrikalegt, og hvarf lestin þar stundum inn í hamra og kom svo ef til vill aftur fram í hengiflugi einhvers gljúfur. Var það í Uppdal, sem við komum fyrst aftur til byggða og sáum birkiskóga, og heitir Drífa sú á, sem eftir þeim dal fellur. Norðar er Orkadalur, þá Sóknardalur og loks Gauladalur, og rennur eftir honum áin Gaul, sem getið er um í sögu Hákonar Hlaðajarls. Mun sá dalur vera mestur og fjölbyggðastur þessara dala. — Það stafar víst af því, að granítbergið er harðara en blágrýtið íslenzka, að skriðumyndanir eru þarna miklu minni en í hinum íslenzku fjallahlíðum, og þótti mér gaman að sjá í sumum bergveggjunum þarna, hvernig berglögin höfðu svignað og jafnvel undizt upp sums staðar, þegar fjöllin voru að myndast, en þau eru fellingafjöll, eins og kunnugt er, og lagskipt á allt annan hátt og ógreinilegar en hraunlagafjöll. En þó að hér sé einungis um fornberg að ræða hundruðumfalt eldra en elzta blágrýti Íslands, þá mátti þarna einnig sjá „ganga“ eða merki um sprungur, sem gosgrjót hafði þrengt sér upp í, eins og víða má sjá á Íslandi.

Fátt var það um byggð og búnað, sem ég hafði getað gert mér grein fyrir á þessari ferð minni. Pó vil ég ekki láta þess ógetið, sem við þegar höfðum veitt athygli suður í Guðbrandsdal, en það var akurlendi nokkurt, dökkt á að líta. Sýndist mér, sem ég þá naumast trúði, að þarna hefði kartöfluakur orðið fyrir næturfrosti, en komst síðar að, að svo hefði einmitt verið. Varð mér þannig ljóst, að víðar en á Íslandi geta slík óhöpp komið fyrir og það jafnvel í hinum hlýja ágústmánuði.

Í Uppdal og Orkadal vakti það furðu mína, hve bændabýlin sum standa þar utan í bröttum hlíðum. Að vísu er hallinn þarna yfirleitt miklu grónari en slíkur bratti getur verið á Íslandi. En hvernig unnt er

að hafast nokkuð að utan í svona halla gat ég ekki vel skilið. Eða voru þetta ef til vill eitthvæð annað en bændabýli? — Annað, sem vakti athygli mína í þessum döllum, var litar nautgripanna, sem ég sá þar á beit. Austan fjalls og eins í Gaulardal og í Prændalögum annars staðar eru nautgripir margir með nokkuð öðrum hætti dumbrauðir en á Íslandi gerist, og hefir þó víst verið sannað, að kýrnar íslenzku eru af norskum stofni en ekki írskum. En í döllum þessum sýndust mér nálega allir nautgripir vera hvíthryggjaðir, en svartflekkókkir á síðum eða yrjóttir. Í Gaulardal og norðar voru það hinir bröttu og grasi-vöxnú hólar og ásar, sem ég einna bezt man eftir, og virtist mér sem engum vélum yrði komið við utan í þeim. Uppi á hólakollunum sumum voru akurblettir, og einhversstaðar skammt þaðan, sem leið okkar lá, sá ég two eða þrjá kálfa eða vetrunga tjóðraða við staura utan í skógarjaðri nokkrum, og þótti mér það benda til takmarkaðs beitilands. Og nú var það að síðustu Niðaróssborg, sem tók athygli mína, og hinn glampandi Þrándheimsfjörður undir sólgylltum skýjum í vestri.

Allt að tólf stundir munum við hafa setið í lestarklefanum, og þó ekki alveg hvíldarlaust eða án þess að koma út stöku sinnum, og vorum við því þreyttir orðnir, þegar til Niðaróss kom. Var það því okkar fyrsta verk þar að fá gististað, sem við líka fengum í stærsta timburhúsi Noregs, að mér var sagt. Sváfum við þar vel, því að þarna var kyrrlátt umhverfi. Og nú var runninn upp hinn 27. ágúst með blíðviðri, svo að ekki var óalitlegt að litast um í borginni.

Niðarós, sem okkur var sagður hafa um hundrað þúsund íbúa, er viðkunnanleg borg, og fannst mér, að auðveldara mundi vera að rata um hana en Reykjavík. Veldur þar nokkru, að landið er mishæðóttara og gegnum borgina fellur áin Nið. Ennfremur er það til bóta í þessu efni, að nokkur hluti hennar stendur á eyju, sem tengd er meginlandinu með nokkrum brúm, og varð mér næri hverft við, er við eitt sinn stóðum við eina þeirra og hún þá reis upp frá miðju til beggja hliða til þess að hleypa skipi gegnum sundið.

Einn dag vorum við um kyrrt í Niðarósi og þó ekki kyrrir, því að við fórum viða um. Komum við þar meðal annars í dómkirkjuna, sem

byggð var á 12. og 13. öld, og flestir hinna fyrri biskupa íslenzkra voru vígðir í. Er hún stórsíði mikið, hundrað metra löng og fimmtíu metra breið með háum turnum, og er stíllinn víst aðallega gotneskur. Mikið er þar af líkneskjum úr steini og annað útflúr, og eru sum líkneskin falleg í líkingu við forngrískt eða norrænt fólk. Sá ég þau mest í ýmsum afkimum kirkjunnar, og rákumst við í einum slíkum afkima á eitt, sem bar mjög af öllum öðrum, svo að okkur birti fyrir sjónum. Var það stór gifsmýnd af hinum íslenzka Kristi Thorvaldssens, sem vitanlega er frá miklu seinni tíma en öll hin steinlíkneskin. Sýndist okkur eins og eitt hinna gömlu líkneskja benda á þennan íslenzka Krist sem boðbera ljóss og réttrar hugsunar. En táknrænt fannst okkur það og í samræmi við margt, sem ríkir, að á þessa Kristsmýnd vantaði hægri höndina. Hafði hún af einhverjum ástæðum brotnað af.

Einhverntíma dagsins brugðum við okkur norður á Hlaðir, sem Hákon jarl Sigurðsson var kenndur við, og er þangað frá Niðarósi aðeins fárra kílómetra vegur. Er þar að vísu ekkert að sjá til minja um þann merkilegamann, sem átti fyrir niðja hið fríðasta fólk í Noregi. „Eigi er þat logit af yðr frændum, hversu fríðir menn þér eru sýnum“, sagði Ólafur Haraldsson við Hákon Eiríksson þegar hinn fyrnlefndi hafði náð hinum síðarnefnda á vald sitt og átti kost á að láta taka hann af lífi. Virðist jafnvel, að hinn kaldrifjaði maður, sem Ólafur konungur sýnist stundum hafa verið, hafi kveinkað sér við að fremja þann verknað á svo fríðum manni, og fórst honum þar betur en nafna hans, Tryggvasyni, tuttugu árum áður, því að hann virðist hafa drepið Erlend Hákonarson mest vegna þess, hve forkunnar fríður hann var. En í ánni Nið var það, sem þeir áttust við, Ólafur Tryggvason og Íslendingur sá, sem einna mannvænlegastur var talinn allra landa sinna. Og fórst konungi þar betur. En verr mun nú sá árós vera fallinn til slíks kappleiks en þá vegna óhreininda, sem berast munu í ána frá borginni, og má þó vera, að hún haldi enn sumum fornnum einkennum. Pannig er hún enn einkennilega dökk á að líta, réttnefnd Svartá, og gat tengdasonur minn þess til, að heitið Nið hafi verið dregið af því. Samanber orðin niðdimmur og niðamyrkur.

Pann 28. ágúst, eftir að hafa gist tvær nætur í timburhótel Niðaróss, tókum við okkur enn nokkra ferð á hendur, og nú norður í Veradal. Var leiðin þangað um þriggja tíma akstur eða líklega um 140 kílómetrar, og lá hún með sjó fram. Byrjuðum við á því, þegar norðar kom, að útvega okkur gististað á Veradalseyri, sem er þorp nærri sjó, og héldum síðan gangandi til Stiklarstaða, sem eru um fjórum kílómetrum innar í dalnum. Veðrið var heitt, og lagði ég mig til svefns á grasivöxnum hól, mjög nærri því, sem hinn frægi Stiklarstaðabardagi fór fram sumarið 1030. Ekki man ég eftir því, að mig dreymdi þarna neitt, en um leið og ég vaknaði, sem var einungis af móki eða stuttum blundi, gerði ég mér ljósara en áður úr hvaða átt og hvaðan konungs-herinn sótti þarna fram, og var okkur síðar tjáð, að þar hefði ég haft rétt fyrir mér. Þegar við vorum á leiðinni frá Veradalseyri, væntum við þess víst, að kirkjan á Stiklarstöðum yrði það hús, sem mest bæri á. En það var lengi, að okkur tókst ekki að koma auga á hana, því að svo er hún þarna á lítt áberandi stað inni í skógarþykkninu, og bentí umsjónarmaður hennar okkur á það síðar, hvílkt vitni þetta væri um sannleiksgildi fornsögunnar. Í Heimskringlu segir frá því, að her konungs hafi í fyrstu verið staddir nokkru ofar en her bænda, og þaðan hafið snarpa sókn, sem vegna mikils liðsmunar fjaraði út, þegar niður á jafnsléttu var komið. Var það þar, sem leifar konungshersins slógu skjaldborg um konunginn, sem að síðustu gekk þá sjálfur fram í bardagann og veitti þá sumum andstæðingum sínum þung högg. En er höggið var á fót honum kastaði hann frá sér sverðinu og kneigðist upp að steini nokkrum, þar sem hann svo var veginn. Og þarna var það svo gegn þeirri ríkjandi venju að byggja kirkjur hátt og á áberandi stöðum, að kirkja þessi var byggð 120 árum síðar, og altarið látið koma utan um steininn, sem siðbótarmenn síðar, samkvæmt frásögu kirkjuvarðarins, fluttu út í Prándheimsfjörð og sökktu þar.

Pótt miklu muni á kirkju þessari og dómkirkjunni í Niðarósi, þá er þessi þó allvegleg. Sagði kirkjuvörðurinn, sem einnig var þarna söngstjóri, að hún rúmaði um sjö hundruð manns í sæti niðri og uppi. Og þó að veggir væru sléttir og engar steinlíkneskjur þar að sjá, þá voru þarna, og þó mest kringum altarið, ýmsar myndir málaðar á veggina,

og voru þær held ég allar eitthvað tilheyrandi því, sem þarna hafði gerzt. Man ég þar sérstaklega eftir einni mynd af Ólafi konungi föllnum, og var hann þar sýndur liggjandi þannig, að sá í andlit hans og iljar. Vakti söngstjórinn þar athygli okkar á því, sem hann sjálfur sagðist ekki skilja, að hvar sem staðið var við altarið, en í kringum það mátti ganga, þá fannst manni konungsmyndin horfa þangað.

Í Stiklarstaðakirkju munum við hafa dvalizt um two tíma, og var það mest vegna þess, hve rædinn söngstjórinn var og hve fróður hann virtist vera um hina fornu sögu. Mat hann, eins og ég held, að margir Norðmenn geri, Ólaf konung Haraldsson mikils, og var því ekki hrifinn af Gerplu H.K.L. Taldi hann Ólaf hafa verið mikilmenni, sem að vísu er ekki rangt, því að mikinn kjark, samfara vitsmunum, þurfti til að brjótast til ríkis í Noregi eins og hann gerði á tvítugsaldri. En um það, hversu góður maður hann hefði verið og heilladrjúgur norrænum málstað, ræddum við ekki, og skildum því í sátt og samlyndi við söngstjórann, sem ekkert gjald vildi taka af okkur fyrir ómak sitt. Sagði hann okkur njóta þess, að við værum Íslendingar, og mun slíkt ekki vera einsdæmi hjá Norðmönnum við slík tækifæri.

Pann 29. ágúst, eftir að hafa notið góðrar gistingar í hótelinu á Veradalseyri, varð okkur í fyrstu reikað eitthvað um þorpið. Datt mér þá í hug, að gaman væri að koma við á einhverjum bónabæ þar nærrí, sem við líka gerðum að tilvísan einhvers manns, sem við hittum. Var það stórbýli, sem við komum til, og hittist svo á, að bónindinn og kona hans voru þá að koma einhvers staðar að á bíl sínum. Tóku þau okkur vel, og ók hann þegar með okkur um landareign sína, sem heita mátti einn samfelldur akur og þó viðáttumikill. Voru þar kartöflu-, bygg- og hveitiakrar, en sums staðar tún og nokkur trjágróður, sem einkum mun hafa verið þar ræktaður til skjóls. Sagði bóndi, að uppskeran væri um fimm þúsund tunnur af kartöflum og þúsund tunnur af korni auk allmikils heys, sem hann seldi til grasmjölsframleiðslu, Skildist mér að þessi mikla kartöfluuppskera væri árviss, því að miklu minni hætta væri þar á næturarfrostum en sunnar í landinu. Einhverja laxveiði sagðist hann hafa í Veradalsá, en lax fengist þar einungis í net vegna þess, hve vatnið í ánni væri morað. Skildist mér,

að sá ótærleiki þess stafaði af því, hve jarðvegur væri þarna gljúpur og laus, og var það í samræmi við annað, sem hann sagði okkur einnig, að undirstöður vega væru þarna ótryggar og landspjöll yrðu stundum af vatnavöxtum. Minnir mig, að hann segði okkur dæmi um slíkt, sem orðið hefði fyrir löngu, og þá valdið miklu manntjóni.

Ugglauast hefir allt í búrekstri bónda þessa verið samkvæmt nýjustu tækni, og man ég að hann sýndi okkur blásturskerfi mikið til þess að þurrka kartöflur. Hins vegar var íbúðarhús hans gamalt orðið, 150 ára, eftir því sem hann sagði, og fremur kalt og óhaganlegt. Sagði hann að miklu meira myndi kosta að endurbæta það og laga samkvæmt nútíðarkröfum en að byggja annað nýtt. Pó var á honum að skilja, að hann myndi heldur taka hinn fyrri kost, því að á annan hátt taldi hann sig ekki geta varðveisst fortíðargildi þess. En hverjir svo sem ókostir þessa gamla húss kunna að hafa verið, þá var það allreisulegt að sjá, og í rúmgóða dagstofu var okkur boðið, þar sem okkur var borið kaffi að íslenzkum síð. Á veggjum stofunnar gaf að sjá myndir af ýmsum ættingjum þeirra hjóna, og á einum stað sá ég lítinn og snotran bókaskáp, og var þar meðal annarra bóka Heimskringla Snorra Sturlusonar.

Eitthvað kom það til tals, að við brygðum okkur norður á Mæri til að leita okkur heilla á þeim áshelga stað. En hvernig sem á því stóð, þá varð ekki af þeirri ferð. Og nú, þegar við snerum aftur á leið suður, tók heldur að þyngja í lofti og veður að gerast ðapurlegra en áður. Var, þegar til Niðaróss kom, komin rigningarsúld, og kom það nokkuð úr sömu átt og þessi spilling veðurfarsins, að nú var stóra gistihúsið svo alskipað, að þar var ekki næturkjól að fá. Var því ekki um annað að ræða en að halda áfram með næturlest alla leið til Óslóar, og hefði það mátt minna mig á aðra slíka næturferð, sem ég fór eitt sinn löngu áður, og þá um lengri veg. Var það leiðin frá Hamborg til Zürich, og var ég þá í fylgd með nafna mínum, Porsteini Jósepssyni.

Á leiðinni til Niðaróss frá Ósló, sem við fórum um dag og í björtu veðri, var eins og áður getur margt að sjá út um klefagluggann og þó einkum þaðan, sem stanzað var, og beindist athygin því ekki mikið

að samferðafólkinu. Þó man ég þar eftir konu nokkurri, sem ég veitti eftirtekt mest vegna þess, hve litla athygli hún virtist veita því, sem á leiðinni mátti sjá. Mókti hún oftast í sæti sínu, milli þess að hún gæddi sér á einhverju matarkyns, og hefir það víst fremur verið takmark ferðarinnar en ferðin sjálf, sem hún hefir haft hug á. En nú, þegar myrkrið var að leggjast yfir og illviðrið, svo að ekkert var úti að sjá, hlaut athyglín meira að beinast að samferðafólkinu. Og nú var það varla nema einn maður, sem þar kom til greina, ungar maður gull-brúnn á hár og skegg, með rýting við hlið og riffil í hönd. Veitti ég þessum manni eftirtekt þegar á járnbrautarstöðinni, þar sem hann var meðal margra annarra. Póttist ég undireins sjá, að ekki tilheyrði hann smáþjóð, eins og Norðmenn nú eru, og þó Íslendingar ennþá fremur, og ekki bera það lengur með sér sem þeir munu hafa gert á 10. öld. En það mun hafa verið eitthvað skylt því, sem Rómverjar báru með sér á dögum Sesars. Gat ég þess til, að maður þessi væri Englendingur og afkomandi norrænna víkinga, því að þótt hið enska ríki sé ekki lengur neitt Rómaveldi, þá kynni þó þar hjá sumu fólkis eitthvað að eima eftir af því, sem var fyrir hinum tvær Evrópustyrjaldir aldarinnar. Og þegar við svo komum í klefa þann sem tengdasonur minn hafði útvegað okkur, þá hittist svo skrítilega á, að maður þessi var þar fyrir, og varð hann því klefafélagi okkar alla leið. Komumst við þá að því, að hann var, eins og ég hafði getið til, Englendingur, og var á margan hátt gaman að kynnast honum. En merkilegast við hann var það, sem ástæða er til að setja í samband við áhrif útlits hans, að hann var samkvæmt sjálfs hans frásögn, gæddur hugboða eða spágáfu, en sú gáfa er það nú einmitt, sem svo mjög þyrfti á þjóðernislegu sjálfs-trausti að halda.

---

Eins og vikið var að í upphafi þessara þátta, þá var það naumast, að ég túmdi að fara þessa Noregsferð. Var ég því, stuttu áður en við lögðum af stað, að ákveða það með sjálfum mér að eyða ekki lengri tíma í hana en svo sem tveim vikum, og sýnir það ættlerahátt minn, því ekki hefði Egill eða aðrir forfeður fyrir niú eða tíu öldum hugsað þannig. En þegar af stað var komið, mun þessi smábón dahygga og

tveggja vikna ákvörðun hafa fokið út í veður og vind. Og þegar loks kom að þeim degi, sem við ákváðum að halda heimleiðis eftir sex vikna dvöl í Noregi og einum degi betur, þá var ég jafnvel tregur til að koma mér af stað. Hefði ég þá vel getað hugsað mér að dvelja þarna veturlangt eða lengur, og má af því ráða, hversu ég hafði unað mér. — Ég hefi stundum reynt það, hve afturdrægar vanrækslusyndir eru eða að hafa á vitundinni, að hafa á einhvern hátt leift af getu minni og hér var nú nokkuð sem mér fannst ég hafa vanrækt og þar af leiðandi ekki fært mér þessa dvöl í nyt eins og mátt hefði. Ég hafði vanrækt það nálega alveg að verða eitthvað norsktalandi, og var þar því á móta ómálga við burtförina og þegar ég kom. En þrátt fyrir þetta skildi þó ferðin eftir hjá mér þetta, sem hér hefir verið rakið, og meira til, og nú skal enn víkja að einhverju slíku fremur en hinu, sem ekki varð.

Fyrst eftir heimkomuna að norðan hafði ég fremur hægt um mig í Ósló. Íslendingur, sem langdvölum hafði verið í Noregi, sagði mér, eftir að ég kom heim, að fólkí væri gjarnt til að kvefast, sem ferðast hefði þá leið, sem við tengdasonur minn höfðum nú farið, og taldi hann orsökina vera ólíkt loftslag austan fjalls og vestan. Og þetta var nú einmitt það, sem mér reyndist. Eftir að suður kom, var ég nokkra daga slæmur af kvefi, þó að ekki væri það neitt alvarlegt, enda fór ég nú að taka mér alllangar göngur um suma hluta borgarinnar og út fyrir hana stundum. Fór ég jafnvel að festa nokkra tryggð við suma staði og götur, sem ég heimsótti nærrí daglega. Man ég bezt eftir Sognvegi, sem við bjuggum við og liggur frá suðri til norðurs, Norðbergsvegi, skemmtilegri götu vegna fjölbreytts landslags, og lá hún í austur, og Bröttuhlíðum, sem ekki er síður fjölbreytileg vegna bratta síns og hálfgerðs klungurs. Fyrir neðan þá götu var allviðáttumikil, grasivaxin sléttá, og sat ég þar stundum, því að hvarvetna á slíkum stöðum eru bekkir til að sitja á.

Norðvestur af heimkynni okkar og talsverðan spöl utan við borgina man ég sérstaklega eftir bjarkarlundi einum, sem heillaði mig. Voru það nokkrar bjarkir í þyrpingu, háar og beinvaxnar, sem báru laufgreinar sínar upp af mikilli tign. Fannst mér alltaf, þegar ég horfði á þennan bjarkarlund, að ég væri þar að horfa á draumsýn, sem ein-

hvern tíma hefði borið fyrir mig áður, og er heldur ekki óhugsanlegt, að svo hafi raunverulega verið. Einhver Norðmaður, sem verið hefði að virða fyrir sér þennan lund einhvern sunnudagsmorgun, getur vel hafa orðið mér draumgjafi, meðan ég svaf minn síðnæturblund heima á Íslandi, og þykir mér þó hitt líklegra, að sú draumsýn míni hafi verið lengra að komin, sem þessi bjarkalundur minnti mig á.

Og ein var sú hæð í norðaustri, nokkuð langt frá heimkynni mínu, sem ég horfði gjarnan til, þegar sól fór til vesturs, því að þá roðnaði hæð þessi svo fagurlega. En þó var það ekki nema í eitt skipti, að ég gekk þangað alla leið, og skrifaði ég þá þetta í dagbók mína:

„Ég sit hér á brattri brekkubrún á móti austri. En þar fyrir neðan mig í nokkuð kröppum dal, Mariúdal, eru nokkur stórhýsi. Gegnt mér blasir við brött hlíð móti vestri, og rís hún allmiklu herra en brekkubrúnin, þar sem ég sit. Í hlíð þessari sé ég mörg hús, og eru sum þeirra stór, en þar fyrir ofan er skógur, ýmist dökkgreint barr eða haustbleik lauftré. Efst er trjágróðurinn strjáll. Suðvestast er hlíð þessi mjög brött, og blasa þar við hamrar, og er þó sums staðar trjágróður. Þar fyrir neðan í dalbotninum sé ég bleikan akur og slegið tún. Upp af hlíð þessari er hæðarkollur lítt byggður, en þó sé ég allmikið stórhýsi bera þar við loft efst uppi, og veit ég ekki, hvers konar hús það er. Ekki sé ég þaðan sem ég sit, neinn veg liggja upp á hæð þessa. Og nú kemur til míni lítil stúlka, þangað sem ég sit, og horfir á mig dálítið forvitnislega. Hún fer ekki, og loks yrðir hún eitthvað á mig, verður þó lítið úr samtali. Ég segi henni, að ég eigi heima mjög langt í burtu, að ég sé Íslendingur og kunni illa að tala norsku. Loks kveð ég hana og sný heimleiðis.“

Einhversstaðar mun Jón biskup Vídalín hafa komið þannig að orði, að maðurinn sé hið ypparlegasta alls á jörðinni. Er það í samræmi við, að mest augnayndi alls þess, sem fyrir mig bar í Ósló, svo sem reyndar annarsstaðar, var æskan og bernskan. Tínum saman rápaði ég um götur, mest til þess að virða fyrir mér ungu stúlkurnar og þó ekki síður bernskuna, því að þar er fugurðin ferskust og bendir bezt til þess, sem verða mætti. Hygg ég, að listamaðurinn, Albert Thorvaldsen, hafi verið flestum eða öllum listamönnum skyggnari í

þessu efni, því að svo tær sýnist hin mannlega fugurð koma fram í mörgu því, sem ég hefi séð eftir hann. En hvað skyldi þá mega segja um hinn frægasta myndlistarmann Noregs, Vigeland, sem eins og Thorvaldsen og höggmyndasnillingar fornaldarinnar, fékkst einkum við hið mannlega útlit? Var það næstsíðasta dag okkar í Ósló, að við skoðuðum þennan fræga garð, sem við hann er kenndur, og sannarlega er líka hinn veglegasti. Og áhrifamikið þótti mér þar að koma, og hygg ég, að þar sé mikil saga einstaklinga og þjóðar skráð í stein. Niðurinn, sem þarna berst frá gosbrunnum og tilbúnum fossum, fannst mér leika undir í gamalli sögu, gömlum minningum, sumum ljúfum, en öðrum beizkum og sárum. Einni litilli lágmynd man ég þannig eftir, sem sérstaklega verkaði á mig á þennan veg, og ekki var þó annað en beinagrind einhvers einstæðings sem úti hafði orðið, og var hún fallin saman að nokkru og sameinuð umhverfi sínu.

Viðáttu garðs þessa er mikil og gat ég ekki vel gert mér grein fyrir takmörkum hennar. Er þar gróður mikill og fríður, tré og blóm, og eins og fyrr segir, streymandi vatn og tjarnir, þar sem ýmsar endur voru á sundi, en einungis einn svanur. Og rúnum sólarhring síðar en við vorum þarna, vorum við aftur komin á loft í flugvél, sem bar okkur heimleiðis gegnum myrkur og nótt.

## Eftirmáli bókarinnar

Eins og í fyrri bókum mínum líks efnis og þessi, er hér um að ræða stuðningsviðleitni við Nýalskenningar Helga Pjeturss, og leyfi ég mér vegna þeirra að nefna bókina svo sem ég geri. Hefir tómlæti hins ríkjandi menntavalds gagnvart þeim kenningum aldrei megnad að gera mig ósjáandi á þá lausn, sem uppgötvun lífsambandsins á milli stjarnanna raunverulega er. En varðandi bókarheitið má einnig geta þess, að það er frá eigin lausn á gátu, sem segir í fyrstu ritgerð hennar. Tókst mér þar sjálfum að greiða úr því, sem mér í bili fannst vera ósættanlegleiki, og kemur mér vitanlega ekki til hugar, að ég hafi þar uppgötvað nokkuð, sem áður hefði ekki verið kunnugt. En þrátt fyrir það er nafn ritgerðarinnar, þar sem ég segi frá þessu, alveg réttnefni.

Pegar einhverju verki hefir verið lokið eða staldrað er við með það í huga, að ekki verði lengra haldið, þá munu löngum vakna spurningar um, hvort ekki hafi þar eithvað verið vangert. Og hafi ég hér hvergi tekið það nógu ljóslega fram, hvað ég tel vera aðalatriði tilveruskilnings míns, þá skal hér reynt að gera það. Meginatriði er þar, að öll tilvera sé einstaklingstilvera jafnframt því að vera sambandstilvera. Hvað eitt er til orðið fyrir samband við annað, og hlýtur þá að liggja ljóst fyrir, að heimurinn sé óendanlegur bæði í tíma og rúmi. Óendanleikinn er einmitt frumorsök alls. Og framstreymi tilverunnar verður af því, að hún bætir æ við sig af sögu sinni.

Petta vildi ég hafa nógu ljóslega borið fram í þessari bók minni og þá einnig það, að dulrænan eigi að víkja. . . . Pað er líklega, að ég hafi lagt augun aftur á meðan, „sagði gáfaður og mætur kennimaður, þegar ég spurði hann um „skyggni“ hans á „árur“ manna, sem ég hafði heyrт sagt, að hann hefði verið gæddur. Sagði hann þetta þó ekki fyrr en ég hafði haft orð á því við hann, að „skyggnt“ fólk sjái þrátt fyrir það að hafa lokað augum sínum. Segi ég hér frá þessu til viðbótar því, sem sagt er í ritgerð minni um „fróðlega bók varðandi árur og skyggni“, en þar þykir mér sem réttara væri að nota orðið

skyn. Og nú kemur mér í hug „Fróðleg saga af svonefndum draug“, eins og stendur á einum stað í Pónýal. En samkvæmt skilningi mínum á svipabirtingum og skyggni þykir mér sem þar geti ekki hafa verið um að ræða svip látins manns, og vildi ég ekki láta þess arna ógetið.


En svo að ég víki hér aftur að sjálfrí bókinni, sem ég hér í upphafi var að tala um, þá er þess að geta, að efni hennar er ritgerðir eða slitur úr ritgerðum sömdum af mér á síðastliðnum þrjátíu árum. Er þeim hér að miklu leyti raðað samkvæmt aldri, en þó stundum meir þannig, að stuðningur hvers eins við annað komi betur í ljós. Er það einkum vegna þess, að ég læt lengstu ritgerðina, þætti úr Noregsferð, koma seinast. En hún er af eðlilegum ástæðum lítt tengd öðru efni bókarinnar.

Eins og við er að búast hjá sérvitringi, þá er í þessu ritgerðasafni ýmislegt hjáráða því, sem mest er jafnan til umræðu manna á milli, og kynni því ýmsum við lauslegan lestur að sýnast hér mjög vera staglazt á hinu sama. Kemur þar til greina það, sem kunnur maður hafði einhvern tíma orð á, að í hópi fólks af framandi manntegund sýnist nálegra allir vera eins, þó að svo sé vitanlega ekki í raun. Mun slíkt vera af samskonar ástæðu og það, að ættarsvipur manna er auðsæjastur við fyrstu sýn. Hefi ég hér til að forðast raunverulegar endurtekningar, fellt niður sumt úr ritgerðunum og þá stundum endursamið sumt. Hinsvegar er það um endurtekningar að segja eða bergmálun, að hjá slíku verður aldrei komið. Pað sem sagt er í dag, hlýtur ævinlega að vera talsvert líkt því, sem sagt var í gær, og er slíkt nauðsynlegt, svo að tengslin haldist.

Fyrir löngu varð til hjá mér vísa, sem reyndar var hluti úr kvæði, og er hún upphaf þess lífsskilnings míns, sem ég ekki hefi horfið frá síðan og víða kemur fram í bók þessari. Fannst mér líka um leið og vísan varð til, að þar hefði ég hitt á hið rétta. Vísan er svona:

Hvert líf, það er minning, sem minnist  
og mænir í gleymskunnar höfn.  
En sérhvert þess óminnisyndi,  
það eykur þess minningasöfn.

En hvers vegna er ég að rifja þetta upp í eftirmála bókar þessarar? Ekki er bókin minning, sem minnist á sama hátt og lifandi einstaklingur gerir það. Hún á fyrir sér að ónýtast án þeirrar endurnýjunar, sem einungis getur orðið hlutskipti lifandans. En þó gæti einnig þar átt sér stað nokkurt framhald og aukning. Rétt hugsun, sem í fljótu bragði kann að virðast smávægileg, getur haft í sér möguleika til að verða eins og minning, sem minnist, eins og líf einstaklings, sem bætir við sig af sögu sinni. Hún getur leitt til enn annarra athugana og aukins skilnings. Og nú lýk ég máli mínu með þeirri ósk, að lesendur mínir, ef einhverjur verða, finni þar eitthvað til að bæta við og leiðréttu, því að þannig mætti bókin verða sem lifandi einstaklingur á framfaraleið.



Porsteinn Jónsson er 88 ára að aldri og hefur búið nær allan sinn aldur á Úlfsstöðum í Borgarfirði. Hann er nýhættur búskap, en býr enn að Úlfsstöðum ásamt konu sinni, Áslaugu Steinsdóttur. Samhliða búskap hefur hann fengið við ritstörf og ljóðagerð. "Lausn Gátunnar" er fimmtra bók Porsteins; safn ritgerða og smágreina sem birzt hafa í blöðum og tímaritum á undanförnum 30 árum. Porsteinn hefur um langt árabil reynt að vekja menn til umhugsunar um Nýalskenningar Helga Pjeturss og ritar mjög í anda þeirra. Einnig víkur hann að eigin hugsunum og athugunum varðandi þróun lífsins, eðli skyggnigáfu, íslenzkar fornþómenntir og ýmislegt annað.

Í inngangsritgerð bókarinnar segir Porsteinn svo:

*"...Og ef svara skyldi spurningunni um það, hvort nokkru sinni hafi verið sýnt fram á möguleika til þess, að láttinn maður geti komið fram á annarri jörð, þá er óhætt að segja, að það hafi verið gert. Hugsanlegur möguleiki til þess varð ljós um leið og lífsgeislanin á milli stjarnanna var fundin, en það var af íslenzkum manni gert, þótt enn hafi ekki verið á það fallizt, nema af fáum. Má segja, að þá hafi lausn gátunnar verið fundin, lausn gátunnar um, hvaðan lífið sé hingað komið, hvad það í rauninni sé og hvort lífendurnir hverfi þegar sögu þeirra lýkur hér. Má um þetta fræðast í Nýöllum Helga Pjeturss, og er bókin, sem ritgerð þessi er inngangur að, enn ein tilraun höfundar hennar til að vekja þar á athygli."*



**HÖRPUÚTGÁFAN**

STEKKJARHOLT 8-10 - 300 AKRANES